

**BJÖRG ÞÓRHALLSDÓTTIR**

*Ber fram rómantíska sumarbombu*

• matur • tilboð

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**ÓMAR RAGNARSSON**

*Verður fremstur í Gleðigöngunni*

Mætir aftur á gula Fíatnum

**FÓLK 46**







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. ágúst 2007 — 214. tölublað — 7. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Gauragangur á hvíta tjaldið

Ottó Geir Borg og Gunnar Björn Guðmundsson hafa fengið styrk til að gera handrit eftir hinni klassísku unglingabók Ólafs Hauks Símonarsonar.



**FÓLK 46**

### Enn af skatti

„Þegar helmingur launþega telur sig skattfrjálsan, freistast hann til að þyngja skattbyrðina á hinum," skrifar Hannes Hólmsteinn.

**Í DAG 22**

### Ástir í enska boltanum



Leiklistarnemendur frumsýndu leikverkið Heteróhetjur á dögunum, sem helgað er hinum heillandi heimi ensku knattspyrnunnar.

**MENNING 28**

**DRAGDROTTNINGIN BLÆR**

*Sigraði í þriðju tilraun*




**sirkus**

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA VÆTA -** Í dag verður hæg austlæg átt og víða rigning eða skúrir. Dregur úr úrkomu þegar líður á daginn. Úrkomulítið í kvöld. Hiti 12-20 stig, hlýjast norðaustan til.

# Loftvarnir á Íslandi aðeins hægt að nýta á friðartímum

**Á hættutímum myndu bandarísk stjórnvöld líklega frekar treysta á eigin ratsjárflugvélar en íslenskt ratsjárkerfi, segir formaður utanríkismálanefndar. Skortir umræðu um varnarmál segir formaður Vinstri grænna.**

**ÞJÓÐARÖRYGGI** Á hættutímum er mjög líklegt að bandarísk stjórnvöld myndu treysta á eigin ratsjárflugvélar frekar en íslenska loftvarnakerfið, þyrfti að grípa til aðgerða hér við land, segir Bjarni Benediktsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis.

Eins og Fréttablaðið upplýsti á dögunum verður íslenska loftvarnakerfið notað til vara á heræfingu sem hefst eftir helgina, en ratsjárflugvélar munu stýra loftvarnaþætti æfingarinnar. Stefnt er að því að nota kerfið á öðrum æfingum, fyrirkomulag verði líklega annað á hættutímum.

„Á hættutímum er mjög líklegt að Bandaríkjamenn myndu vilja treysta á AWACS-vélarnar sínar, og það er ekkert endilega víst að það myndi reyna á eða verða þörf fyrir skilaboðin sem ratsjárkerfi okkar [...] getur skilað af sér. En það er kannski fyrst og fremst verið að horfa til þess að það gæti verið þörf fyrir ratsjárnar á friðartímum," segir Bjarni.

Hann segir að Íslendingar standi nú frammi fyrir því að ákveða hversu miklu verði kostað til loftvarnakerfisins, og hversu mikilvægt það sé fyrir varnir og öryggi landsins að fylgjast með umferð í lofthelginni á friðartímum.

Utanríkismálanefnd fundaði í gær og ræddi meðal annars málefni Ratsjárstofnunar, sem rekur loftvarnakerfið. Bjarni sagði eftir fundinn að ýmsar spurningar vöknuðu vegna yfirtöku Íslendinga á loftvarnakerfinu. Til dæmis mætti spyrja til hvers Ísland ættu að halda úti ratsjárstöðvum sem fylgdust með óvinveittum flugvélum sem ekki létu vita af sér. Umræða þyrfti að fara fram um þau mál.

Fundurinn í utanríkismálanefnd var haldinn að beiðni Steingríms J. Sigfússonar, formanns Vinstri grænna. Hann sagði fundinn hafa verið gagnlegan.

„Ég tel að þessi mál séu að þróast í mjög óhuggulegan farveg. Þau eru að taka stefnu í ákveðna átt og setjast í farveg. Það jafngildir í reynd ákvörðun, sem jafngildir í reynd stefnumótun, þó um það sé aldrei talað. Mér sýnist að það skorti grundvallarumræðu, greiningu og athuganir á þessum málum á sjálfstæðum íslenskum forsendum," segir Steingrímur.

Hann gagnrýnir harðlega að stofnað sé til mikilla fjárútláta án þess að heimildir séu á fjárlögum. Dæmi um kostnað sé rekstur á ratsjárkerfum, og þátttaka í heræfingum. Einnig falli kostnaður á lögreglu og Landhelgisgæslu vegna þátttöku í æfingum.

„Væri ekki nær að nota þessa fjármuni í aðra hluti? Það myndi tryggja betur öryggi og velferð Íslendinga að efla björgunarsveitirnar, almannavarnir, Landhelgisgæsluna, almenna lögreglu og fleira," segir Steingrímur. **- bj**



**SALOME ER HEIÐURSBORGARI** Salome Þorkelsdóttir var gerð að heiðursborgara Mosfellsbæjar í gær á tuttugu ára afmæli bæjarins. Bæjarbúar fjölmenntu í afmælisveislu í Listasal Mosfellsbæjar í Kjarna þar sem meðal annars var opnuð sýning á ljósmyndum úr bæjarlífinu. Salome tók sér tíma til að skoða myndirnar sem eru hluti af sögu bæjarins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mosfellsbær tvítugur:

## Bærinn er að fullorðnast

**AFMÆLI** „Þetta var frábær afmælisdagur," segir Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri í Mosfellsbæ, en í gær var haldið upp á tuttugu ára afmæli bæjarins, sem fékk kaupstaðarréttindi 9. ágúst árið 1987.

Mikið var um dýrðir í bænum í gær og bæjarbúar fjölmenntu í hátíðarhöldin. Á sérstökum hátíðarfundi í bæjarstjórn var ákveðið að gera Salome Þorkelsdóttur, fyrrverandi alþingismann, að heiðursborgara Mosfellsbæjar auk þess sem ákveðið var að hefja undirbúning við gerð útivistar- og ævintýragarðs í bænum.

„Bærinn er aðeins að fullorðnast og hann hefur dafnað vel á þessum árum," segir Ragnheiður og bætir við að bærinn eigi mikla framtíðarmöguleika eins og hver annar tvítugur einstaklingur. **- þo**

Alfreð Gíslason fékk grænt ljós hjá stjórn þýska liðsins Gummersbach:

## Alfreð þjálfar landsliðið áfram

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason mun áfram þjálfa handboltalandslið karla fram yfir EM í Noregi sem fer fram í janúar á næsta ári. Stjórn þýska úrvalsdeildarliðsins Gummersbach, sem Alfreð þjálfar einnig, samþykkti að veita honum leyfi til þess á fundi í gær.

„Ég er búinn að taka þá ákvörðun með fjölskyldunni að taka eina keppni í viðbót. Það yrði erfitt fyrir HSÍ að finna nýjan mann núna sem og fyrir liðið að fá nýjan þjálfara á þessum tímapunkti," sagði Alfreð við Fréttablaðið í gær en íslenska þjóðin hefur beðið spennt eftir ákvörðun hans síðan 17. júní enda hefur landsliðið unnið hug og hjörtu þjóðarinnar undir stjórn Alfreðs.

Vilji þjóðarinnar var skýr en Vísir.is fékk ótrúleg viðbrögð við undirskriftalista þar sem Alfreð var hvattur til að halda áfram. Um fjórtán þúsund manns rituðu nafn sitt á listann.

„Svo ég sé alveg hreinskilinn þótti mér mjög vænt um þennan stuðning. Það hjálpaði eflaust mikið til að fólk kunni að meta það sem ég hef verið að gera," sagði Alfreð. **- hbg / esá /** **sjá síðu 38**










## SPURNING DAGSINS



*Geir Jón, eru þetta skakkar áherslur?*

„Þetta er að minnsta kosti ekki í lagi svona.“

Sektir fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna eru jafnan lægri en sektir fyrir alvarlegan ölvunarakstur. Geir Jón Þórisson er yfirlögregluþjónn.

Maður um fertugt dæmdur í árs óskilorðsbundið fangelsi fyrir vörslu barnakláms:

# Þyngsti barnaklámsdómurinn

**DÓMSMÁL** Tæplega fertugur karlmaður, Ragnar Már Sævarsson, var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdur í eins árs óskilorðsbundið fangelsi fyrir vörslu talsverðs magns barnakláms. Það er þyngsti dómur sem kveðinn hefur verið upp hérlendis fyrir þær sakir.

Ragnar var ákærður fyrir vörslu á sjö hreyfimyndum og 4.048 ljósmyndum sem sýndu börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Ákæran var þingfest í gær og dómur einnig kveðinn upp þar sem játning lá fyrir.

Ragnar hlóð efninu niður af vefnum og vistaði á tölvum og ferðaspilara. Lögregluyfirvöld á Íslandi hófu rannsókn á málinu eftir að ábending barst frá alþjóðalögreglunni Interpol í Þýskalandi.

Ragnar hefur áður hlotið dóma fyrir vörslu barnakláms og kynferðisbrot gegn drengjum. Brotaferill hans leiddi í þessu tilviki til þyngingar refsingarinnar.

Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari, sem sótti málið, segir þetta vera þyngsta dóm sem Íslendingur hefur hlotið fyrir vörslu barnakláms. „Ég held að ég geti fullyrt það,“ segir hún. Markvisst sé verið að taka harðar á mönnum sem verða uppvísir um slík brot. - sh



**BARNAKLÁM** Maðurinn hefur áður hlotið dóm fyrir vörslu barnakláms og kynferðisbrot gegn drengjum. Myndin er sviðsett.

Flugslys við Straumsvík:

# Nauðlentu í hrauninu

**SLYS** Flugmaður og farþegi hans sluppu svo til ómeiddir þegar lítil eins hreyfils flugvél nauðlenti í hrauninu skammt sunnan við Straumsvík í gærkvöld.

Flugmaðurinn hringdi sjálfur í neyðarlínuna og að sögn lögreglu komu mennirnir sér út úr vélinni af sjálfsdáðum. Þeir voru fluttir á slysadeild en meiðsli þeirra voru óveruleg.

Ekki er vitað um tildrög slyssins að svo stöddu en rannsóknarnefnd flugslysa var strax kölluð á vettvang. Vélin er kennsluflugvél af gerðinni sesna 152. - þo



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Orkunotkun hérlendis mun aukast mest á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Raforkunotkun landsmanna:

# Mun aukast um helming til 2030

**ORKUMÁL Raforkunotkun hér á landi mun aukast meira en áður hafði verið áætlað, samkvæmt nýrri orkuspá. Samkvæmt spánni mun almenn notkun aukast um 17 prósent fram til ársins 2015, og um 57 prósent til ársins 2030.**

**Mest mun raforkunotkunin aukast á höfuðborgarsvæðinu, að því er fram kemur í raforkuspá Orkustofnunar 2007-2030.**

**Aukningin verður meiri en áður hafði verið spáð þar sem reiknað er með meiri hagvexti til lengri tíma en áður. Einnig er reiknað með örari fólksfjölgun hér á landi en áður.** - bj

Króksmót á Sauðárkróki:

# Aldrei fleiri þátttakendur

**ÍÞRÓTTIR** Króksmót í knattspyrnu er haldið í tuttugasta sinn á Sauðárkróki í ár. Mótið er haldið fyrir fimmta, sjötta og sjöunda flokk drengja og stúlkna.

„Þetta verða í kringum 1.100 keppendur í ár,“ segir Skúli V. Jónsson, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Tindastóls. Það eru um helmingi fleiri en áður hafa tekið þátt. Liðin mæta á Sauðárkrók í dag og í kvöld, en mótið hefst á morgun. „Það verður spilað á tólf völlum allan laugardaginn, frá hálftíu til sjö annað kvöld. Svo hefst þetta aftur á sunnudagsmorgun og lýkur með úrslitaleikjum og verðlaunaafhendingu.“ - þeb

# Slóst um byssu við vopnaða ræningja

**Tveir unglingar reyndu að ræna íslenska þremenninga í New York með skammbyssu að vopni. Einn Íslendinganna, Einar Benediktsson, réðst á byssumanninn og náði af honum vopninu. Hann rétti honum það aftur og ræningjarnir flúðu.**

**RÁN** „Ég veit ekki hvað ég var að hugsa, en hann var að beina byssunni að okkur og ég greip í byssuna og reyndi að taka hana af honum,“ segir Einar Hjörvar Benediktsson, sem varð fyrir árás vopnaðra ræningja ásamt tveimur vinum sínum í Manhattan-hverfi í New York-borg aðfaranótt miðvikudags.

„Þeir voru æstir og öskruðu þetta oft, „láttu mig hafa peningana, láttu mig hafa helvítis peningana!“,“ segir Trausti Þorgeirsson, en hann og Magnús Heiðar Björnsson flugu frá Íslandi til að heimsækja Einar, sem vinnur hjá eignastýringafyrirtæki á Wall Street.

Kvöldið sem þeir lentu urðu þeir fyrir árásinni. „Við vorum að ganga í gegnum einhvern garð, þetta var kannski ekki í öruggasta hverfinu,“ segir Trausti. „Þá komu tveir blökkumenn, líklega um átján ára, og skipuðu okkur að láta sig hafa peninga.“

Annar unglinganna hélt á skammbyssu og otaði henni að Íslendingunum. Trausti segir að þeir hafi verið æstir og krafið þá um „helvítis peningana“ (e. the fucking money).



**MANHATTAN** Íslendingarnir voru á leið heim rétt eftir miðnætti þegar þeir urðu fyrir árásinni. NORDICPHOTOS/GETTY



**TRAUSTI ÞORGEIRSSON**



**EINAR BENEDIKTSSON**

„Maggi rétti þeim veskið sitt og sýndi að það var enginn peningur í því,“ segir Trausti. „Þá ætluðu þeir að fá veskið hjá Einari, en hann stökk á byssuna og þeir fóru að fljúgast á.“

Einar segist hafa verið pirraður. „Ég var alveg klár á að þetta væri platbyssa, en eftir á að hyggja held ég að þetta hafi verið alvöru byssa,“ segir hann.

Einar náði byssunni af ræningjanum. „Svo af einhverri ástæðu rétti ég honum byssuna til baka,“ segir Einar. „Ég sé dálítið eftir því. Ég held að hann hafi orðið hissa, haldið að ég væri alveg snargeðveikur, þannig að þeir hlupu burt.“

Ræningjarnir tóku byssuna með sér og ekki var hleypt af. Veski Magnúsar skildu þeir eftir. „Þetta var svo mikið adrenalínkikk, en svo varð ég skíthræddur, eftir á að hyggja,“ segir Einar.

Eftir að ræningjarnir voru flúnir héldu þremenningarnir áfram för sinni. Þeir tilkynntu lögreglu ekki um atvikið. „Það varð enginn skaði, þannig að það var óþarfi,“ segir Trausti.

Magnús og Trausti verða í New York í viku enn. Ferðin hefur verið róleg fyrir utan árásina og slæmt veður, að sögn Trausta. Þeir höfðu búist við sumarveðri.

steindor@frettabladid.is

Mótmæla stóriðjustefnu:

# Málningu slett á sendiráðið

**MÓTMÆLI** Skemmdir voru unnar á sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn í fyrrinótt. Málningu var slett á veggi og krotuð skilaboð þar sem þess er krafist að áliðnaðurinn láti Ísland í friði.

Sigurður Harðarson, einn talsmanna Saving Iceland, kveðst ekki vita hverjir þarna voru á ferð. „Þetta eru greinilega einhverjir sem eru ósáttir út í íslenska ríkið og stóriðjustefnu þess,“ segir Sigurður.

Nokkrir Danir voru handteknir hér á landi fyrr í sumar í mótmælaaðgerðum Saving Iceland. Sigurður segir að aðgerðirnar við sendiráðið kunni að tengjast því enda segir hann að Danirnir hafi verið ósáttir við aðgerðir íslenskra stjórnvalda en vegabréf voru tekin af þeim við handtökuna. - þo



Hvíslað á menningarnótt:

# Stefna á heimsmet í hvísli

**HÁTÍÐIR Setja á heimsmet í hvísluleik á menningarnótt. Núverandi heimsmet var sett í Kína á síðasta ári. Þá hvísluðu 1.082 einstaklingar orði sín á milli.**

**Hugmyndina að þessu eiga systkinin Örn Alexander og Diljá Ámundabörn og vonast þau til að sem flestir gestir menningarnætur taki þátt í leiknum.**

**Leikurinn fer fram í garði Listasafns Einars Jónssonar við Skólavörðuholt. Orðið fer af stað klukkan þrjú og vonast aðstandendur til að það berist á milli yfir 1.082 manna og heimsmetið verði slegið.** - aví


BÍLL DAGSINS

HYUNDAI TUCSON

Nýskr. 06.06 - Beinskiptur - Ekinn 18 þús. km.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020


Safna undirskriftum vegna aldurstakmarks á tjaldsvæðum bæjarins:

# Bæjarstjóri stendur við ákvörðun sína

**HÁTÍÐIR** „Viðbrögðin hafa verið frábær,“ segir Birgir Torfason, veitingamaður á Akureyri, en hann hefur hafið undirskriftasöfnun í kjölfar þess að ungmennum var meinaður aðgangur að tjaldsvæðum bæjarins um verslunarmannahelgina. Birgir krefst þess að meirihluti bæjarstjórnarinnar segi af sér.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær höfðu á þriðja hundrað einstaklingar skrifað undir áskorunina en Birgir hefur gengið með listana í hús auk þess að taka á móti undirskriftum í gegnum netið.

Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri á Akureyri, sendi frá sér yfirlýsingu í gærkvöld þar sem hún segist standa við ákvörðun sína um að takmarka aðgang ungmenna að tjaldsvæðum. Þar segir að ástandið sem skapast hafi í bænum undanfarnar verslunarmannahelgar varpi skugga á ímynd bæjarins og sú þróun hafi valdið bæjarbúum og bæjaryfirvöldum áhyggjum.



**TJALDSVÆÐIÐ VIÐ ÞÓRUNNARSTRÆTI** Oft hafa skapast vandræði á tjaldsvæðum bæjarins um verslunarmannahelgi vegna drykkju og óláta. Svo var ekki í ár.

Sigrún segir að ráðstafanirnar hafi borið árangur og fjöldi bæjarbúa hafi haft samband og lýst ánægju sinni með hvernig til tókst.

„Í fyrsta sinn í langan tíma var um sannkallaða fjölskylduhátíð að ræða,“ segir í tilkynningunni.

Þá segir Sigrún að Akureyringar þurfi að slíðra sverðin og ákveða hvernig beri að standa að fjölskylduhátíðum í bænum í framtíðinni. - þo

www.toyota.is

# Nýtt upphaf




## Auris - Nýtt upphaf. Ný Toyota.

Bíll er miklu meira en farartæki. Bíll er tákn um karakter, tákn um hvert þú ætlar þér, hvað þú stendur fyrir.

Toyota kynnir nýjan bíl, nýja tegund: Auris. Bíl sem er hannaður utan um þig og þína tilveru. Finndu hljóðláta snerpuna. Leyfðu honum að flytja þig þangað sem þú vilt. Leyfðu þér að skoða hann, reynsluaka. Þá stenstu ekki mátið.

Verð frá: 1.880.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 38567 08/07

## GENGIÐ 09.08.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,92 | 64,22 |
| Sterlingspund | 129,62 | 130,26 |
| Evra | 87,8 | 88,3 |
| Dönsk króna | 11,796 | 11,866 |
| Norsk króna | 11,047 | 11,113 |
| Sænsk króna | 9,470 | 9,526 |
| Japanskt jen | 0,537 | 0,5402 |
| SDR | 97,95 | 98,53 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

118,9688

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hugo Chavez lofar nokkrum ríkjum í Suður-Ameríku margs konar stuðningi:

# Vill minnka bandarísk áhrif

**ÚRÚGVÆ, AP** Hugo Chavez, forseti Venesúela, hefur heitið forsetum Argentínu og Úrúgvæ ýmiss konar stuðningi í heimsóknum sínum til landanna. Forsetinn vill auka áhrif Venesúela í álfunni og reyna að draga úr áhrifum Bandaríkjanna.

Chavez lofaði að kaupa argentínsk ríkisskuldabréf upp á rúma sextíu milljarða króna auk þess sem hann ætlar að aðstoða við að byggja 2,5 milljarða króna gasverksmiðju. Forsetinn sagði markmiðið með fjárstuðningnum að aðstoða ríkisstjórn Argentínu við að byggja upp efnahag landsins án þess að þurfa að reiða sig á Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF).



**HUGO CHAVEZ OG TABARE VAZQUEZ** Hugo Chavez vill auka áhrif Venesúela í Suður-Ameríku á kostnað Bandaríkjanna og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Chavez lofaði Tabare Vazquez, forseta Úrúgvæ, að hjálpa honum við að byggja fleiri olíuhreinsistöðvar í landinu og hét því að sjá honum fyrir olíu og gasi um ókomin ár.

Búist er við því að hann muni lofa forseta Ekvador, Rafael Correa, svipuðum stuðningi, meðal annars fjárstuðningi til að reisa olíuhreinsistöð.

Gagnrýnendur Chavez segja að verra sé fyrir lönd Suður-Ameríku að þurfa að reiða sig á stuðning hans en Bandaríkjanna og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins; hann sé margfalt umdeildari og hafi gerst sekur um valdníðslu. - ifv

15 ára drengur handtekinn:

# Sagður hafa myrt þrjá á skólalóð

**BANDARÍKIN, AP Lögregla í New Jersey hefur handtekið fimmtán ára dreng fyrir morð á þremur háskólanemum á skólalóð. Drengurinn var handtekinn á miðvikudagskvöld.**

**Fjórir vinir á aldrinum 18 til 20 ára voru skotnir á laugardagskvöld og segja yfirvöld rán hafa verið líklega ástæðu. Þrjú fórnarlambanna voru neydd til að krjúpa og tekin af lífi, en ein stúlka komst lífs af þrátt fyrir skotsár. Hún er á sjúkrahúsi.**

**New Jersey hefur verið þekkt fyrir ofbeldisfulla glæpi. Íbúar hafa safnað fé til að styðja fjölskyldur þeirra látnu. - sgj**

Hálfsársuppgjör 365 hf.:

# Dregur verulega úr tapi félagsins

**VIÐSKIPTI** 365 hf., útgáfufélag Fréttablaðsins, tapaði áttatíu milljónum króna á fyrri árshelmingi samanborið við 1.372 milljóna króna tap af áframhaldandi starfsemi á síðasta ári, þá undir merkjum Dagsbrúnar. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 413 milljónir og jókst um 247 prósent á milli ára.

Afkoma félagsins var neikvæð um 45 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi en þrjár greiningardeildir höfðu allar reiknað með hagnaði.

Tekjurnar námu um 5,5 milljörðum króna á fyrri hluta ársins sem var um 2,4 prósenta aukning. Ari Edwald, forstjóri 365, segir í tilkynningu að árangur félagsins hafi verið vel viðunandi á fyrri hluta ársins, til dæmis á fjölmiðlarekstrinum á öðrum ársfjórðungi. - eþa

## LEIÐRÉTTING

Í frétt um yfirheyrslu vegna sölu á Sky-áskriftarkortum í gær var rangt haft eftir Ólafi Helga Kjartanssyni, sýslumanni á Selfossi, að Þorsteinn Gunnarsson hefði verið yfirheyrður vegna málsins. Hið rétta er að Ólafur nefndi Þorstein aldrei á nafn, heldur staðfesti einungis að einn maður hefði verið yfirheyrður af lögreglunni á Selfossi vegna sölu á Sky-áskriftarkortum.

## ÁRÉTTING

Í tilefni af skrifum í dálkinum Frá degi til dags á miðvikudag vill Benedikt Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Kaupþings, árétta að hátíðahöld í tilefni af 25 ára afmæli bankans miðast við kennitölu bankans, sem vísar til 16. ágúst. Á heimasíðu Kaupþings segir að bankinn hafi verið stofnaður í febrúar 1982.

# Veðuröfgar og hitabylgjur æ algengari víða um heim

**Árið hefur hingað til einkennst af veðurofsa víðs vegar um heim. Hitabylgjur og sögulegt úrhelli hafa valdið dauða og eignatjóni. Alþjóðaveðurfræðistofnunin segir hlýnun jarðar ótvíræða og aðgerða þörf.**

**VEÐUR** Árið 2007 hefur einkennst af veðurofsa og sögulegum öfgum víðs vegar um heim. Þetta kemur fram í skýrslu Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar WMO.

Talið er líklegt að hitastig á landi í janúar og apríl hafi verið það hæsta síðan mælingar hófust árið 1880. Sum landsvæði hafa jafnframt orðið fyrir gríðarlegri úrkomu, sem hefur valdið mannskæðum flóðum.

Í skýrslunni kemur fram að öfgafull veðurfyrirbrigði hafi færst í aukana síðustu fimmtíu ár og spáð er að sú þróun muni halda áfram. WMO nefnir nokkur dæmi um slíkar öfgar í skýrslunni.

Fyrri hluta monsúntímabilsins á Indlandi hafa fjórar stórar lægðir valdið úrhelli og flóðum í Indlandi, Pakistan og Bangladess. Flóðin hafa valdið gríðarlegu manntjóni, fólksflótta og eyðileggingu ræktunarlands, búfjár og eigna.

Einn sterkasti hvirfilbylurinn sem mælst hefur í Arabíuhafi fór yfir Persaflóa í júní og olli dauða 50 manns í Íran og Óman. Þungar rigningar í Chile á sama tíma urðu yfir 120 manns að aldurtila.

Á Bretlandi var tímabilið frá maí til júlí það úrkomuþyngsta síðan mælingar hófust árið 1766. Sex fórust í flóðum og tjónið er talið vera yfir 300 milljarðar króna. Maímánuður var sá blautasti í Þýskalandi frá upphafi mælinga árið 1901, en apríl hins vegar var sá þurrasti frá upphafi.

Tvær hitabylgjur riðu yfir suðausturhluta Evrópu í sumar. Hitastigið varð 43 gráður í Búlgaríu í lok júlí og 32,9 gráður í Moskvu í maí.

Í skýrslunni er hlýnun jarðar sögð ótvíræð. Ellefu af síðustu tólf árum hafa verið meðal tólf hlýjustu ára í sögunni.

WMO ásamt veðurstofum 188 aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna vinnur að alþjóðlegu viðvörunarkerfi vegna veðuröfga. Auk þess er verið að fylgjast með áhrifum hlýnunar jarðar á viðkvæmustu löndin og hvernig hægt sé að bregðast við þeim. steindor@frettabladid.is



**Á KAFI UPP AÐ HÖKU** Fórnarlömb flóðanna í Bangladessh þiggja neyðaraðstoð. Flóðin hafa varað í tvær vikur með skelfilegum afleiðingum. NORDICPHOTOS/AFP

## EKKERT DÆMALAUST Á ÍSLANDI

„Það hefur verið mjög hlýtt hér á landi í nokkuð mörg ár, sérstaklega síðustu fimm ár, þau hafa verið óvenju hlý,“ segir Trausti Jónsson veðurfræðingur. „En þau eru samt veðurfarslega séð ekki miklu hlýrri en var í kringum 1940.“

Trausti segir að þótt hlýni á Íslandi hafi engin met fallið nýverið. „Það hefur ekkert dæmalaust gerst, þannig að maður bíður eftir einhverju sem fer umfram það sem mest hefur verið áður,“ segir Trausti. „Það hefur



**TRAUSTI JÓNSSON**

hlýnað í heiminum á undanförnum hundrað árum og með auknum hlýindum aukast líkur á hitabylgjum og úrkomu.“

Hann segir að árið í ár muni að öllum líkindum ekki koma til með að vera álitið tímamót.

„Þó að veðrið á heimsvísu sé kannski að breytast af mannavöldum, eins og margt bendir til, má ekki rugla því saman við staðbundin veðurfyrirbrigði og kenna hlýnun jarðar um,“ segir Trausti.




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HELGARHORFUR**

Það er margt að gerast um helgina. Hinsegin dagar, fiskidagar, uppskerudagar og hvað þetta nú allt heitir. Hann andar norðaustri um helgina með einhverri úrkomu norðan og austan til en þurrt verður að mestu sunnan til og vestan en ekki endilega mjög sólríkt veður. Á laugardag gæti þó rofað þokkalega til suðvestan til. Hlýjast verður á landinu suðvestanverðu en víðast verður milt.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Hæg austlæg átt og rigning lengst af í dag. Hiti 12-16 stig.

um hádegi »




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 24°C rigning | London | 24°C léttskýjað | Friedrichshafen | 18°C rigning |
| Billund | 26°C hálfskýjað | París | 22°C skúrir | Basel | 19°C rigning |
| Osló | 22°C rigning | Amsterdam | 20°C léttskýjað | Alicante | 28°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 24°C skúrir | Frankfurt | 24°C skúrir | Algarve | 26°C heiðskírt |
| Gautaborg | 24°C skúrir | Berlín | 25°C rigning | Las Palmas | 26°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Grillum saman

Kjöt & fisktorgið



**Svínakótilettur**
úr kjötborði

TILBOÐ **998** kr/kg
Verð áður 1.548,-

**Svínasnitsel**
úr kjötborði

TILBOÐ **998** kr/kg
Verð áður 1.399,-

Holta-kjúklingur



40% afsláttur við kassa

Fersk
**kjúklingalæri og leggir**

TILBOÐ **363** kr/kg
Merkt verð 605,-



30% afsláttur við kassa

**Nautalundir**
nýsjálenskar

TILBOÐ **2.729** kr/kg
Merkt verð 3.899,-

**New York Style**
– bagel chips




## Spennandi nýjungar

*í Hagkaupum*

EAS




**Ertu klár fyrir átökin framundan?**
- mikið úrval af EAS heilsubótarvörum



**Stirrings kokteilblöndur**
- vertu tilbúinn í partýið

Gildir til 12. ágúst eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að taka þátt í hinsegin dögum?*

| | |
|---|---|
| Já | 20% |
| Nei | 80% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að Ísland eigi að reka eigið loftvarnakerfi?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vísir

Bæjarstjóri Kópavogs segir að taka verði tillit til óska óánægðra íbúa á Kársnesi:

# Segir að mögulega verði hætt við hafnarstækkun

**SKIPULAGSMÁL** Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, segir vel koma til greina að hætta við áform um stækkun Kópavogshafnar, sem íbúar á Kársnesi hafa mótmælt hástöfum.

„Ef fólk vill ekki stækkun og er svona mikið á móti henni þá verðum við auðvitað að taka tillit til þess,“ segir Gunnar. „Athugasemdafrestur er til 21. ágúst og þegar hann er liðinn verður farið yfir málið og við tökum okkar ákvarðanir í beinu framhaldi af því.“

Deiliskipulag sem gerir ráð fyrir 105 íbúðum var samþykkt á umdeildum fundi bæjarstjórnar í fyrradag. Það var einn tíundi



GUNNAR I. BIRGISSON

þeirra breytinga sem til stendur að gera á Kársnesi. Íbúar fjölmenntu á fundinn og Arna Harðardóttir, formaður samtakanna Betri byggð á Kársnesi, lét í ljós vonbrigði sín með niðurstöðuna.

Spurður að því hvort til greina komi að ganga frekar að óskum þeirra íbúa Kársness sem mótmælt hafa breytingunum, segir Gunnar að skoðun meirihlutans sé „að fara eigi mjög varlega í þetta mál“. Rammaáætlunin um skipulagsbreytingarnar sem kynnt var í desember hafi verið sýn til langrar framtíðar og það sé ákvörðun hverrar bæjarstjórnar hvað verði ráðist í. „Það er enginn bundinn af þessu rammaskipulagi. Það hefur ekkert lagalegt gildi.“

Gunnar mun hitta fulltrúa Samtaka um betri byggð á Kársnesi á fundi í dag. **- sh**



**MÓTMÆLT Á KÁRSNESI** Sumir íbúar Kársness hafa gripið til þess að hengja mótmælaborða utan á hús sín vegna fyrirhugaðra skipulagsframkvæmda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Óþolinmóður maður:

# Skipti um kyn með eldhúshníf

**BRETLAND** Byggingaverktakinn Howard Shelley framkvæmdi heimatilbúna kynskiptiaðgerð á sjálfum sér eftir að hann komst að því að hann þyrfti að bíða í tvö ár til að komast í aðgerð.

Shelley, sem er 42 ára tveggja barna faðir, beið þar til eiginkonan hans fór úr húsi og framkvæmdi aðgerðina með eldhúshníf eftir leiðbeiningum sem hann fann á netinu. Að skurðaðgerðinni lokinni keyrði hann til læknis og var sendur á sjúkrahús.

Hann missti aðeins þrjá daga úr vinnu. **- sgj**

### DÓMSMÁL

## Hótuðu lögreglumönnum

Tvær ákærur voru þingfestar í Héraðsdómi Suðurlands í gær á hendur rúmlega tvítugum manni og hálffertugri konu fyrir ölvunarakstur og brot gegn valdstjórninni. Fólkið var hvort tveggja ölvað undir stýri. Þegar lögreglumenn stöðvuðu það veitti það þeim mótspyrnu og hafði í hótunum við þá.

### BANDARÍKIN

## Rændi biblíu úr bókasafni

23 ára kona sætir ákæru fyrir að ræna biblíu úr bókasafni í Cincinnati í Bandaríkjunum. Ekki fylgir sögunni hvort hún hafi lesið bókina góðu áður og verið kunnugt um sjöunda boðorðið, „Þú skalt ekki stela“. Þetta kom fram í The Cincinnati Enquirer.

# Hermann sá ekki um öryggismálin

**Hermann Jónasson forsætis- og dómsmálaráðherra sá ekki um málefni öryggisþjónustu á Íslandi í vinstri stjórninni árin 1956-1958. Guðmundur Í. Guðmundsson utanríkisráðherra sá um öryggisþjónustuna. Staða Hermanns var erfið.**

**STJÓRNMÁL** Framsóknarmaðurinn Hermann Jónasson, forsætis- og dómsmálaráðherra í vinstri stjórninni á árunum 1956 til 1958, virðist ekki hafa verið tengiliður ríkisstjórnarinnar við öryggisþjónustu á Íslandi í stjórninni. Þetta segir Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur. Dómsmálaráðherra hafði gegnt þessu hlutverki í ríkisstjórninni fram að því. „Þetta staðfestir að þegar vinstri stjórnin tók við völdum þá varð eðlisbreyting á samskiptum ríkisvaldsins við öryggisþjónustuna á Íslandi,“ segir Guðni.

Sagnfræðingurinn segir að hlutverk öryggisþjónustunnar hafi meðal annars verið að fylgjast með þeim sem voru framarlega í Sósíalistaflokknum og verkalýðsfélögunum, sem og öðrum sem þóttu grunsamlegir á einhvern hátt. Í vinstri stjórninni voru Framsóknar- og Alþýðuflokkurinn auk Alþýðubandalagsins. Guðni segir að vera Alþýðubandalagsins í stjórninni hafi gert stöðu Hermanns erfiða.



GUÐMUNDUR Í. GUÐMUNDSSON HERMANN JÓNASSON

Þetta kemur fram í minnisblaði sem Sigurjón Sigurðsson, lögreglustjóri í Reykjavík, skrifaði í janúar 1957. Vinstri stjórnin hafði þá verið við völd í um hálft ár. Í minnisblaðinu segir að lögreglustjórinn og utanríkisráðherrann Guðmundur Í. Guðmundsson, sem var í Alþýðuflokknum, hafi ákveðið í sameiningu að Guðmundur skyldi framvegis vera tengiliður ríkisstjórnarinnar við öryggisþjónustuna en ekki Hermann. „Guðmundur Í. hefur líklega metið það svo að Hermann gæti ekki verið með öryggisþjónustuna á sinni könnu innan ríkisstjórnarinnar því það gæti komið honum í vandræði. Hermann var auðvitað forsætisráðherra í vinstri stjórn og það kom ekki til greina fyrir hann að ræða öryggismálin við alþýðubandalagsmenn,“ segir Guðni.



**GUÐNI TH. JÓHANNESSON** Greindi frá því á fyrirlestri á norrænu sagnfræðingaþingi í gær að Hermann Jónassson, forsætis- og dómsmálaráðherra í vinstri stjórninni 1956 til 1958, hafi ekki verið tengiliður stjórnarinnar við öryggisþjónustuna á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Guðni segir að í minnisblaðinu komi fram að Guðmundur Í. hafi sagt við Sigurjón að hann þyrði ekki að ræða öryggismálin við Hermann og að lögreglustjórinn ætti heldur ekki að gera það. Guðmundur Í. undirstrikaði einnig að öryggisþjónustan ætti að halda áfram að vinna þau störf sem hún hafði unnið áður. „Formlega rétta leiðin var ekki farin í þetta skiptið, en það er skiljanlegt í pólitísku ljósi að Guðmundur og Sigurjón hafi farið þessa leið,“ segir Guðni.

Guðni segir að í skýrslu nefndar frá því í febrúar 2007, sem Alþingi skipaði til að skoða öryggismál Íslands á tímum kalda stríðsins, sé listi yfir heimildir um öryggisþjónustu á Íslandi. Þar komi fram að meðal þessara heimilda séu gögn frá lögreglunni í Reykjavík, meðal annars minnisblöð Sigurjóns Sigurðssonar lögreglustjóra frá árunum 1957 til 1959. „Ég bað um leyfi til að skoða þessi minnisblöð og komst þá að þessu,“ segir Guðni.

**ingifreyr@frettabladid.is**


512 5100 I SYN.IS I VERSLANIR VODAFONE

UPPFÆRÐU MYNDLYKILINN OG SJÁÐU SÝN 2

Veljið menu og sjálfvirka leit. Sláið inn pin-númerið 0000 og ýtið síðan á OK hnappinn. Myndlykillinn leitar þá sjálfur að stöðvunum. Ýtt er þrisvar sinnum á OK hnappinn og þá á myndlykillinn að hafa raðað upp sjónvarpsstöðvunum. Athugið að Sýn 2 er á rás númer 10.




HVAÐ ER SÍMINN?


Mikil fátækt í Asíu þrátt fyrir gífurlegan hagvöxt undanfarna áratugi:

# Helmingur fátækra brátt í Asíu

**FILIPPSEYJAR, AP** Fimmtán prósent Asíubúa, 600 milljónir manna, lifa á minna en 63 krónum daglega, sem jafngildir einum Bandaríkjadal.

Þróunarbanki Asíu (ADB) greindi frá þessu í gær við upphaf tveggja daga ráðstefnu á vegum Alþjóðlegu þróunarrannsóknarstofnunarinnar (IFPRI).

Þrátt fyrir gífurlegan hagvöxt undanfarna þrjá áratugi eru hungur og fátækt enn útbreidd í þessari fjögurra milljarða manna heimsálfu.

„Milljónum hefur verið hjálpað upp úr fátækt, en milljónir sitja enn eftir, sérstaklega í sveitahéruðum,“ sagði Joachim von Braun, forstöðumaður IFPRI.

Talið er að árið 2015 verði helmingur fátækra íbúa heimsins í Asíu og benda bestu spár til að þrír fjórðu muni búa í sveitahéruðum. Á sama tímabili er því spáð að Asía muni leggja til nærri helming af vergri landsframleiðslu í heiminum samkvæmt Þróunarbanka Asíu.

„Það er kaldhæðnislegt að ótrúlegur hagvöxtur Austur-Asíu, sem byggðist á miklum gróða úr landbúnaðargeiranum, er nú að stuðla að því að auka tekjuójöfnuð milli þeirra sem búa í borgum og þeirra sem búa í sveitum,“ sagði C. Lawrence Greenwood, aðstoðarforstjóri IFPRI.



**FÁTÆKT Í KÍNA** Gömul kona dregur vagn í borginni Jiujiang skammt frá Jangtse-fljótinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Setja þarf aukinn kraft í atvinnusköpun á landsbyggðinni sem er lykilatriði í að draga úr fátækt að sögn Braun sem segir leiðir til þess liggja í nýsköpun í tækni og stofnanaumhverfi. **- sdg**




**Námsmannaþjónusta Sparisjóðsins**

Við hjá Sparisjóðnum viljum vera í góðu sambandi við viðskiptavini okkar. Félagar í Námsmannaþjónustunni njóta persónulegrar þjónustu sem er sniðin að þörfum hvers og eins, auk góðra kjara og spennandi sértilboða. Við erum alltaf til í að ræða málin – ef sambandið er gott, gengur allt annað betur líka.

Skoðaðu málið betur á **www.spar.is** til þess að komast í gott samband!

SPARISJÓÐURINN
Námsmannaþjónusta

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvar verður Fiskidagurinn mikli haldin um helgina?*
2. *Hversu margar bílastæðaskífur voru í boði í fyrstu atrennu fyrir þá 1.400 visthæfu bíla sem aka um Reykjavík?*
3. *Hversu margir Íslendingar leika með liðum í ensku úrvalsdeildinni?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Bátur sökk við bryggju**

Bátur sökk við flotbryggjuna á Suðureyri í gærmorgun. Báturinn, Arún ÍS-103, er sautján ára færeyskur 5,5 brúttótonna handfærabátur. Leki kom að honum og reynt var að dæla upp úr honum án árangurs.

## SAMGÖNGUR

**Vegrið sett upp í Svínadal**

Gagnrýnt hefur verið að ekkert vegrið sé við veginn um Svínadal í Dalasýslu sem var opnaður í fyrra. Samkvæmt Vegagerðinni verður vegrið sett þar upp í þessum mánuði, efnið sé komið á staðinn en eftir eigi að staðsetja vegriðið nákvæmlega.

Meira en 360 manns hafa látið lífið í árásum í Pakistan á einum mánuði:

# Musharraf lýsir líklega yfir neyðarástandi

**PAKISTAN, AP** Ráðherra í ríkisstjórninni í Pakistan segir að Pervez Musharraf forseti muni hugsanlega lýsa yfir neyðarástandi í landinu á næstunni.

Nokkrum klukkustundum eftir að ráðherrann lét ummælin falla í gær sagði ráðamaður í flokki Musharrafs að forsetinn væri ekki að íhuga að lýsa yfir neyðarástandi í landinu. Óvíst er því hvað forsetinn mun gera en ljóst þykir að hann hefur velt möguleikanum fyrir sér. Hæstiréttur landsins getur neitað forsetanum að lýsa yfir neyðarástandi ef ekki eru forsendur fyrir því að mati réttarins.

Tariq Azim, aðstoðarráðherra upplýsingamála í ríkisstjórninni, sagði í gær að ástæðurnar fyrir því að neyðarástandi yrði kannski lýst yfir í Pakistan væru „innri og ytri ógnir“ og versnandi ástand í norðvesturhluta landsins, við landamærin að Afganistan.

Ef Musharraf lýsir yfir neyðarástandi í landinu mun vald hans aukast til muna. Forsetinn mun meðal annars skert ýmis mannréttindi borgaranna: ferða-, funda- og samviskufrelsi þeirra, sem og möguleika þeirra til að leita réttar síns fyrir dómstólum. Samkvæmt stjórnarskrá Pakistans getur forsetinn lýst yfir neyðarástandi ef öryggi ríkisins



**PERVEZ MUSHARRAF** Forsetinn er undir þrýstingi að ráðast gegn skæruliðum í Pakistan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

er ógnað að innan eða utan og ef ekki er hægt að tryggja öryggi borgaranna með hefðbundinni stjórn.

Musharraf, sem er bandamaður Bandaríkjastjórnar í stríðinu gegn hryðjuverkum, er undir þrýstingi frá Bandaríkjunum að ráðast gegn skæruliðum í landinu, en talið er að margir þeirra séu liðsmenn al-Kaída hryðjuverkasamtakanna. Meira en 360 manns hafa látið lífið í sjálfsmorðsárásum og átökum á milli pakistanska hersins og skæruliða á einum mánuði. Upphafið að þessari hrinu andláta var þegar herinn gerði innrás í Rauðu moskuna í Islamabad í síðasta mánuði þar sem rúmlega hundrað manns létu lífið. **- ifv**

Stúlka festist í leiktæki á róluvelli við Hjarðarhaga:

# Slökkviliðið mætti



**FESTIST Í GATI** Stúlkan skreið í gegnum neðra gatið. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

**ÓHAPP** Ellefu ára stúlku tókst að festa sig í leiktæki á róluvelli við Hjarðarhaga í Reykjavík í fyrrakvöld.

Leiktækið er plata með nokkrum misstórum götum sem hægt er að kasta boltum í gegnum. Stúlkan hafði troðið sér í gegnum eitt gatið og sat þar föst. Vinkonur hennar leituðu eftir aðstoð. Slökkviliðið kom á staðinn og sagaði bút úr plötunni til að losa stúlkuna. Hana sakaði ekki.

Að sögn varðstjóra hjá slökkviliðinu koma upp nokkur tilfelli sem þessi á ári. **- þo / sh**




**SÆSTRENGURINN** Hér má sjá hvar sæstrengur Hibernia Atlantic mun liggja til Íslands. Hann tengist sæstreng fyrirtækisins sem liggur yfir Atlantshafið frá Kanada til Bretlands. Þaðan liggur víðfeðmt ljósleiðaranet fyrirtækisins til fjölda borga í Ameríku og Evrópu. MYND/HIBERNIA ATLANTIC

# Ætla að leggja nýjan sæstreng

**Hibernia Atlantic ætlar að tengja Ísland við ljósleiðaranet sitt með nýjum sæstreng. Strengurinn verður lagður til viðbótar þeim sem ríkið hyggst leggja. Samkeppni er af hinu góða, segir samgönguráðherra.**

**SAMSKIPTI** Fyrirtækið Hibernia Atlantic hyggst leggja nýjan sæstreng til Íslands. Strengurinn á fyrst og fremst að sinna þörfum netþjónabúa og gagnaveitna sem vilja koma hingað til lands. Samkvæmt áætlunum fyrirtækisins á að taka hann í notkun næsta haust.

Tveir sæstrengir liggja nú til Íslands, CANTAT-3 sem tekinn var í notkun 1994, og FARICE-1 sem tekinn var í notkun 2004. Auk þess samþykkti ríkisstjórnin um síðustu áramót að undirbúa lagningu nýs sæstrengs milli Íslands og Evrópu, sem verður líklega tekinn í notkun í október eða nóvember á næsta ári. Tveir sæstrengir munu því verða lagðir á næsta ári til viðbótar við þá tvo sem nú eru fyrir.

Bjarni Þorvarðarson, forstjóri Hibernia Atlantic, segir lengi hafa verið skoðað hvort fýsilegt sé að tengja Ísland við ljósleiðaranet fyrirtækisins, sem nær til rúmlega fjörutíu borga í Ameríku og Evrópu. „Margir erlendir aðilar hafa komið að máli við okkur sem eru áhugasamir um að setja upp gagnaveitur hér á landi, sér í lagi vegna ódýrrar og hreinnar orku. Við teljum að það séu komnar forsendur fyrir því að nýr strengur standi undir sér.“

Kristján Möller samgönguráðherra fagnar framtaki Hibernia Atlantic, en segir að áform þeirra breyti engu um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um lagningu nýs sæstrengs á næsta ári. „Ef þetta verður til þess að auka samkeppni og lækka verð er það hið besta mál,“ segir hann.

„Ef menn telja sig geta gert þetta svona þá er það gott mál,“ segir Guðmundur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Farice hf., sem á og rekur FARICE-1 strenginn. Fyrirtækið vinnur nú að rannsóknum vegna lagningu nýja strengsins, sem gæti hlotið nafnið FARICE-2 eða EURICE, allt eftir því hvar hann kemur á land. „Við óttumst ekkert aukna samkeppni og höldum ótrauðir áfram að undirbúa lagningu okkar strengs.“

**salvar@frettabladid.is**







Hinsegin dagar í Reykjavík:

# Gleðiganga fær forgang

**SAMGÖNGUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu býst við miklum fjölda fólks í Gleðigöngu samkynhneigðra á laugardag. Verður lögregla því með nokkurn viðbúnað í miðborginni.

Gleðigangan fer frá Hlemmi niður að Arnarhóli og verður því lokað fyrir bílaumferð á Laugavegi, í Bankastræti og í Lækjargötu frá því snemma á laugardagsmorgun og fram eftir degi.



**GLEÐIGANGA** Hápunktur hinsegin daga er Gleðigangan, en hún hefst á Hlemmi klukkan tvö á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


NÝR X-TRAIL
STÆRRI EN HINIR
X-TRAIL
FRUMSÝNING UM HELGINA
Fullkomnasta fjórhjóladrif í heimi
150 hestafla dísilvél
6 gíra sjálfskipting
Nissan X-Trail SE sjálfskiptur
3.590.000 kr.
NISSAN
Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 / Sími 525 8000 / www.ih.is / Opið: laugardag og sunnudag frá 12 - 16.



**SORG Á GAZA-SVÆÐINU** Ættingjar syrgja 24 ára gamlan Palestínumann sem ísraelska lögreglan skaut þarsíðustu nótt. Rúmlega 5.000 manns hafa látið lífið í átökum síðan uppreisn Palestínumanna hófst árið 2000. NORDICPHOTOS/AFP

Íslensk erfðagreining birtir niðurstöður rannsóknar á flögnunargláku:

# Hafa fullskýrt erfðir sjúkdómsins

**HEILBRIGÐISMÁL** Vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar hafa fundið stökkbreytingar sem valda öllum tilfellum ákveðins gláku-afbrigðis. Vonast er til þess að niðurstöðurnar geti hraðað þróun á meðferð við gláku sem er algengur augnsjúkdómur.

Rannsóknin var unnin í samstarfi við Landspítalann, læknadeild Háskóla Íslands og Háskólann í Uppsölum. Vinna við rannsóknina hefur staðið yfir í tvö ár og voru niðurstöðurnar birtar í netútgáfu tímaritsins Science í gær.

Glákuafbrigðið sem hér um ræðir kallast flögnunargláka og kemur fram hjá einstaklingum sem eru með flögnunarheilkenni. Rannsóknin leiddi í ljós að allir sjúklingar með þessa gerð gláku hafa sömu afbrigði ákveðins erfðavísis. Í ljósi niðurstaðnanna má telja að erfðir sjúkdómsins séu fullskýrðar.

Í fréttatilkynningu frá Íslenskri erfðagreiningu er haft eftir Kára Stefánssyni, forstjóra fyrirtækisins, að vinna sé hafin við að nýta þessa nýju þekkingu til þess að þróa greiningarpróf og lyf.

Í kringum 10 til 20 prósent einstaklinga eldri en 60 ára hafa flögnunarheilkenni sem getur þróast yfir í flögnunargláku í um helmingi tilfella. Þessi tegund gláku er illvígari en önnur afbrigði sjúkdómsins og leiðir frekar til alvarlegrar sjónskerðingar eða blindu. **- þo**



**ÍSLENSK ERFÐAGREINING** Niðurstöðurnar þykja marka tímamót í rannsóknum á gláku.

Opinn veiðidagur í Alviðru:

# Góð veiði hefur verið í Alviðru

**LAXVEIÐI** Laugardaginn 11. ágúst verður opinn veiðidagur í Alviðru frá kl. 11 til 18. Hugmyndin er að gefa þeim sem ekki stunda stangveiði kost á að kynnast þessari iðju.

Ungir og aldnir eru hvattir til að mæta með stangirnar og reyna fyrir sér. Vanir veiðimenn frá Stangaveiðifélagi Reykjavíkur verða til leiðsagnar.

Góð veiði hefur verið í Alviðru að undanförnu. Sextán og hálfs punda flugulax fékkst þar í vikunni auk þess sem þrír tíu punda laxar veiddust á þrettán laxa degi. **- pal**



**LAY LOW** Söngkonan knáa var meðal þeirra sem fram komu á Grand rokki.

Baráttutónleikar á Grand rokki:

# Stígamót fengu 100 þúsund

**STYRKIR** Hundrað þúsund krónur söfnuðust til styrktar Stígamótum á baráttutónleikum gegn kynbundnu ofbeldi sem voru haldnir 1. ágúst. Það voru Karlahópur Femínistafélagsins, Jafningjafræðslan og V-dags samtökin sem efndu til tónleikanna en frítt var inn á staðinn. Upphæðin safnaðist þó með frjálsum framlögum frá örlátum gestum sem greinilega fögnuðu framtakinu.

„Við erum mjög sátt við þessa upphæð og líka ofsalega ánægð með kvöldið. Það var fullt út úr dyrum og færri komust að en vildu. Allir gáfu vinnu sína og það reyndist okkur mjög auðvelt að fá tónlistarmenn til samstarfs,“ segir Arnar Gíslason, einn af talsmönnum Karlahópsins. **- bor**

# Selur verkfærin til að geta borgað Lettunum launin

**Verktakinn sem ekki gat greitt lettneskum starfsmönnum sínum laun um mánaðamótin segist nú gera allt sitt til að koma til móts við þá. Sjálfur á hann ekki fyrir húsaleigu. Segir gjaldþrot ekki liggja fyrir.**

**VINNUMARKAÐUR** „Þetta endar ekki eins illa og það leit út fyrir. Ég vil gera allt sem ég get til að bjarga þessu. Við erum allir að vinna saman í þessu og erum að reyna að búa til pening,“ segir Steinar H. Kristinsson, eigandi og framkvæmdastjóri verktakafyrirtækisins Stokka.

Steinar ætlar að leggja inn auglýsingu í Fréttablaðið á næstu dögum til að selja verkfæri fyrirtækisins svo hann geti greitt þeim launin. Það sé fljótlegasta leiðin til að koma mönnunum til aðstoðar.

Steinar segir engan sinna manna vera á götunni, enda hafi hann gengið í að framlengja húsaleigusamninga og fleira.

Hann hafi rætt málin vandlega við starfsmennina og í ljós hafi komið að slagsmál hans við verkstjórann hafi líklega sprottið af misskilningi. Haralds verkstjóri hafi ekki vitað að Steinar sjálfur væri að bíða eftir greiðslu.

„Ég hef sjálfur ekki getað greitt mína eigin leigu og er upp á náð skyldmenna kominn,“ segir Steinar.

Nú sé áríðandi að komast að samkomulagi við eiganda hótels Arnarhvols og verktakafyrirtækið ANS um reikninga fyrir unnin störf. „Það er smá karp um aukatíma sem tæknifræðingur er að fara yfir. Það ber nokkuð í milli og gæti tekið nokkra daga,“ segir Steinar. „En þegar það fæst greitt þá get ég auðvitað greitt launin og alla skatta.

Hins vegar, segir Steinar, hefur gengið erfiðlega að ná í yfirverktakann ANS síðustu daga, en greiðslan til Stokka kæmi frá því fyrirtæki.

Lettnesku mennirnir geta ekki fengið greiðslur úr Ábyrgðarsjóði launa nema Stokkar verði lýstir gjaldþrota. Steinar segir að gjaldþrot gæti tafið fyrir greiðslu frekar en hitt.

„Ég vil fá nokkra daga til að vita hvort ég geti bjargað þessu án þess að lýsa mig gjaldþrota. Það væri líka allt að þriggja mánaða ferli fyrir mennina að fá greiðslu þaðan [úr Ábyrgðarsjóðinum].“

klemens@frettabladid.is

**LETTNESKU STARFSMENNIRNIR** Atvinnurekandinn hefur rætt málin við mennina og segist nú gera allt sem hann geti til að bjarga þeim um launin. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



## TIL UPPRIFJUNAR

- Stokkar hafa starfað sem undirverktakar ANS við byggingu Hótels Arnarhvols.
- Eigandi Stokka lenti í slagsmálum við Haralds verkstjóra um mánaðamótin og kallaði til lögreglu. Verkstjórinn gisti fangageymslur.
- Verkalýðsfélög sjá um innheimtu vangoldinna launa en halda mönnum ekki uppi á meðan.
- Atvinnuleysisbætur fást ekki greiddar til manna sem hafa verið að störfum hjá félausu fyrirtæki.
- Ábyrgðarsjóður launa greiðir ekki laun nema til starfsmanna gjaldþrota fyrirtækja.
- Starfsmennirnir óttuðust sumir að missa húsnæði sitt, einn þeirra þurfti að sjá fyrir börnum sínum hér á landi.
- Um síðustu mánaðamót gátu Stokkar ekki greitt lettneskum starfsmönnum sínum laun.





ACER EIGENDUR!

VIÐ HÖFUM svar.) IÐ

OFFICIAL
ACER SERVICE CENTER

Við viljum minna þig á að Svar tækni er eini viðurkenndiþjónustuaðili Acer á Íslandi og veitum við alla þá þjónustu sem þú þarfnast fyrir þinn Acer tölvubúnað, óháð því hvar hann er keyptur. Tölvubúnaður sem keyptur er erlendis frá ber eins árs ábyrgð, sé hann keyptur frá söluaðilum sem ekki eru endursöluaðilar Svar tækni ber hann 2ja ára ábyrgð. Ef hann er keyptur af Svar tækni eða viðurkenndum endursöluaðilum þess ber hann 3ja ára ábyrgð. ***Það er því mikilvægt að velja réttan söluaðila!***

KVEÐJA,
STARFSFÓLK SVAR TÆKNI

*Stundum er lítil uppfærsla nóg til að gera gamla tölvu sprækari, kíktu til okkar og við sjáum hvað hægt er að gera til að fríska upp á gömlu Acer tölvuna þína.*

3 ÁRA ÁBYRGÐ

svar.) tækni

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000


SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNAR!!!
GARÐÁLFAR
VERÐ ÁÐUR FRÁ: 299,-
149,-
50% AFSLÁTTUR
BLÓMAPOTTASTANDUR
VERÐ ÁÐUR: 299,-
150,-
50% AFSLÁTTUR
KÖRFUBOLTAR
VERÐ ÁÐUR: 690,-
345,-
50% AFSLÁTTUR
SESSUR FYRIR GARÐHÚSGÖGN
VERÐ ÁÐUR FRÁ: 399,-
199,-
50% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR: 990,-
495,-
50% AFSLÁTTUR
FUGLABÖÐ
VERÐ ÁÐUR FRÁ: 990,-
495,-
50% AFSLÁTTUR
3 STK. BLÓMAPOTTAR
VERÐ ÁÐUR: 1.990,-
995,-
50% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR: 2.990,-
1.495,-
50% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR: 3.990,-
3.192,-
20% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR: 7.990,-
3.995,-
50% AFSLÁTTUR
KÖRFUBOLTASTANDUR
VERÐ ÁÐUR: 14.900,-
7.450,-
KÖRFUBOLTASPJALD
VERÐ ÁÐUR: 4.990,-
2.495,-
50% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR: 19.900,-
9.950,-
50% AFSLÁTTUR
70% AFSLÁTTUR
STÓLL: 5.990,-
1.797,-
BORÐ: 14.990
4.497,-
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
Smáratorgi 1
200 Kópavogi
510 7000
Póstkrafa
Smáratorgi 1
510 7020
Skeifunni 13
108 Reykjavík
568 7499
Glerártorg
600 Akureyri
463 3333
Póstkrafa
Glerártorg
463 3333



**UNGUR BASKI FAGNAR** Þessi ungi baski var klæddur að hætti landa sinna, með rauða húfu og rauðan klút um hálsinn, á síðasta degi Bayonne-hátíðarinnar, sem er árleg hátíð baska í Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eigandinn hafnaði tilboði Bjarna Ármannssonar í jörðina Hornið í Skorradal:

# Seldi frekar Indriðastöðum

**FASTEIGNIR** Indriðastaðir ehf. eiga nú í samningaviðræðum um kaup á jörð Ævars Ragnarssonar í Skorradalshreppi. Kaupverðið mun vera á bilinu 100 til 120 milljónir.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins bauð Bjarni Ármannsson, fyrrverandi bankastjóri Glitnis, töluvert hærri peningaupphæð í jörðina en Indriðastaðir, eða allt að 150 milljónir.

Ævar Ragnarsson segir þetta vel geta verið rétt, hann viti það hins vegar ekki sjálfur. „Þær tölur sem heyrast um alla sveit eru þó langt í frá réttar. Ég fæ frekar lítið fyrir jörðina."

Jón Sandholt, annar eigenda Indriðastaða, telur ekki að tilboð sitt hafi verið síðra en boð Bjarna. „Það getur verið að hann hafi boðið meira í peningum. Hins vegar er ákveðin aðferðafræði í þessu sem getur haft áhrif," segir hann, en vill ekki fara nánar út í þá sálma.

Ævar kannast ekki við að hann hafi tekið lægra boði frá sveitungum sínum en hann gat fengið frá Bjarna. „Nei, mér er alveg sama hver það er. Ég vildi bara selja einhverjum heiðarlegum manni. Heyrðu, ég er að elta hérna hross og bið bara að blessa þig," sagði Ævar svo og kvaddi.

Ekki náðist í Bjarna Ármannsson, sem er staddur erlendis. - kóþ



**INDRIÐASTAÐIR** Mikil framkvæmdagleði hefur einkennt Indriðastaði í áratugi. MYND/SVEINN STEINDÓRSSON

Hvalfjarðargöngin:

# Minni umferð um göngin

**SAMGÖNGUMÁL** 1.600 færri bílar fóru í gegnum Hvalfjarðargöngin um verslunarmannahelgina nú en sömu helgi í fyrra. Í fyrra fóru 39.000 bílar um göngin frá fimmtudegi til mánudags en nú voru þeir 37.400. Er það eðlilegt í ljósi þess að færri gestir voru á hátíðum á Akureyri og Siglufirði en í fyrra.

Umferð um Hvalfjarðargöngin hefur að öðru leyti aukist. Á heimasíðu Spalar kemur fram að í lok júlí hafi 1,6 milljónir bíla farið um göngin síðan í október í fyrra. Það er rúmlega níu prósenta aukning milli ára. - þeb

Varðhaldsúrskurður staðfestur:

# Ræningi áfram í gæsluvarðhaldi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um að framlengja skuli gæsluvarðhald yfir síbrotamanni um tvítugt. Héraðsdómur úrskurðaði manninn í varðhald til 28. september en Hæstiréttur stytti það til 12. sama mánaðar.

Mál hefur verið höfðað gegn honum fyrir vopnað rán, þjófnað og umferðarlagabrot.

Ránið framdi hann í lok maí, þegar hann réðst inn í verslun 10-11 við Dalveg í Kópavogi vopnaður stórum hníf og lét afgreiðslustúlku afhenda sér peninga og varning. - sh

Nýfundið hljómplötusafn Adolfs Hitler:

# Tónlist eftir gyðinga

**ÞÝSKALAND** Nýuppgötvað hljómplötusafn, sem sagt er hafa tilheyrt fyrrverandi leiðtoga Þýskalands, Adolf Hitler, bendir til að nasistaforinginn hafi verið hrifinn af tónlist eftir gyðinga.

Þó að Hitler hafi opinberlega talað illa um gyðinga og fyrirskipað fjöldamorð á þeim virðist sem honum hafi ekki mislíkað tónlist eftir þá. Einnig fundust þarna rússneskar plötur, en Hitler var einnig í nöp við Rússa.

Plöturnar fundust á heimili látins njósnara frá Sovétríkjunum. Hann mun hafa tekið plöturnar af skrifstofu Hitlers í Berlín að honum látnum. Þetta kom fram í New York Times. - sgj



**ADOLF HITLER**



**FLÓTTAFÓLK** Kólumbísk fjölskylda snæðir hádegisverð í flóttamannabúðum í höfuðborg landsins, Bogotá. Níu slíkar fjölskyldur koma til Íslands í ár. NORDICPHOTOS/AFP

Metþátttaka í flóttamannaverkefni Rauða krossins:

# Með stuðningsfjölskyldur á biðlista

**FLÓTTAMENN** „Við erum komin langt yfir markmiðið sem við settum okkur og fram úr björtustu vonum. Viðbrögðin eru frábær og í samræmi við það sem okkur hefur grunað, að það sé mikill áhugi á þessu í samfélaginu," segir Karen H. Theodórsdóttir, verkefnastjóri hjá Reykjavíkurdeild Rauða krossins.

Karen státar nú af biðlista sjálfboðaliða, eftir að um fimmtíu fjölskyldur gáfu kost á sér sem stuðningsfjölskyldur fyrir kólumbískt flóttafólk í ár.

„Það var umfjöllun í Fréttablaðinu og lítil frétt á RÚV og það þurfti ekki meira. Það varð allt kolvitlaust á símanum hjá okkur í tvo daga á eftir," segir Karen.

Í ár koma til landsins níu kólumbískar fjölskyldur og fær hver og ein fimm íslenskar stuðningsfjölskyldur til að aðstoða sig við að festa rætur í samfélaginu.

Umsækjendurnir fara fyrst í óformlegt viðtal hjá Rauða krossinum og Karen metur síðan í ljósi reynslu sinnar hverjir henta best í verkefnið. „En ég hef nú ekki þurft að hafna mörgum því þetta hafa verið alveg frábærir einstaklingar sem sækja um," segir hún. - kóþ








HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000, www.hekla.is, hekla@hekla.is

allt að 37% afsláttur

# SJÓNVÖRP

HÁFAR OG GUFUGLEYPAR

allt að 50% afsláttur

allt að 29% afsláttur

# ÞVOTTAVÉLAR

ÍSSKÁPAR

15% afsláttur

allt að 15% afsláttur

# HLJÓMTÆKI

allt að 70% afsláttur

SMÁTÆKI

allt að 46% afsláttur

# OFNAR HELLUBORÐ

# ÚTSALAN ER HAFIN!

ÚTSALAN ER HAFIN!

**RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF**

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

LG Life's Good

Polarbrauð rúgkökur eru upprunnar í Svíþjóð og hafa verið framleiddar þar í yfir 100 ár. Ljúffengar, hollar og afbragðsgóð næring.

Polarbrauð rúgkökur
149 KR.

Fitulitlar, trefjaríkar, mjúkar og góðar
RÚGKÖKUR
Léttristaðar fyrir neyslu

Dásamleg byrjun á degi!

EKKERT BRUÐL

Brún egg
357g nú:
182 KR.
Merkt verð 259KR.

30% afsláttur
við kassann

Íslandsgríss beikon
kílóverð nú:
1049 KR.
Merkt verð 1499KR.

30% afsláttur
við kassann

# –og áfram með

Allan daginn!

3x Kappi kakómjólk
KAKÓMJÓLK
98 KR.
3 saman

Ferskt pitsudeig – ferskt grillbrauðsdeig!

Bökum sjálf!

Ferskt pitsudeig
198 KR.
flatt á smjörpappír

Ferskt grilldeig
198 KR.
með uppskriftum

Pitsuostur
169 KR.
200g

Frosin lambalifur
kílóverð nú:
149 KR.
Merkt verð 299KR.

Frosin lambahjörtu
kílóverð nú:
149 KR.
Merkt verð 299KR.

50% afsláttur
við kassann

...fyrir góðan dag!

FROSIN KS SVIÐ
kílóverð nú:
279 KR.

50% afsláttur
við kassann

SÁLGAR Á SEKÚNDUM!

Flugnabani verð nú:
299 KR.
Fyrir lækkun 598KR.

Vistvænn bráðabani

HEILT KÍLÓ!
26 SNEIÐAR

Kílóbrauð!
98 KR.

2 LÍTRAR AF BÓNUSÍS

2 lítrar
195 KR.

Frosnar, franskar og frábærar andabringur

Frosnar og franskar andabringur
2598 KR.
kílóið

# Bónustilboðin!

...fyrir góðan dag!

3 pitsur í kassa - 300g hver!

3 Euroshopper pitsur
279 KR.
3x 300g

Sjáðu verðið!

93 KR. stykkið!

Bónussnakk
98 KR.
165g

Frosinn lambabógur
kílóverð nú:
489 KR.
Merkt verð 699 KR.

30% afsláttur
við kassann

Kartöflumús
129 KR.
220g

VINSÆLUSTU bjúgun í Bónus!

Kofareykt bjúgu
kílóverð nú:
303 KR.
Merkt verð 337 KR.

EKTA KARTÖFLUR

Bónus býður betur!

EKKERT BRUDL

Spagettí - 1 kíló!
49 KR.

Bónus nautahakk
kílóverð nú:
798 KR.

Innflutt ferskt nautahakk

PÓSTLISTINN
bonus.is

## „ORÐRÉTT“

### *Karlvæðing ráðhúss*

**„Það er nánast regla að þegar kona hættir er karl ráðinn í staðinn.“**

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR, BORGARFULLTRÚI VINSTRI GRÆNNA, TALAR UM RÁÐNINGASTEFNU MEIRIHLUTA BORGARSTJÓRNAR.
**Fréttablaðið, 9. ágúst.**

### *Skítapakk*

**„Það var hundur búinn að skila stórum skít á gangstéttina við innganginn í galleríið í fyrrakvöld.“**

LÓA GUÐJÓNSDÓTTIR GALLERÍEIGANDI ER ÓÁNÆGÐ MEÐ ÓÞEKKTAN HUNDAEIGANDA.
**Fréttablaðið, 9. ágúst.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HILMA GUNNARSDÓTTIR SAGNFRÆÐINGUR

## *Jómfrúarferð til Vestfjarða*



„Það er bara allt yndislegt að frétta af mér,“ segir Hilma Gunnarsdóttir sagnfræðingur. Hún segir sumarið hafa verið ljúft og gott og liðið hratt við leik og störf. „Ég sit þessa dagana við skriftir og skrifa sögu Styrktarfélags vangefinna sem senn fagnar 50 ára afmæli sínu. Það er mjög skemmtilegt verkefni og ég hef í gegnum það kynnst mörgu yndislegu fólki sem hefur frá ýmsu að segja. Svo er ég líka í hjáverkum að vinna að öðru æsispennandi verkefni sem er ennþá leyndarmál en tekur vonandi á sig skýra mynd innan tíðar.“

Um helgina heimsækir Hilma Vestfirði í fyrsta sinn. „Þangað er ég boðin í brúðkaup til mikils heiðurspars sem ætlar að játa ást sína frammi fyrir guði og mönnum á Súðavík. Svo stendur til að ég leggi land undir fót síðar í mánuðinum og heimsæki fjölskyldu mína norður í Aðaldal. Þar ætla ég að njóta lífsins, fara á hestbak og liggja í berjamó.“

Hilma segir annars seinni part sumars vera sinn uppáhaldsárstíma, þegar farið er að dimma en loftið ennþá dálítið hlýtt. „Ég hlakka líka mikið til vetrarins enda sagði rammgöldrótta spákonan sem ég fór til um daginn að hann yrði yndislegur í meira lagi. Ekki fer hún með fleipur.“

## ÞRIGGJA PUNKTA BELTI

### SÆNSKT HUGVIT AÐ VERKI



■ Svíinn Nils Bohlin fann upp þriggja punkta sætisbeltið fyrir bílaframleiðandann Volvo, sem setti það í framsæti allra bíla frá og með 1959. Hann fékk einkaleyfi á þriggja punkta beltinu í Bandaríkjunum og árið 1964 voru flestir bílar í Bandaríkjunum með belti í framsætum og í aftursætum frá og með 1968.

## SJÓNARHÓLL

### BÁGT GENGI KR



**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON**
Aðstoðarritstjóri Mannlífs

## *Deildin ekki söm án KR*

Karlalið KR í úrvalsdeildinni í knattspyrnu hefur verið heillum horfið í sumar. Liðið hefur ekki rétt úr kútnum þrátt fyrir þjálfaraskipti og fallið blasir við. Þórarinn Þórarinsson er KR-ingur frá blautu barnsbeini. „Sem KR-ingi finnst mér þetta vitaskuld hræðilegt og það svíður undan þessu þótt maður sé nú ýmsu vanur og þekki vel vonbrigði á vellinum eftir að hafa haldið með KR í rúm 30 ár. Ég er, eins og fleiri KR-ingar, búinn að fara í gegnum allan tilfinningaskalann í sumar. Fundið fyrir von og vonbrigðum á víxl. Verið reiður við liðið og fundið til með því en eftir 3-0 tap gegn Val er ég dofinn. Finn ekki neitt og ósjálfráð varnarviðbrögðin eru þau að nú er mér orðið nákvæmlega sama. Þeir eru bara ekki betri en þetta og þannig er það bara í fótboltanum að lélegri liðin eiga það frekar til að tapa en þau góðu. Tölfræðilega er KR samt ekki enn fallið og ég trúi því ekki enn að svo fari og held að deildin verði ekki söm án gamla stórveldisins.“

# Hlustað með eyrum heyrnarskertra

**Rannsóknir benda til þess að einn af hverjum sex Evrópubúum þjáist af einhvers konar heyrnarskerðingu. Vakning er að verða í þessum málum, að sögn Ellisifjar Katrínar Björnsdóttur heyrnarfræðings.**




**ELLISIF KATRÍN** Ellisif er einn þriggja einkaaðila í heyrnarmælingum á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

„Það að heyra illa hefur svo mikil og slæm áhrif á líf fólks. Maður þarf jú að heyra í fólkinu í kringum sig,“ segir Ellisif Katrín Björnsdóttir heyrnarfræðingur. Hún rekur fyrirtækið Heyrn ehf. í Hlíðarsmára í Kópavogi, sem veitir sérhæfða þjónustu til að bæta úr heyrnarskerðingu. Hún lærði heyrnarfræði í Gautaborgarháskóla og hefur hlotið löggildingu sænskra yfirvalda.

„Það hefur orðið vakning í því að heyrnartæki eru hjálpartæki, alveg eins og gleraugu. Heyrnarskerðing hrjáir heldur ekki bara eldra fólk,“ segir Ellisif. Hún segir fólk smám saman vera að gera sér grein fyrir mikilvægi góðrar heyrnar. „Það skiptir máli að byrja fyrr en seinna að vera með heyrnartæki. Með því að nota tækið virkjast heyrnarstöðvarnar og þannig hægist á hrörnun þeirra.“

Mikil þróun hefur átt sér stað í heyrnartækjum og hönnun þeirra undanfarin ár. Tækin í Heyrn eru öll af nýjustu gerð, frá fyrirtækinu ReSound. „Áður voru magnarar sem mögnuðu upp öll hljóð. Núna efla tækin heyrnina á eðlilegan hátt svo fólk bara gleymir því að það sé með það í eyranu.“

Ellisif segir að heyrnarskerðing sé ekki bara líkamleg, heldur einnig félagsleg. Ómeðhöndluð heyrnarskerðing geti jafnvel leitt af sér þunglyndi. Oft sé þó erfitt fyrir fólk að gera sér grein fyrir heyrn sinni sjálft. „Þess vegna er mikilvægt að fara í heyrnarmælingu og komast að raun um hvernig heyrnin er. Það þarf enga tilvísun til að láta mæla sig.

Svo er ekki nóg að fara í mælingu og fá heyrnartæki. Aðstandendurnir þurfa líka að vera með í þessu.“ Með nýstárlegum hugbúnaði er hægt að leyfa fólki að heyra tal eða tónlist með eyrum þess heyrnarskerta. „Þá er hægt að gera sér aðeins grein fyrir því hvernig þetta er. Þegar aðstandendur upplifa þetta sjálfir er skilningurinn miklu meiri.“

Íslendingar passa oft ekki nægilega vel upp á heyrn sína. Fólk sem starfar við tónlist eða í miklum hávaða þarf sérstaklega að passa þetta. „Við erum með heyrnartappa sem eru sérsmíðaðir í eyrun á hverjum og einum. Þeir dempa hávaða en tal og tónlist heyrist samt í gegn. Þetta er auðvitað mjög sniðugt fyrir tónlistarfólk og fólk sem er mikið í hávaða.“

**thorunn@frettabladid.is**



## MÖGULEG MERKI HEYRNARSKERÐINGAR

- Hváir oft.
- Öðrum finnst þú stilla útvarp eða sjónvarp of hátt.
- Finnst hljóð lágvær og að aðrir muldri þegar þeir tala við þig.
- Hefur són í eyrunum.
- Heyrir illa þegar þú talar í símann.
- Átt erfitt með að taka þátt í samtali þar sem er hávaði eða margmenni.
- Það er hávaði á vinnustaðnum þínum.
- Átt auðveldara með að skilja karlmannsrödd en konurödd.
- Það veldur þér vandræðum að missa úr því sem sagt er þegar þú hittir ókunnuga.
- Ferð sjaldan á mannamót vegna þess að þú átt erfitt með að ná því sem um er talað.
- Það veldur þér depurð að þú heyrir ekki vel.



**HEYRNARTÆKI** Mikil þróun hefur verið í gerð heyrnartækja og hönnun. Ný tæki efla heyrnina á eðlilegan hátt en magnar ekki upp öll hljóð í umhverfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



# NÝ BÚÐ Í KÓPAVOGI

NÚ HEFUR TÖLVULISTINN OPNAÐ NÝJA VERSLUN AÐ HLÍÐASMÁRA 10, AÐ ÞVÍ TILEFNI ERU NÚ ÓTRÚLEG OPNUNARTILBOÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM TÖLVULISTANS




**TÖLVULISTINN**

**Reykjavík** • Nóatúni 17 • Sími 414 1700
**Akureyri** • Glerárgötu 36 • Sími 414 1730
**Egilsstaðir** • Miðvangur 2-4 • Sími 414 1735
**Keflavík** • Hafnargötu 90 • Sími 414 1740
**Kópavogur** • Hlíðasmára 10 • Sími 414 1760

NÚ ERU ÓTRÚLEG OPNUNARTILBOÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM TÖLVULISTANS

## Svona erum við

> Fjöldi bíógesta á Íslandi.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** SKIPULAGSMÁL Á KÁRSNESI

# *Óánægja með aukinn umferðarþunga*

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti deiliskipulag fyrir svokallaðan reit fjögur á Kársnesi á skyndifundi í fyrradag. Deilur um skipulagsmál á Kársnesi hafa staðið yfir frá árslokum í fyrra.

**Hvað vilja bæjaryfirvöld gera?**

Bæjaryfirvöld segja Kársnesið vannýtt í dag. Með nýju skipulagi megi fjölga íbúum um þrjú þúsund, byggja hótel, verslunarmiðstöð, smábátahöfn og 54 þúsund fermetra atvinnuhúsnæði. Umferð um Kársnesbrautina mun aukast um allt að 8.200 bíla við breytingarnar upp í 20.600 bíla á dag. Bæjaryfirvöld segjast vilja auðga mannlífið á Kársnesinu og auka þjónustu.

**Hvað segja íbúarnir?**

Íbúar á Kársnesi hafa stofnað samtökin Betri byggð á Kársnesi sem mótmæla hugmyndum bæjaryfirvalda. Þeir segja að umferðin muni valda hávaða- og svifryksmengun auk slysahættu. Kársnesbrautin þoli ekki slíka umferð. Íbúana grunar jafnframt að stórskipahöfn á Kársnesinu verði stækkuð með framkvæmdunum og það muni valda meiri umferð og ekki samræmast hugmyndum þeirra um íbúabyggð. Samtökin segja bæjaryfirvöld hunsa kröfur íbúanna.

**Hvað gerist næst?**

Íbúar hafa frest til 21. ágúst til að gera athugasemdir við skipulagið á hafnarsvæðinu. Búið er að ganga frá skipulagi á nokkrum reitum, en fjölmargir eru eftir. Íbúafjöldi á Kársnesinu mun tvöfaldast við nýtt skipulag og því verður nauðsynlegt að styrkja innviði hverfisins og samgönguæðar.



## SPURT & SVARAÐ

GERVIHNATTABÚNAÐUR

# *Ólöglegt í báðum löndum*

Smáís, samtök myndrétthafa á Íslandi, standa í baráttu gegn fyrirtækjum sem selja áskriftir og gervihnattabúnað til móttöku á erlendum sjónvarpsrásum. Einna helst hefur umræðan snúist um áskrift að Sky-sjónvarpsútsendingum frá Bretlandi en með þannig áskrift er meðal annars hægt að horfa á enska boltann. Snæbjörn Steingrímsson er framkvæmdastjóri Smáís.



**SNÆBJÖRN STEINGRÍMSSON** Framkvæmdastjóri Smáíss.

**Um hvað snýst deilan?**

Hvort það sé ólöglegt að vera áskrifandi að erlendum stöðvum hérlendis. Íslenskar sjónvarpsstöðvar kaupa og eiga réttinn til að sýna ákveðið sjónvarpsefni á Íslandi. 365 miðlar eiga til dæmis rétt til að sýna enska boltann á Íslandi.

**Er þetta ólöglegt?**

Menn þurfa að kaupa áskriftina í gegnum milligöngumann á Bretlandi. Í áskriftarskilmálum Sky stendur að áskrifendur stöðvarinnar þurfi að vera búsettir á Bretlandseyjum. Einnig segir í skilmálunum að það sé bannað að vera í milligöngu fyrir áskrift nema hafa sérstakt leyfi. Þetta er því klárt lögbrot í báðum löndum.



**GENGIÐ AF STAÐ** Gangan hófst í lok júlí í Lübeck, nyrst í Þýskalandi, og henni lýkur syðst við Bodensee um miðjan september. MYND/GENFREI GEHEN

# Ganga gegn erfðatækni

**Þjóðverjinn Joseph Wilhelm notar fæturna til að vekja athygli á neikvæðum hliðum erfðabreyttra matvæla. Hann er þessa dagana að ganga þúsund kílómetra leið ásamt föngulegum hópi skoðanasystkina sinna.**

Hinn 28. júlí síðastliðinn gekk hópur fólks af stað frá hafnarborginni Lübeck í Þýskalandi. Stefnan var tekin suður á bóginn, frá strönd Eystrasalts í norðri suður í gegnum endilangt Þýskaland og allt til bæjarins Lindau sem stendur við vatnið Bodensee á landamærum Þýskalands, Sviss og Austurríkis.

Fremstur í flokki fer Joseph Wilhelm, rúmlega fimmtugur athafnamaður í Þýskalandi, sem áratugum saman hefur verið frumkvöðull í ræktun lífrænna matvæla. Hann rekur keðju náttúruvöruverslana undir nafninu Rapunzel, sem einnig er í samstarfi við svipaðar verslanir víða um heim.



**JOSEPH WILHELM** Upphafsmaður göngunnar hefur í meira en þrjátíu ár verið frumkvöðull á sviði ræktunar og sölu lífrænna matvæla í Þýskalandi. MYND/GENFREI GEHEN

Tilgangur göngunnar er fyrst og fremst sá að vekja athygli almennings í Þýskalandi og breiða út þann boðskap að erfðatækni þurfi að varast, sérstaklega þegar hún tengist framleiðslu matvara.

„Í Þýskalandi er fólk sér í raun og veru enn ekki meðvitandi um þessi mál. Að vísu eru allir á móti erfðatækni, ef þeir eru spurðir. En það er bara tilfinningaleg afstaða, raunveruleg þekking á notkun erfðatækni í landbúnaði og matvælaframleiðslu er varla til,“ segir Wilhelm í viðtali, sem birt er á vefsíðu göngunnar, http://www.rapunzel.de/genfrei, þar sem einnig má fylgjast með framvindu hennar.

Hugmyndina segist hann fyrst hafa fengið árið 2000 þegar hann tók sér fjögurra mánaða frí til að ganga hinn forna Jakobsveg, pílagrímaleiðina til Santiago de Compostela á norðvestanverðum Spáni. Næsta ganga skyldi þó verða undir kjörorðinu „Genfrei Gehen“, eða „Ganga gegn erfðabreyttum matvælum“. Þegar hann svo nefndi þetta við félaga sína og samstarfsfólk, þá voru undirtektirnar það góðar að fljótlega fór fólk að bætast í hópinn. Eins manns ganga varð að fjöldagöngu. Göngufólkið hefur nú lagt rúmlega þriðjung leiðarinnar að baki en göngunni lýkur um miðjan september.

Wilhelm segir að hugmyndin hafi þó aldrei verið sú að þessi ganga yrði eingöngu mótmælaaðgerð, heldur er tilgangurinn líka sá að njóta göngunnar og alls þess sem fyrir ber á leiðinni.

„Ég er sannfærður um að eintómar mótmælaaðgerðir geti ekki skilað neinum árangri til lengdar. Þess vegna finnst mér mikilvægt að Genfrei Gehen bjóði upp á möguleika til að berjast fyrir einhverju og hafa jafnframt gaman og ánægju af því.“

Allir sem vilja geta slegist í hópinn og þeir sem ganga fimm kílómetra fá vottorð upp á það. Lengsta dagleiðin er 30 kílómetrar, en sjötta hvern dag er hvíldardagur. Á leiðinni er efnt til ýmissa uppákomna, meðal annars eru umræðufundir með fyrirlesurum í stærri borgunum.

Allt er þetta gert í nafni málstaðarins, sem er að vekja athygli á hættunum sem fylgja því að fikta í náttúru lífveranna og hvetja fólk til að sýna ábyrgð í þessum efnum.

„Hættan af erfðabreyttum matvælum er sú að enginn veit hvaða áhrif þau hafa á heilsu fólks. Að vísu eru til rannsóknir á rottum, en langtímaáhrif á mannslíkamann hafa enn ekkert verið rannsökuð,“ segir Wilhelm. „Við verðum að segja það hreint út: Þegar erfðatækni er beitt þá er farið yfir þau mörk sem greina tegundirnar í sundur og öllu blandað saman. Öll inngrip í náttúruleg lögmál þróunarinnar eru hættuleg og ábyrgðarleysi gagnvart neytendum, vegna þess að áhrifin eru ekki fyrirsjáanleg. Og við þetta bætist að engin þörf er fyrir að nota erfðatæknina í matvælaframleiðslu.“



FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is



# Skólamarkaður Nettó er hafinn




## Skólavörur

Allt að 70% afsláttur af völdum skólavörum



## Stílabók

69 kr/stk.



## Reiknivél

199 kr/stk.

40% afsláttur af öllum hjólum



## Hjól

40% afsláttur




## Uniflame grill

3 brennarar

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

**allt í matinn á einum stað**

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda: 9.–12. ágúst eða á meðan birgðir endast

www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.280 **-1,61%**

**Fjöldi viðskipta:** 628
**Velta:** 8.012 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **FØROYA BANKI** | +4,42% | **FL GROUP** | -2,21% |
| **NÝHERJI** | +4,29% | **CENTURY ALUMINUM** | -2,09% |
| **TEYMI** | +1,04% | **KAUPÞING** | -2,03% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 9,30 -0,54% ... Bakkavör 66,80 -1,04% ... Eimskipafélagið 40,75 -0,49% ... Exista 35,55 -1,66% ... FL Group 26,60 -2,21% ... Glitnir 28,85 -1,54% ... Icelandair 28,75 -0,52% ... Kaupþing 1.158 -2,03% ... Landsbankinn 39,70 -1,24% ... Mosaic Fashions 17,20 +0,00% ... Straumur-Burðarás 20,55 -1,44% ... Össur 106,50 -0,47% ... Teymi 5,84 +1,04%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Prósentustigið á kvartmilljarð**

Á fréttavef Landssambands kúabænda, www.naut.is, er fjallað um hækkanir sem orðið hafa á kjörvöxtum verðtryggðra skuldabréfaléna viðskiptabankanna þriggja, sem nú er sagt 8,1 prósent hjá Glitni, 8,35 hjá Landsbanka Íslands og 8,5 prósent hjá Kaupþingi. „Í maí 2006 voru kjörvextir þessara lána um 5 prósent og hafa þeir því hækkað um heil 60 prósent á rétt rúmlega einu ári, sem verður að teljast svimandi hækkun," segja samtökin og benda á að hækkanirnar hafi mjög neikvæð áhrif á afkomu kúabænda. „Í grófum dráttum má segja að hvert prósentustig í hækkuðum vöxtum kosti kúabændur um 250 milljónir á ári í auknar vaxtagreiðslur."



**Stórhreingerning hjá SAS**

Þótt hagnaður hafi aukist um 19 prósent á öðrum ársfjórðungi þessa árs hjá norræna flugfélaginu SAS draga svartir sauðir innan samstæðunnar úr hálfsársafkomunni. Spilar þar meðal annars inn í fimmtungshlutur í breska flugfélaginu British Midland (BMI). Børsen greinir frá því að stórfelld tiltekt standi fyrir dyrum hjá SAS. Auk þess að ætla að selja BMI hlutinn er haft eftir Mats Jansson forstjóra að selja eigi hið fyrsta eignarhluti í Spanair og Newco, flugvallarþjónustuna á Spáni. Þá segir Jansson viðbúið að hlutur félagsins í Air Greenland verði seldur innan tíðar. SAS er nú samt líka með veskið á lofti og stefnir á kaup í airBaltic og Estonian Air. Áherslan í starfseminni er sögð eiga að vera á Norður-Evrópu.

## MARKAÐSPUNKTAR

Seðlabanki Suður-Kóreu hækkaði stýrivexti í gær um 25 punkta og standa stýrivextir þar í fimm prósentum og hafa ekki verið hærri í sex ár. Ákvörðun bankans kom fjárfestum á óvart en bankinn hækkaði vexti síðast fyrir mánuði.

Hagnaður Danske Bank fyrir skatta á fyrri helmingi ársins nam rúmum 10 milljörðum danskra króna, jafnvirði rúmra 118 milljarða íslenskra. Þrátt fyrir að vera 18 prósenta hækkun frá í fyrra er þetta undir væntingum.

Norræn hagkerfi munu vaxa hratt á árinu, eða allt frá 3,8 prósentum til 4,5 prósenta. Vöxturinn mun verða talsvert minni hér á landi á sama tíma, einungis 1,5 prósent, að því er segir í nýrri spá Glitnis.

# Markaðir lækkuðu víða

Markaðir lækkuðu bæði austan hafs og vestan í gær vegna þrenginga sem rekja má til samdráttar á bandarískum fasteignalánamarkaði. Hlutabréfamarkaður hér fór ekki varhluta af lækkunum þar sem Úrvalsvísitalan lækkaði um 1,61 prósent.

Gengi þriggja helstu vísitalna í Bandaríkjunum lækkaði um allt að 1,7 prósent strax við opnun markaða þar í gær. Þetta er viðsnúningur frá því deginum áður þegar vísitölurnar hækkuðu um allt að 2,1 prósent.

Evrópsk fjármálafyrirtæki sem halda úti sambærilegri starfsemi handan Atlantsála hafa sömuleiðis átt við erfiðleika að stríða vegna þessa. Evrópski seðlabankinn brást við í gær með því að bjóða þeim sem komu illa inn í sumarið lán á góðum kjörum til að bæta lausafjárstöðu þeirra og hindra að áhrifanna gæti í evrópsku viðskiptalífi. Afleiðingarnar voru þær að vísitölur í Evrópu lækkuðu almennt um rúm tvö prósent. **- jab**

# Metafkoma dugði ekki

Commerzbank, annar stærsti banki Þýskalands, skilaði methagnaði á fyrri hluta ársins sem markaðist af miklum innri vexti og vexti á þóknunar- og fjárfestingartekjum. Þrátt fyrir að hagnaður bankans á öðrum ársfjórðungi hefði meira en tvöfaldast á milli ára og verið umfram væntingar markaðsaðila féllu bréf hans um rúm fjögur prósent í gær.

Hálfsárs uppgjör sýndi hagnað upp á 1.433 milljónir evra, um 126 milljarða króna, sem var 28,3 prósenta aukning á milli ára. Bankinn hagnaðist um 792 milljónir evra, nærri sjötíu milljarða króna, á öðrum ársfjórðungi. Söluhagnaður af breska dótturfélaginu Jupiter Asset Managemet vó þar þungt á metunum.

Arðsemi eigin fjár nam 22 prósentum á fyrri hluta ársins.

FL Group á 3,24 prósenta hlut í Commerzbank sem metinn er á 57 milljarða króna. **- eþa**

# Sampo vill sænskan bankasamruna

Stjórnendur finnska fjármálafyrirtækisins Sampo Group, sem er að fimmtungshluta í eigu Existu, vilja sjá bankasamruna í Svíþjóð. Björn Wahlroos, forstjóri Sampo, segir að sér lítist vel á að slá Nordea, stærsta fjármálafyrirtæki Norðurlanda, saman við Handelsbanken. Sampo er annar stærsti hluthafinn í Nordea á eftir sænska ríkinu með 3,7 prósenta hlut sem metinn er á 100 milljarða króna.

„Mesta samlegðin liggur með Handelsbanken en þar með er ekki sagt að sú niðurstaða sé sú líklegasta. Það eru einnig mikil tækifæri milli Nordea og SEB," segir Björn í samtali við Dagens Nyheter.

Þörfin á bankasamrunum í Skandinavíu hefur verið rædd lengi en Sampo er tilbúið að bíða, enda eru kaup félagsins í Nordea hugsuð til lengri tíma. Björn telur ekki nauðsynlegt að sækjast eftir sæti í stjórn Nordea þótt eignarhluturinn dygði til þess.

Af Sampo er það annars að frétta að félagið hagnaðist um 214 milljónir evra, um nítján milljarða króna, á öðrum ársfjórðungi. Þetta var 37 prósentum meiri hagnaður en á sama tíma í fyrra. Tryggingastarfsemi félagsins gekk vel og þá jukust fjárfestingatekjur sökum góðs árferðis á mörkuðum.

Á fyrstu sex mánuðum ársins hagnaðist Sampo um 3,27 milljarða evra, jafnvirði 288 milljarða króna. Hafa ber í huga að þessi mikli hagnaður er að stærstum hluta tilkominn vegna söluhagnaðar af Sampo Bank í byrjun þessa árs. Sampo situr nú á 350 milljörðum króna sem sérfræðingar búast við að nýttir verði til frekari fjárfestinga á norrænum bankamarkaði. **- eþa**



BJÖRN WAHLROOS



**UNDIR MERKJUM OMX** Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, Árni Mathiesen fjármálaráðherra og Jukka Ruuska, forstjóri norræna hluta OMX-samstæðunnar, opna fyrir viðskipti í OMX Iceland-kauphöllinni fyrr á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Yfirtaka Nasdaq fýsilegri og líklegri

**Kauphöllin í Dubai hefur gert tilboð í hluti í kauphallarsamstæðunni OMX, sem Kauphöll Íslands heyrir undir ásamt kauphöllum á Norðurlöndunum og við Eystrasalt. Í mikla baráttu stefnir milli Kauphallarinnar í Dubai og hinnar bandarísku Nasdaq, sem á vordögum gerði yfirtökutilboð í OMX. Forstjóri Kauphallar Íslands telur yfirtöku Nasdaq bæði fýsilegri og líklegri.**

Tilboð Kauphallarinnar í Dubai hljóðar upp á 230 sænskar krónur á hlut og er því umtalsvert hærra en tilboð Nasdaq, sem bauð 208,1 sænska krónu fyrir hvern hlut í OMX. Samkvæmt fréttum verður tilboð Kauphöllinna í Dubai einungis virkt nái félagið að tryggja sér yfir fjórðungshlut í OMX samstæðunni.

Kauphöllin í Dubai hefur nú þegar tryggt sér 4,9 prósenta hlut í OMX.

Stjórn OMX samþykkti á sínum tíma tilboð Nasdaq og mælti með því að hluthafar gerðu slíkt hið sama. Áætlað var að samningar um samruna kauphallanna tveggja yrðu handsalaðir um áramót.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, telur ólíklegt að forsvarsmenn Kauphallarinnar í Dubai nái sínu fram. Til þess séu einfaldlega of veigamiklir viðskiptalegir og hagrænir hvatar fyrir hluthafa í OMX til að ganga að tilboði Nasdaq. „Komið hefur fram að mikill metnaður er til að gera Kauphöllina í Dubai að stórri alþjóðlegri kauphöll á borð við þær í London, New York, Nasdaq eða Tókýó. Þeir hugsa þetta líklega sem eina leið að því markmiði sínu."

Þórður segir hluthafa í OMX, sérstaklega þá sem fara með stærri eignarhluti, hugsa til fleiri þátta en eingöngu verðsins þegar tilboðin eru vegin og metin. Hann telur yfirtöku Nasdaq mun fýsilegri kost enda auðveldara að sjá samlegðarþætti; sérstaklega í ljósi stöðu Nasdaq sem alþjóðlegrar kauphallar með rætur í svipaðri viðskiptamenningu og þekkist á áhrifasvæði OMX. „Með yfirtöku Nasdaq myndi opnast ný vídd fyrir OMX-markaðina. Kauphöllin í Dubai er hins vegar að miklu leyti bundin við Arabalöndin, og því erfitt að sjá samlegðaráhrif eða virðisauka í fljótu bragði."

Ljóst er að Kauphöllin í Dubai metur OMX umtalsvert hærra en Nasdaq. Samkvæmt tilboði Dubaimanna er heildarvirði OMX samstæðunnar um 253 milljarðar íslenskra króna, en til samanburðar er verðmæti OMX 227,9 milljarðar króna sé tekið mið af tilboði Nasdaq. Hlutabréf í OMX stóðu í rúmlega 229 sænskum krónum á hlut í gær.

Þar sem stjórn OMX hefur lagt blessun sína yfir tilboð Nasdaq, má ætla að vilyrði margra stærstu hluthafa OMX til að ganga að tilboði Nasdaq liggi fyrir. Ekki er þó loku fyrir það skotið að Nasdaq hækki enn tilboð sitt, og freisti þess þannig að tryggja endanlega yfirráð sín yfir OMX samstæðunni.

**jsk@frettabladid.is**




# Marshall-eyjar af svörtum lista

Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) hefur fjarlægt Marshall-eyjar af svörtum lista yfir þau lönd sem þykja ósamvinnuþýð í tengslum við skattamál.

Marshall-eyjar eru annað landið í þessum mánuði sem fær útstrikun af listanum, á eftir Líberíu. Alls hafa nú 35 ríki fengið útstrikun af listanum eftir að hafa svarið þess eið að koma skattareglum sínum í viðunandi horf.

Einungis þrjú lönd sitja nú eftir á svarta listanum: Liechtenstein, Andorra og Mónakó. **- hhs**

# SPARI DAGAR

Vertu Sparidaga megin í lífinu ..!!



## ..og þú gerir frábær kaup!



PIONEER bíltæki og hátalarar

**20% AFSLÁTTUR**

Pioneer

MEÐ FULLKOMNA FORYSTU



PIONEER HEIMABÍÓ

Glæsilegt heimabíókerfi
með DVD upptöku
og hörðum disk

*Pioneer RCS-404*

*SPARIDAGAVERÐ:*
**69.900 kr** ~~Áður kr.: 114.900~~

SHARP



*SHARP XL-UH220H*

· 5 diska geislaspilari · Spilar MP3, CD-R/RW · Magnari: 2 x 50W RMS
· USB tengi - spilar tónlist beint af minniskubbum, MP3 spilurum o.fl.
· AM/FM útvarp með RDS og 40 stöðva minni · Vekjaraklukka
· 6 tónjafnarastillingar og X-BASS kerfi · Fullkomin fjarstýring

*SPARIDAGAVERÐ:* **27.900 kr**
~~Áður kr.: 35.900~~

Nikon

*NIKON Coolpix S5*



6.0 milljón pixlar · 3 x aðdráttur í linsu (35-105mm)
· 2.5" LCD skjár · Video upptaka með hljóði
· 21 MB innbyggt minni - hægt að stækka með XD minniskorti · Aðeins 165 grömm án rafhlöðu
Notar lithium rafhlöðu

*SPARIDAGAVERÐ:* **29.900 kr**
~~Áður kr.: 46.900~~

SHARP



HD ready

*SHARP LC37GA8E*

37" LCD SJÓNVARP
· Upplausn: 1366 x 768
(16:9 widescreen)
· Kontrast: 1200:1
- frábær dýpt og litaskerpa
· Svartími: 6 ms
· Birta: 450 cd/m2
· Sjónsvið: 176°/176°
· Clear Flat hljóðkerfi
- frábær og kraftmikill hljómur
· Tengingar: HDMI, 2 x SCART,
VGA/Component (D-Sub),
AV/S-Video, USB

*SPARIDAGAVERÐ:*
**169.900 kr**
~~Áður kr.: 219.900~~

**DVD TÓNLISTAR-DISKAR FRÁ KR. 690.-**
*Mikið og gott úrval - eitthvað fyrir alla!*

*11000 M-MN*



*E-3051-4-M*

AEG

HÁGÆÐA AEG
ELDHÚSTÆKI
Í MIKLU ÚRVALI

Ofn og helluborð:
*SPARIDAGAVERÐ:*
**65.900 kr**

~~Áður kr.: 103.613~~



brabantia
solid company

FLOTT ÚRVAL
AF RUSLAFÖTUM.
Hönnun á
heimsmælikvarða.

**25% AFSLÁTTUR**



*Lavamat 52820*

AEG

AEG ÞVOTTAVÉL
1200 snúninga
6 kg.
Fjöldi prógramma
Íslenskt stjórnborð
Íslenskar leiðbeiningar
*SPARIDAGAVERÐ:*
**69.900 kr**

~~Áður kr.: 85.914~~



AEG
*„Algjör himnasending!"*

AEG UPPÞVOTTAVÉL
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
*SPARIDAGAVERÐ:* **69.900 kr.** Hvít
~~Áður kr.: 96.667~~



TEFAL

JAMIE OLIVER
Eðal pottar og pönnur
frá Jamie Oliver og TEFAL

**25% AFSLÁTTUR**



Emile Henry

Frönsk leirvara.Frábært úrval.
Eftirsótt um alla Evrópu.

**25-35% AFSLÁTTUR**

# ORMSSON

www.ormsson.is

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 | ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON RADIONAUST-AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 |

KVIKA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Bættur bæjarbragur veldur deilum.

## Frelsi og ábyrgð

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Umræður um skrílmennsku hafa lengi verið hefðbundinn eftirleikur frídags verslunarmanna. Í mörg ár hefur slík umræða um Akureyri lýst lágreistum bæjarbrag um þessa hefðbundnu hátíðahelgi.

Samkvæmt almennri umræðuhefð er lögreglan yfirleitt dregin til ábyrgðar þegar ómenning af þessu tagi gengur svo langt að hún veldur almennri hneykslan eða eigna- og líkamstjón hlýst af. Svo bíða menn þess venjulega að sagan endurtaki sig.

Að þessu sinni eru fregnir af þessari miklu samkomuhelgi með öðru sniði en endranær. Sérstaklega á þetta við um Akureyri. Þar varð sú breyting á eftir mörg ár að skuggi féll ekki á menningarlega reisn bæjarins.

Þetta gerðist ekki af sjálfu sér. Bæjaryfirvöld gripu til ráðstafana í samráði við lögreglu. Þær sýnast hafa skilað tilætluðum árangri. En þá ætlar allt um koll að keyra. Fádæmi er að forystu- og ábyrgðarmaður bæjarfélags sæti slíkum árásum sem bæjarstjórinn á Akureyri þarf nú að þola fyrir ekki stærri sök en að bæta bæjarbraginn.

Yfirleitt er það skrílmennska tiltölulega fárra sem eyðileggur og spillir umhverfinu. Því fer fjarri að þetta fyrirbrigði sé bundið við Akureyri. Dómsmálaráðherra dró mjög skarpa og þarfa ályktun af nýbreytninni frá Akureyri þegar hann á heimasíðu sinni komst þannig að orði:

„Besta leiðin til að auka næturöryggi í miðborg Reykjavíkur er að kalla alla til ábyrgðar. Vegna skynsamlegra varúðarráðstafana á Akureyri sögðust ýmsir hafa misst spón úr aski sínum. Viðleitni til að sporna við hömlulausum veitingarekstri í miðborginni kann að koma við buddu einhvers. Þar eru þó minni hagsmunir í húfi en öryggi borgaranna sem seint verður metið til fjár.“

Kjarni málsins er sá að á viðfangsefnum eins og þessum er ævinlega fleiri en ein hlið. Bæjarstjórinn á Akureyri hefur verið barinn með frumreglum frelsishugtaksins. Þær eru að vísu bæði heiðarlegt og málefnalegt vopn í þessari umræðu. En engu er líkara en menn hafi með öllu gleymt því að hin hliðin á því góða hugtaki er: Ábyrgð.

Í mannlegu samfélagi er frelsi án ábyrgðar ekki til. Sú ábyrgð sem fylgir frelsinu felur meðal annars í sér rétt þeirra sem hana bera til þess að láta dyggðasjónarmið hafa áhrif á ákvarðanir sínar.

Frelsishugtakið getur þar af leiðandi ekki vikið til hliðar rétti og jafnvel skyldu bæjaryfirvalda til þess að gæta að góðum bæjarbrag og allsherjarreglu. Þetta á sérstaklega við ef aðrir sem ábyrgð bera hafa ekki með viðunandi árangri gætt að hlutverki sínu í þeim efnum.

Þeir eru líka fáir sem komið hafa ómenningaryfirbragði á miðborg Reykjavíkur. En við því þarf að bregðast. Dómsmálaráðherra hefur því lög að mæla þegar hann skírskotar til ábyrgðar allra sem þar koma við sögu. Ábyrgð þeirra verður heldur ekki slitin frá frelsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Flokksrit?

Ársfjórðungsritið Herðubreið í ritstjórn Karls Th. Birgissonar mun koma út í fyrsta sinn í lok mánaðar. Ritið verður málgagn frjálslyndrar jafnaðarstefnu, og er því augljóslega hugsað sem mótvægi við Þjóðmál, málgagn hægrisinnaðra frelsisunnenda. Meðal þeirra sem skrifa í fyrsta tölublaðið eru Þorvaldur Gylfason, Svanfríður Jónasdóttir, Guðmundur Andri Thorsson, Kristrún Heimisdóttir, Björgvin Valur Guðmundsson og Bragi Ólafsson. Öll eiga þau það sameiginlegt að hafa í seinni tíð verið höll undir Samfylkinguna á pólitíska sviðinu. Auk þess var ritstjórinn Karl áður framkvæmdastjóri flokksins, og með honum í ritnefnd sitja meðal annars Flosi Eiríksson, bæjarfulltrúi flokksins í Kópavogi, og Jens Sigurðsson, sem lengi hefur verið virkur í ungliðahreyfingunni.

### Nei, pólitísk fjölbreytni

Tvö nöfn stinga þó í stúf þegar listi yfir efnishöfundana er skoðaður. Þar má sjá nafn Huldu Dóru Styrmisdóttur, dóttur ritstjórans Styrmis Gunnarssonar, en hún var á sínum tíma virk í félagi sjálfstæðiskvenna. Einnig bregður þar fyrir Kolbeini Óttarssyni Proppé, miklum vinstrimanni og fyrrverandi varaborgarfulltrúa Vinstri grænna. Hann var meðal annars einn stofnenda Múrsins sáluga. Þetta þarf þó kannski ekki að koma á óvart þar sem aðstandendur ritsins segja það vera alls óháð stjórnmálaflokkum.



### Hver hefði trúað því?

Það getur greinilega borgað sig að mótmæla. Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri Kópavogs hefur nú dregið í land með áform um skipulagsbreytingar á Kársnesi eftir háværa mótmæli og segir vel koma til greina að slá af umdeilda hafnarstækkun. Þá fengu hagsmunaðilar við Skólavörðuholt það í gegn að enginn yrði þar bílakjallarinn, eftir að hafa sent skipulagsráði borgarinnar hvert andmælabréfið á fætur öðru. Liðsmenn Saving Iceland ættu kannski að fara á námskeið hjá þessum skilvirku mótmælendum.

stigur@frettabladid.is



## Stighækkandi tekjuskatt?



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Skattar

Helstu skattafræðingar stjórnarandstöðunnar, Indriði H. Þorláksson og Stefán Ólafsson, hafa nýlega birt okkur boðskap sinn, Indriði í opinberum fyrirlestri og Stefán í grein hér í blaðinu. Þeir gagnrýna báðir skattastefnuna frá 1991 og vilja stighækkandi tekjuskatt. Indriði segir það beint, en Stefán óbeint.

Nú eru skattþrep í raun tvö, 0% skattur að skattleysismörkum, sem eru 90 þúsund króna mánaðartekjur, og 36% skattur á tekjur umfram það. Því hærri tekjur sem menn hafa, því nær eru þeir því að greiða 36% tekjuskatt, en ná samt aldrei því hámarki. Í þessum væga skilningi er tekjuskattur einstaklinga stighækkandi. Stefán vill hins vegar herða á þessu með því að hækka skattleysismörk lágtekjufólks, svo að fleiri greiði í raun 0% tekjuskatt, og lækka í þrepum skattleysismörk hátekjufólks, svo að þeir komist hraðar nær því að greiða í raun 36% tekjuskatt.

**Hvernig ber að setja skattleysismörk?**

Stefán fullyrðir, að skattleysismörk (sem nú eru 90 þúsund krónur á mánuði) ættu að vera 140 þúsund krónur til að vera jafnhá og 1988, fyrir fjölþrepa tekjuskattur var felldur niður. Þetta er rangt. Á verðlagi ársins 2006 voru skattleysismörk ársins 1988 107.129 krónur á mánuði, aðeins röskum 10 þúsund krónum hærri á mánuði þá en nú. Stefán fær tölu sína með því að miða við vísitölu launa, ekki neysluverðs. Heiðarlegra hefði verið að segja beint frá því. Þegar upphæðir eru bornar saman skýringarlaust milli ára, eiga flestir von á því, að þær séu á sambærilegu verðlagi.

Röng hugsun er í því að tengja skattleysismörk við vísitölu launa. Þá er alltaf sami hópur skattfrjáls óháð því, hvort hann er aflögufær eða ekki. Skattleysismörk eiga ekki að segja til um, hvar í tekjustiganum menn eru miðað við aðra, heldur hvað telja má lágmarksframfærslueyri á mann. Þess vegna var rétt að tengja skattleysismörk við vísitölu neysluverðs, eins og gert var um síðustu áramót.

*Í öðru lagi stuðlar stighækkandi tekjuskattur að ábyrgðarleysi. Þeir, sem ákveða skattinn, bera hann fæstir. Þegar helmingur launþega telur sig skattfrjálsan, freistast hann til að þyngja skattbyrðina á hinum.*

**Rökin gegn stighækkandi tekjuskatti**

Hagfræðileg rök gegn stighækkandi tekjuskatti þeirra Indriða og Stefáns eru einkum þrenn. Í fyrsta lagi flækir hann skattlagningu. Ef hátekjukona getur skipt mánaðarlaununum milli sín og tekjulágs sonar síns, þá lækka skattgreiðslur hennar. Stundum falla tekjur líka til á einu ári, þótt þeirra sé aflað á tveimur eða fleiri árum. Ef rithöfundur fær eina greiðslu fyrir þriggja ára vinnu, þá verður hann að greiða háan tekjuskatt, en hefði ella verið undir skattleysismörkum og aðeins þurft að greiða 0%. Maður, sem undir eðlilegum kringumstæðum hefði viljað vinna lengur við tölvuna á hverjum degi og kaupa út matseld og viðhald, hættir við það, því að þá snarhækka skattgreiðslur hans. Það borgar sig ekki fyrir hann að skipta verkefnum milli sín, matsveins og rafvirkja.

Í öðru lagi stuðlar stighækkandi tekjuskattur að ábyrgðarleysi. Þeir, sem ákveða skattinn, bera hann fæstir. Þegar helmingur launþega telur sig skattfrjálsan, freistast hann til að þyngja skattbyrðina á hinum. Þriðju rökin gegn stighækkandi tekjuskatti eru, að við hann dregur úr verðmætasköpun. Þá minnka menn við sig skattlagða vinnu og aðrar tegundir verðmætasköpunar. Færðir framkvæmdamenn finna kröftum sínum ekki farveg og láta annaðhvort ekki að sér kveða eða flytjast burt. Menn taka síður áhættu, því að ríkið græðir mest á því, þegar vel tekst til, en þeir bera sjálfir tapið, þegar miður gengur. Kakan minnkar eftir því sem gengið er harðar fram í að skipta henni jafnar.

**Tilkall fólks til tekna**

Heimspekileg rök má einnig leiða gegn stighækkandi tekjuskatti. Þeir Indriði og Stefán eiga erfitt með að sætta sig við, að sumum gangi vel. En eiga menn ekki tilkall til tekna, sem vel eru fengnar? Setjum svo, að þeir Milton Friedman, Indriði og Stefán auglýsi allir fyrirlestra á sama tíma og taki aðgangseyri. Hundrað sinnum fleiri sæki fyrirlestur Friedmans en þeirra Indriða og Stefáns. Hvers vegna á að refsa honum með því að leggja á hann miklu hærri skatt hlutfallslega? Hitt er miklu hyggilegra að breyta ekki skattleysismörkum og lækka tekjuskatt á einstaklinga niður í 30%.

## Kársnes skipulagt í sátt við íbúa

**UMRÆÐAN**

Skipulagsmál í Kópavogi



HAFSTEINN KARLSSON

Boðað var til sérstaks aukafundar 8. ágúst í bæjarstjórn Kópavogs til þess eins að afgreiða tillögu um deiliskipulag með 105 íbúðum á einum skikanum þar. Til stóð að afgreiða tillöguna í bæjarráði í lok júlí, en fulltrúar Samfylkingarinnar þar lögðu til að henni yrði frestað til bæjarstjórnarfundar, enda er málið umdeilt í bænum og eðlilegt að það færi til umfjöllunar í fullskipaðri bæjarstjórn.

Einhverra hluta vegna töldu fulltrúar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks málið svo brýnt að það gæti ekki beðið reglulegs fundar síðari hluta ágústmánaðar. Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar hafa lagt þunga áherslu á að skipulag á endurbótasvæðum og við þéttingu byggðar, sé unnið í góðri samvinnu við íbúa og hagsmunaðila. Það er vissulega hagur bæjarins að eiga gott samstarf við þá sem vilja taka þátt í því með bæjaryfirvöldum að byggja upp svæði sem hafa úrelst eða gengið úr sér sem og við þéttingu byggðar.

Bæjaryfirvöld mega þó ekki afsala sér frumkvæði í slíkri skipulagsvinnu til hagsmunaaðila, þau verða að halda um stjórnvölinn með hag íbúa að leiðarljósi. Ég hygg að mikil samstaða ríki um það í bænum að taka til hendinni á Kársnesi og byggja þar upp að nýju. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram. Einstaka lóðareigendur hafa lagt fram ítrustu hugmyndir um nýtingu á reitum sínum en íbúar gera kröfu um að skipulagið sé í góðu samræmi við þá byggð sem fyrir er í vesturbænum. Verkefni bæjarstjórnar er að taka tillit til ólíkra sjónarmiða og finna leið sem sátt ríkir um. Slík vinna getur verið tímafrek en meiri líkur eru á að hún skili góðri niðurstöðu.

Kröfur íbúa snúast einkum um að svæðið verði skipulagt sem heild, að sannfærandi lausn liggi fyrir í umferðarmálum fyrir allan vesturbæinn, að höfn fyrir stærri skip verði lögð af og að samráð og samvinna verði höfð við íbúa um skipulag svæðisins. Þetta eru fullkomlega réttmætar og hógværar kröfur og í rauninni áhyggjuefni að fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sem fara með meirihluta í bæjarstjórn, skuli ekki gefa sér meiri tíma til að finna farsæla lausn á málinu, en kjósa fremur að keyra það í gegn án þess að ná sátt við íbúa.

*Höfundur er bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Kópavogi.*

# Ótrúlegt verð á flötum skjám

Allt úrvalið fæst í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum.



69.990 kr
GOTT VERÐ

**DIBOSS 32" LCD skjár**
LT32A2HM
- 32" LCD skjár
- 1366x768 punkta upplausn
- HD Ready
- Skerpa 800:1 og svartími: 8ms
- Birta 500cd/m2
- 2x7w Nicam stereó hljóðkerfi



139.990 kr
Verð áður 164.990,-

**Philips 37" LCD skjár** 37PF5321
- 37" HD 16:9 LCD sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • Digital Crystal Clear og Progressive Scan
- HD Ready • Skerpa: 1.200:1 og svartími: 8ms • Sjónsvið (H/V): 176/176° og birtustig: 500 cd/m2
- Ljósskynjari og Active Control - minnkar glampa • 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi • 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • PC tenging í gegnum HDMI • Textavarp með 500 síðna minni
- Borðstandur fylgir • Passar á Vogels EFW6305 veggfestinguna (fylgir ekki)



49.990 kr
GOTT VERÐ

**Dantax 19" LCD með innbyggðum DVD spilara**
19LCDDVDP2
- Spilar DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og MPEG4 Spilar CD, CD-R/RW og JPEG
- Stereó hljóðkerfi
- SD/MS/MMC kortalesari
- USB tengi, scart , SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp
- Svefnrofi og fjarstýring



99.990 kr
GOTT VERÐ

**DIBOSS 37" LCD skjár**
LT37JHM
- 37" LCD skjár
- 1366x768 punkta upplausn
- HD Ready
- Skerpa: 800:1 og svartími: 9ms
- Birtustig: 500 cd/m2
- 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi



179.990 kr
GOTT VERÐ

**Philips HD 42" LCD skjár** 42PFL5322
- Upplausn: 1366x768 punktar • Pixel Plus 2 HD myndtækni - Eykur línufjölda og skerpu • Progressive Scan HD Ready • Skerpa: 5.000:1 og svartími: 5ms
- Sjónsvið (H/V): 176/176° • Birtustig: 500 cd/m2 • Ljósskynjari og Active Control - minnkar glampa • 2 x 10w Nicam stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround
- 2 scart (með RGB), 2 HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 1.000 síðna minni • Svefnrofi og fjarstýring



79.990 kr
Verð áður 89.990,-

**United HD 32" LCD skjár** LTV32W63
- 32" HD 16:9 LCD sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • HD Ready
- Progressive Scan • Nicam stereó hljóðkerfi • 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • Fjarstýring
- Passar á Vogels EFW6205 ásamt EFA6875 veggfestinguna (fylgja ekki)
- Stærð í cm (bxhxd): 91,7x51,7x11

Gildir til 16. ágúst eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**EDDIE FISHER FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1928.**



*„Debbie Reynolds var svo sannarlega stúlkan úr næsta húsi. Að því tilskildu að þú byggir við hliðina á sjálfhverfum, öðruggum og ósannsöglum loddara.“*

***Skemmtikrafturinn Eddie Fisher um fyrrverandi eiginkonu sína og barnsmóður, Debbie Reynolds. Fisher lést úr lungnakrabbameini 15. apríl 2001.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 10. ÁGÚST 1988**

## *Young Guns frumsýnd vestanhafs*

Á þessum degi fyrir 19 árum síðan var stórvirkið Young Guns frumsýnt í bíó vestanhafs, en í þeirri mynd leiddu saman krafta sína nokkrir af vinsælustu leikurum af yngri kynslóðinni í Hollywood.

Miklar vonir voru bundnar við aðalleikara myndarinnar, þá Emilio Estevez, bróður hans Charlie Sheen, Kiefer Sutherland, Dermont Mulroney og Lou Diamond Phillips. Þeir höfðu á þessum tíma allir náð að festa sig í sessi sem kynþokkafullir harðjaxlar og svo virtist sem glæst framtíð biði þeirra. Einhver töf varð nú á því þar sem halla tók undan fæti hjá þeim velflestum síðan Young Guns og framhaldsmynd hennar, Young Guns II, litu dagsins ljós.



**HARÐJAXL** Enginn leikaranna úr Young Guns hefur náð jafn langt og Kiefer Sutherland, sem sést hér í 24.

Estevez hefur gert lítið af viti síðan, fyrir utan að hafa tekið að sér einstaka leikstjórnarverkefni. Sheen hefur mestmegnis leikið í vitleysismyndum og -þáttum á borð við Scary Movie og Two and a Half Man. Mulroney hefur þrátt fyrir ágætis takta aldrei náð langt og varla tekur tali að minnast á feril Phillips.

Helst er að Sutherland hafi náð sér á strik eftir nokkur mögur ár í bransanum, með leik sínum í sjónvarpsþáttunum 24. Þar fer hann á kostum í hlutverki harðjaxlsins Jacks Bauer og gott ef hann minnir ekki að sumu leyti á Josiah Gordon „Doc“ Scurlock, sem hann lék eftirminnilega í Young Guns.

**MERKISATBURÐIR**

**1944** Bandarískir fótgönguliðar sigra síðustu japönsku fótgönguliðana á eyjunni Guam.

**1948** Þættinum Candid Camera eða Falin myndavél er í fyrsta sinn sjónvarpað eftir að hafa verið útvarpað í fjögur ár.

**1969** Fylgisveinar Charles Manson drepa Leno og Rosemary LaBianca, fjórum dögum eftir að þeir myrða Sharon Tate og fjóra aðra.

**1995** Sprengja springur í Oklahoma-borg í Bandaríkjunum sem kostar 168 manns lífið.

**2003** Hitinn nær 38,5 gráðum í Kent, sem er mesti hiti sem mælst hefur í Bretlandi.

**AFMÆLISBÖRN**



**Unnur Guðjónsdóttir,** formaður Kínaklúbbs er 67 ára.



**Siv Friðleifsdóttir** stjórnmálamaður er 45 ára.



**Rosanna Arquette** leikkona er 48 ára.



**Þormóður Árni Egilsson** knattspyrnumaður er 38 ára.



**Antonio Banderas** leikari er 47 ára.



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Péturs G. Jónssonar**

vélvirkja, Holtagerði 13, Kópavogi,

sem lést 12. júlí síðastliðinn.

**Margrét Veturliðadóttir**
**Jóna Lilja Pétursdóttir**
**Jón Pétur Pétursson** **Kristín Guðmundsdóttir**
**Gunnar Pétursson** **Lísbet Grímsdóttir**
**Katla Þorsteinsdóttir**
**Þorlákur Pétursson** **Sigríður Sigmarsdóttir**
**Margrét P. Cassaro** **Sigurgeir Gunnarsson**
**afabörn, langafabörn og systkini.**



*Elsku mamma okkar,*

**Guðrún Jónsdóttir**

Frá Möðruvöllum 1. Kjós,

lést í Sunnuhlíð 7. ágúst.

**Sigrún Guðmundsdóttir**
**Sigurður Guðmundsson**
**og aðstandendur.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hlöðver Helgason**

áður til heimilis á Vesturgötu 69, Reykjavík,

lést 2. ágúst á Hrafnistu í Reykjavík. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 10. ágúst kl. 15.00.

**Sigurður Hlöðversson**
**Hlöðver Hlöðversson**
**Sævar Hlöðversson** **María Pétursdóttir**
**Hjálmar K. Hlöðversson** **Elínborg Pétursdóttir**
**Guðjón H. Hlöðversson** **Björg L. Ragnarsdóttir**
**Hafdís Hlöðversdóttir** **Sigmar Teitsson**
**Gunnar Hlöðversson** **Sigurlaug M. Ólafsdóttir**
**Valgerður O. Hlöðversdóttir** **Pétur Andrésson**

**MÁLFRÍÐUR FINNBOGADÓTTIR:** TEKUR ÞÁTT Í SKIPULAGNINGU HÓLAHÁTÍÐAR

# Pílagrímaganga farin að Hólum

Árleg Hólahátíð hefst í dag og lýkur næstkomandi sunnudag. Málfríður Finnbogadóttir, kynningar- og markaðsstjóri Hóla, segir að saga prentlistar á Íslandi, pílagrímaganga, helgiganga, guðsþjónusta og hátíðarsamkoma sé á meðal þess sem verði á dagskrá.

„Hólahátíð er gamalgróin kirkjuhátíð sem hefur um árabil verið haldin á Hólum,“ útskýrir Málfríður. „Hún byrjaði sem hátíð á sunnudegi með hátíðarmessu og -samkomu, en hefur vaxið með árunum. Nú hefst hún með málstofu á föstudegi og á laugardegi verður farið í pílagrímagöngu frá Svarfaðardal heim að Hólum, helgigöngu í Gvendarskál og grillað í laut.“

Málfríður segir að saga prentlistar á Íslandi verði skoðuð í málstofunni að þessu sinni, sem megi rekja til þess að ríkisstjórnin gaf Hólum bækur sem prentaðar voru á Hólum 1530 til 1799.

„Saga prentlistar á Íslandi er náttúrlega svo samofin Hólum,“ útskýrir hún. „Í margar aldir var fyrsta og eina prentvélin á Íslandi í eigu Hóla, keypt árið 1530. Þarna var til dæmis Guðbrandsbiblía prentuð árið 1584. Síðan hefur fornleifauppgröftur staðið yfir á svæðinu frá árinu 2001, sem varð til þess að prenthúsið sjálft fannst.“

Sunnudagurinn er þó að sögn Málfríðar eftir sem áður aðaldagurinn í dagskránni. Um morguninn munu aðstandendur Hóla veita viðtöku margmiðlunarefni til kynningar á „Hólabókunum“, fornprenti sem ríkisstjórnin afhenti í Hóladómkirkju í fyrra í tilefni af 900 hundrað ára afmæli Hóla. Er efnið gjöf úr minningarsjóði séra Ragnars Fjalars Lárussonar.

„Svo verðum við með hátíðarmessu þar sem vígslubiskupinn okkar þjónar fyrir altari, ásamt sóknarpresti og prófastinum okkar, séra Döllu Þórðardóttur,“ segir Málfríður en Ólafur Skúlason biskup verður með predikun. Að messunni lokinni er hátíðarkaffi í boði Hólanefndar.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra verður aðalræðumaður í hátíðarsamkomu klukkan 16.30. „Herra Ólafur Ragnar Grímsson gegndi þessu hlutverki í fyrra. Þá var Ingibjörg á meðal þeirra sem gengu með okkur yfir Heljardalsheiðina. Þar af leiðandi var hún okkur ofarlega í huga við valið.“



**HÁTÍÐ** Málfríður Finnbogadóttir hefur tekið þátt í undirbúningi Hólahátíðar, sem hefst í dag og lýkur á sunnudaginn. MYND/JÓHANNES TÓMASSON

Skáld Hólahátíðar hefur verið útnefnt og fellur titillinn að þessu sinni í skaut Þóru Jónsdóttur frá Laxamýri, sem hefur stundað fræðistörf við Guðbrandsstofnun í vetur. Kemur hún til með að flytja ljóð á hátíðinni. Auk þess mun Hallveig Rúnarsdóttir syngja og Jón Bjarnason leika á orgel, þannig að nóg verður af listviðburðum á hátíðinni.

Ekki verður selt inn á hátíðina en athygli vakin á því að greiða þarf sérstaklega fyrir grillmat. Nánari upplýsingar eru á heimasíðunni www.holar.is.

**roald@frettabladid.is**

# Grímsævintýri að Borg

Hátíðin Grímsævintýri að Borg í Grímsnesi verður haldin laugardaginn 11. ágúst. Hátíðin hefst klukkan 13.00 með Uppsveitavíkingnum þar sem sterkustu menn landsins takast á.

Margt annað verður í boði, til að mynda tombóla kvenfélagsins og útimarkaður með handverk, grænmeti og margt fleira. Þá verður spákona á staðnum sem spáir í spil og rúnir fyrir gesti hátíðarinnar.

Sveitungar taka þátt í glímu, hoppukastali verður fyrir börnin og kaffihlaðborð á Gömlu Borg.



**GRÍMSÆVINTÝRI** Festa má kaup á mörgu skemmtilegu á útimarkaðnum.



**Afmæli**

**Guðrún Magnea Gunnarsdóttir**

Sléttahrauni 20, Hafnarfirði,

varð hálfáttræð miðvikudaginn 8. ágúst. Kemur heim í dag, 10. ágúst, úr yngingarmeðferð frá Taílandi. Sjón er sögu ríkari, allir velkomnir :)



**ÁRBÆJARSAFN** Gömul mynd af Árbæjarsafni frá sjöunda áratugnum.

# Árbæjarsafn fimmtíu ára

Árbæjarsafn er fimmtíu ára um þessar mundir en 11. ágúst 1957 var fáni dreginn að húni við safnið í fyrsta sinn til marks um að gestir væru boðnir velkomnir í safnið. Í fyrstu var safnið töluvert utan alfaraleiðar en borgin hefur þanist út og nú er Árbæjarsafn svo að segja í miðri borginni þótt enn séu fyrir hendi nokkrir vaxtarmöguleikar fyrir safnið.

Helgina 11. til 12. ágúst verður haldið upp á þessi tímamót í Árbæjarsafni. Frítt verður inn á safnið þessa afmælishelgi og verður eitthvað um að vera í öllum safnahúsunum. Boðið verður upp á tónleika, skylmingar, lúðrasveit, fornbíla, hestvagn, ýmiss konar handverk verður sýnt og ný geymsla safnsins opnuð.



**Grænmeti,** ferskt og brakandi, er meðal söluvara á útimarkaðnum að Borg í Grímsnesi á morgun sem er liður í hátíðinni Grímsævintýri er hefst klukkan 13.



**Guðrún** tískuverslun er með lagersölu að minnsta kosti fram í næstu viku. Allir kjólar eru á 3.500, toppar á 1.200 og buxur á 3.200.

**Fiskisúpa** verður á boðstólum í tugum húsa og garða á Dalvík í kvöld. Kyndlar verða settir upp við þau hús þar sem súpa er í boði. Fiskidagurinn mikli er haldinn hátíðlegur í Dalvíkurbyggð ár hvert, á fyrsta laugardegi eftir verslunarmannahelgina.



Aukin ökuréttind - Meirapróf

Nýlegir kennslubílar



ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD

Næsta námskeið byrjar 22. ágúst

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

allt bílar

Alla laugardaga



Björg skreytir kökuna með alls konar berjum, eftir því hvað er fáanlegt á hverjum árstíma. Rauða rósin úr garði móður hennar ýtir enn frekar undir rómantíkina. Uppskriftin er á bls. 2.

MYND/HEIDA.IS

# Sumarlystisemdir

***Björgu Þórhallsdóttur söngkonu er íslensk rómantík ofarlega í huga um þessar mundir bæði í eldhúsinu og tónleikasölunum. Hún verður á rómantískum nótum á hádegistónleikum í dag – en fyrst þetta.***

„Ég ætla að bera fram „Rómantíska sumarbombu sælkerans“ sem hentar vel á ágústkvöldi. Hún tengist þemanu í lífi mínu þessa dagana sem er íslensk rómantík í ljóðum og línum,“ segir Björg þar sem hún er að skreyta hina girnilegustu tertu með yndislegum berjum í eldhúsinu heima á Akureyri. „Ég er svolítið veik fyrir svona bombum en bý þær frekar sjaldan til því ég reyni að halda mig við heilsusamlegt fæði,“ viðurkennir hún brosandi. „Þetta er marengsbotn með skyrkremi ofan á. Þetta er afar skemmtileg og góð tilbreyting og bomban er ferskari en venjuleg marengsterta. Svo skreyti ég með berjum og bláberin eru þar í öndvegi. Það er viðeigandi að leita til náttúrunnar þessa dagana og leyfa sér aðeins að njóta lystisemda hennar.“

Björg kveðst hafa yndi af matargerð og segir uppáhaldskryddin vera sítrónu, hvítlauk og kóríander. „Mér finnst gaman að elda góðan mat, ekki síst framandi rétti úr fersku hráefni. Líbönsk og tyrknesk matreiðsla höfðar til mín og eins taílensk. Svo gengur þetta dálítið í bylgjum eftir tímabilum.“

Björg er bæjarlistamaður Akureyrar um þessar mundir og þrátt fyrir að hafa búið mest í Englandi síðustu ellefu árin eru tengsl hennar við heimabæinn sterk. Þar hefur hún ýmsum verkefnum að sinna utan eldhússins. Í hádeginu í dag syngur hún í Ketilhúsinu íslensk sönglög í rómantískum anda við undirleik Daníels Þorsteinssonar píanóleikara, meðal annars ljóð Jónasar og Davíðs við lög Atla Heimis.

*gun@frettabladid.is*

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.

Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.



JKE DESIGN

Óteljandi möguleikar

Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

Veldu möguleika

**Við Pollinn** heitir nýr veitingastaður sem opnaði á Hótel Ísafirði nýlega. Það eru Halldór Karl Valsson og Eiríkur Gísli Johansson sem tóku við rekstri SKG-veitinga sem áður sá um matreiðslu á hótelinu.

**Sérfræðingar í saltfiski**
**Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.**
**Fyrir verslanir:**
**Til suðu:**
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi
**Til steikingar:**
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur
**Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:**
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl
**Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:**
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita
Ekta fiskur
Sælgæti úr sjónum
Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is

# Eigum að vera með fullt af fiskistöðum við sjóinn

***Þótt fiskunum fækki sem fanga má í sjónum þá fjölgar veitingastöðum sem sérhæfa sig í sjávarfangi. Einn var opnaður vestur á Granda á degi hafsins. Hann nefnist Sjávarbarinn.***

„Ég hef fengið gríðarlega góðar viðtökur, einkum frá fólki 40 ára og eldri. Ég hef ekki alveg náð til hamborgarakynslóðarinnar enn,“ segir Magnús Ingi, vert á Sjávarbarnum. Hann kveðst finna að svona stað hafi sárlega vantað. „Við eigum að vera með fullt af fiskistöðum við sjávarsíðuna,“ segir hann. „Við erum með svo gott hráefni hér á Íslandi. Besta hráefni í heimi. Það get ég vitnað um því ég hef unnið það mikið erlendis. Sjórinn er svo kaldur og því verður fiskurinn svo ferskur og góður.“

Þetta hljómar sennilega. Það kemur líka í ljós í frekara spjalli að Magnús er maður með reynslu. Byrjaði 17 ára á millilandaskipum og tók kokkaprófið. Lærði síðan á Hótel Sögu, vann í Noregi og á skemmtiferðaskipum, fraktskipum og togurum en byrjaði eigin rekstur 1988, fyrst í Ármúlanum svo í Munaðarnesi og víðar. Hann hefur verið með sömu kennitölu í veitingarekstrinum frá 1988. Það þykir gott í dag. „Nú er ég kominn í það sem mér finnst langskemmtilegast að vinna við – fiskinn,“ segir hann brosandi.

Magnús kveðst hafa hannað Sjávarbarinn frá grunni og er ánægður með staðsetninguna. „Hér spretta upp hús og fyrirtæki svo það er líflegt og túristinn skilar sér líka.“ Hann kveðst vera í góðu sambandi við fisksölumenn bæði á Grandanum og suður með sjó. Hann kaupir mikið beint á Faxamarkaði og handflakar sjálfur. „Það er ekki hægt að hafa hráefnið nýrra,“ segir hann.

Magnús opnar klukkan átta á morgnana með kaffi og rúnnstykkjum. Er með hlaðborð í hádeginu og rjómalagaða fiskisúpu sem hann gerir frá grunni. Svo er opið til níu á kvöldin og hægt er að koma við hjá honum og taka með sér mat heim eða á vinnustað. Í lokin er hann spurður hvað sé vinsælast. „Það er nú eiginlega þetta klassíska, fiskbollur og plokkfiskur sem þykir alveg ómissandi í hádeginu.“

Keila, hlýri og langa er fiskur sem Magnús kveðst hafa dálæti á því fiskurinn er svo þéttur í sér. Hér gefur hann uppskriftir að tveimur einföldum en ljúffengum réttum.

*gun@frettabladid.is*



„Nú er ég kominn í það sem mér finnst langskemmtilegast að vinna við – fiskinn,“ segir Magnús Ingi sem býður þrjá til fjóra kalda rétti og þrjá til fjóra heita í hádeginu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**OFNBÖKUÐ KEILA Á PORTÚGALSKA VÍSU**

**1 kíló keila, roðlaus og beinlaus og skorin í stóra gúllasbita. Hún er sett í marineringu úr eftirfarandi:**
**200 g laukur gróft saxaður**
**100 g svartar ólívur, skornar í sneiðar**
**100 g sólþurrkaðir tómatar**
**salt og hvítur pipar**
**kóríander,**
**basilíkum**
**timjan**
**2 dl ólívuolía**

**Fiskurinn látinn marinerast í tvo tíma. Síðan látinn í eldfast mót og osti stráð yfir. Settur í 200 gráðu heitan ofn í 20 mínútur. Borðaður með grænmeti, hrísgrjónum eða kartöflum.**



**PÖNNUSTEIKTUR HLÝRI MEÐ BLÁBERJUM**

**1 kíló hlýri**
**1 blaðlaukur**
**1 askja bláber**
**100 g rækjur**
**hveiti**
**salt**
**pipar**
**paprikukrydd**

**Fiskurinn er skorinn í hæfileg stykki, velt upp úr hveiti sem salti, pipar og paprikudufti er blandað í. Snöggsteiktur á pönnu. Tekinn af pönnunni og látinn dorma smá stund inni í ofni meðan blaðlaukur er steiktur, síðan er bláberjunum bætt á pönnuna og síðast rækjunum. Þetta er aðeins ristað og kryddað með salti og pipar og sett yfir fiskinn.**

Þúsundeyjasósa...
... þegar vindur hvín!




*Góð með kjúklingi, svínakjöti, reyktum laxi, graflaxi, sem salatsósa og í kalt pastasalat hverskonar.*

Hvítlaukssósa...
... þegar sólin skín!




VOGABÆR

*Frábær köld með kjúklingi og lambakjöti og út á pizzuna. Góð á saltkexið með rifsberjahlaupi og sem ídýfa.*

Grafika 03/2007

## Sumarbomba sælkerans

***Uppskrift Bjargar Þórhallsdóttur söngkonu.***



**MARENGSBOTN**
**(Má nota hvaða tegund af marengsbotni sem er, en þessi finnst mér bestur)**
**5 eggjahvítur**
**1 dl ljós púðursykur**
**2 dl sykur**
**1 tsk. lyftiduft**
**2 bollar Kellog's coco pops (eða súkkulaði rice-crispies)**

**Stífþeytið eggjahvíturnar. Bætið sykrinum varlega saman við meðan enn er þeytt og stífþeytið vel. Lyftiduft og coco pops hrært varlega saman við með sleif.**

**SKYRKREM**
**4 dl rjómi**
**3 dl hreint og hrært KEA skyr (að sjálfsögðu!)**

**Rjóminn og skyrið er þeytt saman í hrærivél og sett ofan á kökuna. Gott er að láta kökuna standa í 1-2 klst. í kæli áður en hún er borin fram. Skreytt eftir smekk með berjum, t.d. bláberjum, rifsberjum, jarðarberjum, kirsuberjum, o.s.frv. Bláberin passa sérstaklega vel við skyrkremið!**

**Reiðhjólahjálmar** eru á tilboði hjá Erninum þessa dagana. Allir reiðhjólahjálmar eru á 2.990 krónur.




Nana og Dísa með djásnið á milli sín, en í því verða alls kyns undursamlegir tónar til. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Makkinn er síðbúin jólagjöf

***Tónlistarkonurnar Arndís Hreiðarsdóttir og Guðrún Lára Alfredsdóttir gerðu góð kaup þegar þær urðu sér úti um macintosh-tölvu.***

Tónlistar- og sambýliskonurnar Arndís Hreiðarsdóttir og Guðrún Lára Alfredsdóttir, eða Dísa og Nana eins og þær eru yfirleitt kallaðar, segjast samstilltar í innkaupum fyrir heimilið. Þær eru ekki í neinum vafa um að macintosh-tölva sem var keypt undir tónlistarvinnslu sé þeirra bestu kaup.

„Við notum makkann óspart í allri okkar tónlistarvinnu, þannig að óhætt er að segja að tölvan flokkist undir okkar bestu kaup,“ segir Dísa og bætir við að þær Nana hafi keypt tölvuna í janúar þannig að hún hafi verið síðbúin jólagjöf.

Að sögn Dísu er tölvan þeim alveg lífsnauðsynleg við tónlistarsköpunina, enda báðar á kafi í tónsmíðum og tónleikahaldi. Dísa er að undirbúa sig fyrir tónleika með Elísu Maríu Geirsdóttur, sem er að fara að gefa út sína fyrstu sólóplötu, og þær Dísa og Nana vinna að verkefni sem þær vilja ekki ræða á þessu stigi málsins. Sú spurning vaknar hvort ein tölva á heimilinu dugi þeim báðum.

„Okkur langar svolítið í aðra svo við getum báðar verið á fullu, þar sem við vinnum alla tónlist saman,“ svarar Dísa og hlær. „Framtíðarplanið er að kaupa okkur stærri og betri makka og búa til alvöru hljóðver hér heima. Það er draumurinn.“

Aðspurðar viðurkenna stöllurnar að þær séu hins vegar ekki alltaf jafn ánægðar með innkaupin og þá helst matarinnkaupin í ljósi þess hversu mikið vill enda í ruslinu.

„Því miður kaupum við í sumum tilvikum alltof mikinn mat í Bónusferðunum, sem eru farnar í sparnaðarskyni,“ segir Nana. „Svo erum við svo uppteknar að vinna fram á nótt að við höfum ekki tíma til að elda og þurfum að henda hluta af matnum í ruslið,“ bætir Dísa við. „Algengast er að salatpokarnir verði fyrir valinu, enda mætti líka alveg framleiða minni poka. Það er mjög pirrandi að þurfa að henda peningum í ruslið.“

*roald@frettabladid.is*

## Útsölur og tilboð

ÚTSÖLULOK ERU NÚ VÍÐA OG MÁ ÞVÍ GERA GÓÐ KAUP Á NÆSTU DÖGUM.

Síðustu dagar útsölunnar eru nú í versluninni **Emilíu** við Suðurlandsbraut 50. Boðað er algjört verðhrun. www.gala.is

Útsölunni í tískuvöruversluninni **Hjá Hrafnhildi** lýkur á laugardaginn. Verslunin er við Engjateig 5 en opið er frá 10 til 16 á laugardaginn.

Boðið verður upp á ýmis tilboð á útsölulokum **Tékk Kristals** í Kringlunni um helgina. www.tk.is

Allar útsöluvörur hjá versluninni **Feminin Fashion** í Bæjarlind 12 eru á 50 til 90 prósenta afslætti. www.feminin.is

Útsala hefst í dag hjá versluninni **mkm** við Óðinstorg. Veittur er 25 til 50 prósenta afsláttur.

Fimmtíu prósenta afsláttur er veittur af öllum útsöluvörum hjá **Iðunni** tískuverslun að Laugavegi 51 og Kringlunni.



ÚTSALA

30 - 60%
afsláttur
Selena
Síðumúla 3, sími 553 7355
Sumaropnun: 10-18 virka daga
11-15 laugardaga

FERÐATÖSKUR
í bláu og svörtu.
Léttar og ódýrar

Töskuog hanskabúðin ehf.

## Dönsk gæðavara

DANSKUR FATNAÐUR FYRIR DÖMUR Á ÖLLUM ALDRI ER Á 60% AFSLÆTTI Í MAÏA

Útsalan er að renna sitt skeið á enda í versluninni maïu á Laugavegi 94 en þar er samt enn hægt að gera góð kaup því 60% afsláttur er á fatnaði. Um er að ræða vandaðan danskan dömufatnað með merki Day Birger it Nikkelsen. Sem dæmi um verðlækkun má nefna að síðir dragtarjakkar sem áður kostuðu 29.999 eru nú á 11.996 og buxur í stíl sem voru á 19.990 kosta nú 7.990.

Auk fatnaðarins fást fylgihlutir, bækur og geisladiskar í maïu og er um 10% afslátt að ræða á þeim.



Útsölulok eru nú í Maïu.



Allt að 80% afsláttur af völdum vörum í Egginu.

# Fínlegt til heimilisins

***Húsgögn, gjafavara, handklæði og rúmföt eru meðal útsöluvara í Eggi á Smáratorgi.***

Allt að 80% afsláttur er á völdum vörum í versluninni Eggi á Smáratorgi. Gildir það til dæmis um vörur frá Lín Design sem er íslensk hönnun í háum gæðaflokki. Þar eru matar-og kaffistell, rúmfatnaður og svuntur svo nokkuð sé nefnt. Allt með fínlegum skreytingum, jafnvel úr íslenskri flóru. Húsgögnin í Egginu eru á 30-70% afslætti og marglit gjafavara úr gleri og fleiri efnum er á hálfvirði.

# Skóladagar fram undan

***Útsala í verslunum Brim.***

Skóladagar með tilheyrandi tilboðum standa yfir í verslunum Brim að Laugavegi 71 og í Kringlunni, Stjörnutorgs-hæð. Hægt er að velja sér buxur og topp, ýmist peysu, skyrtu, bol eða jakka, fyrir 9.990 kr. Krakkastærðir á 7.990 kr. Þá eru allar töskur og skór með 25 prósenta afslætti. Skóladögum lýkur 16. ágúst.

Nú standa yfir tilboðsdagar í verslunum Brim.



Sumartilboð
Vorum að fá nýja sendingu frá ELBA og bjóðum nú þessi frábæru tæki með 20-40% afslætti meðan birgðir endast.
Við bjóðum enn betur, því við veitum einnig magnafslátt, 3% af tveimur tækjum, 4% af þremur og 5% séu keypt 4 eða fleiri tæki samtímis.
20-40% afsláttur
Tilboðinu lýkur 10. ágúst

BETRI STOFAN
ELBA
Velkomin í Friform þar sem þú færð meira fyrir peningana
Opið virka daga kl. 9-18
Sumarlokun á laugardögum
Friform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI

### Bílar til sölu




Toyota Camry HYBRID 5,9L/100km Nýr frá 2600þús til leigubílstj., almennt v.3325þús. Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



Toppeintak! Mini Cooper S árg. '04. Ek. 19. þ. mílur. Ný heilsársdekk, topplúga, leður o.fl. ásett 3050. þús. Áhvl. 2,4. Uppl í s. 691 8900.



Subaru Impreza árg '03. Ek.94 þ. Ssk. Fæst á 100% láni. 24 Þ. á mán hjá lýsingu. ný tímareim, vasdæla, brennsuklosar. Bíll í topp standi. Uppl. í s. 848 4992.



Mazda6 '04 ek. 39 þ. Ssk / sumar og vetrard. á felgum. Ekkert áhv. V. 1.690 þ. S. 869 3801.



Góður í vetur: Subaru Legacy Wagon, GL, árg.'99, ek. 178þ. TILBOÐ: 490þ. sk.'08, Sjálfsk, bensín, 4WD, dráttarb, vetrar- og sumardekk. s: 8971593, 8957593



VW Golf GTI 10/05 ekinn aðeins 14 þ Ssk, 18" álfelgur, lúga Glæsilegur bíll V 3.090 þ. Uppl. í s. 865 5771



MMC Galant 2,4 árg.'02 ek 93 þús. m. Ný tímareim og margt fl. Töff bíll í góðu standi. Verð 920 þús. Uppl. í s. 897 9252.



Peugeot Partner '99. 1,1 L. Ek. 150 þús. Fínn vinnubíll, eyðir eingu. Uppl. í s. 897 9252.



Opel Astra árg.'00. 1,2 L. Ek. 84 þús. Ný skoð. Í góðu lagi. Sparibaukur. Verð 340 þús. Uppl. í s. 897 9252.



Nissan Primera árg. 98 ekinn 141 þúsund bsk. 1600cc góður og sparneytinn bíll. Verð 320 þúsund. Uppl. í s. 860 0045, Elvar.



VW Passat 2.0 FSI árg 2005. Ekinn 25.000. Verð 2.450þkr. Uppl. í síma 693 8310.



Musso '99 2,9 diesel. Ssk., topplúga. Í góðu standi. Sk. '08. Skoða öll skipti. Uppl. í s. 894 1748.



Til sölu Nissan Patrol árg. 2000, ek. 183 þús., 33", áhv. um 1500 þús. góður bíll. Uppl. í síma 660 1704.



Til sölu Ford F 350 Harly Davidson. Með öllu árg. '05. Ek. 39 þús. Verð 3,3 + vsk. Uppl. í s. 892 1033.



**Tilboð 240 þús.**
Toyotra Corolla árg'96. Ek. 143 þús. Í topp standi. Uppl. í s. 694 9066.



MMB árg '03 220 CDI diesel. Vel búin aukabúnaði. V. 3.490 Uppl. í s. 893 5005

VW Golf árg. 00 ek. 106 þ. 4 dyra. heilsársd. Verð 430 þ. Uppl. Katrín í s/fax 553 3545 tek við tilboðum.



Lada Sport nýskráður júlí '07. Ek. 400 km, vökvastýri, álfelgur, dráttarbeysli, verð 900 þús. Uppl. í s. 849 5948.



Toyota Yaris árg.'01. Ek. 119 þús. Ný skoðaður. Beinsk. Topp eintak. Tilboð óskast. Uppl. í s. 898 9944.



Grand Cherokee Laredo árg. 2001. Leðursæti, upphækkaður, keyrður 75þ m. Reisulegur og fallegur bíll. Verð 1.750.000. Haukur s. 820 0864.

**www.bilapartar.is**
Eigum nokkra Toyota fólksbíla og jeppa til sölu. Upplýsingar í síma 587-7659 Bílapartar ehf, Grænamýri 3 Mosfellsbæ.

Daiwoo Nurbina Bilaður selst ódýrt árg. 99 ek 121þús. sk 08 Tímareim farin uppl. í s:8979994

Nissan Patrol árg.'94 með ónýta vél. Annars í góðu standi, gott body. Uppl. í s. 864 3030.

Toyota árg. '98. 1600 Ek. 160 þús. Bíll í góðu standi. Sk. '08. Verð 300 þús. Uppl. í s. 897 4693

Corolla station '05 1.4 bsk ek 52þús,filmur,flottur bíll fæst á 1090.000.- stgr uppl 8615360

Toyota Raf4 EXE árg '01. Ek. 97 þús. Ssk, leður, lúga, dráttarkrókur. Verð 100 þús.+ yfirtaka 1360 þús. Uppl. í s. 691 9374.

Til sölu hjólhýsi Tabbet Puccini 560 DV2,5 árgerð 2006. Sólarsella, Sjónvarp, Loftnet, Fortjald, Fortjaldsdúkur Hljómtæki. Ásett verð 3.390.000 Tilboð óskast. Uppl. í síma 557 7720.

### 0-250 þús.



BMW 316i Touring '93. Ek. 174 þús. km. Sk. '07. Verð 230 þús. kr. Uppl. í s. 867 3708.



Til sölu blár Subaru Impreza árg. '97, ek. 104 þús. km., 5 gíra, dráttarkrók. Sk. '08. Verð kr. 260.000. Uppl. í síma 824 5718.



Til sölu Pontiac Grandam '96 2,4 Twincam Ek. 132 þús. Verð 180 þús. Uppl. í s. 899 4096.

GoKart Rotax Max til sölu með tímatökubúnaði og varahlutum. Verð. 85þ. Upplýsingar í s. 863 8030.

Óska eftir bíl á sjötíu þúsund stgr.upl í síma 6601202

### 250-499 þús.



Toyota Corolla 1,6 árg. '98. Ek. 124. þús. Ný skoðaður. Verð 370. þús. Uppl. í s. 557 4052.

### 500-999 þús.



Toyota Yaris Sol, árg 99, ekinn 80þús. Ásett verð 550. Uppl 849-8999



Opel Vectra árg. '99 ek. 90 þús. ssk. Verð 550 þús. Uppl. í síma 690 3914.

### 2 milljónir +




Nýr 2007 Dodge Caliber frá 1995þús, 7,4L/100km (fæst sem 4x4), Dodge Caravan frá 2.490þús! Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



Árgerð 2002 Ekinn 100 þ.km. Álfelgur, sumar og vetrar dekk, verð kr.2.200.000 Sími 858 2741.

### Bílar óskast

Áttu bíl sem er skoðaður og í góðu standi á kr. 50-80 þús. Uppl. í s. 664 5776.

### Jeppar




2006-2007 Jeep Grand Cherokee frá 2,590, Ford Explorer frá 2.690, Dodge Durango frá 2.690, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.790, Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



Til sölu Nissan Patrol '95. Ek. 266 þús. Nýleg 33" dekk. Sk.'08. Tilboð 380 þ. stgr. S. 845 5141.



**Jeep Liberty 2002**
Ekinn 36. þ. mílur ný skoðaður, verð aðeins 1550. þús. Uppl. í s. 895 7846.

### Pallbílar




Ford F150 frá 1.750þús! Toyota Tacoma frá 1990þús. Ford 350/Dodge RAM 3500 4x4 dísel án hraðatakmarkara. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

### Vörubílar



Kranabíll er til sölu, með palli stól undir 55 ton /mtr krani með 6 í glussa og jipp með 3 í glussa + 2 manual, samtals um 24 metrar. Sími 868 2918.

### Húsbílar



Til sölu húsbíll árg '87. Einn með öllu. Verð c. 2. mill. Uppl. í s. 821 1270 & 862 3170.



Til sölu árgerð 2007 Fiat Mclouis Lagan 253g. Ekinn 4500km. Sjónvarp,DVD,bakkmyndavél. Stórt rúm, stór lest. verð 5,9 m. Uppl. í síma 8984459

### Mótorhjól



1300 Hayabusa árg. '03. Ek. 9þ. Áhv. 820 þ. Verð 1.050 þ stgr. Engin skipti. Uppl. í s. 897 0934.



Tilboð óskast í Husqvarna TC 250 4 Stroke. Árg. '05. Ath. öll skipti. Uppl. í s. 696 1378.



Yamaha Roadstar 1602cc. Árg. '02. Ek. 25 þ.km. Hlaðið aukahl. verðh 990 þ. S. 869 1122.

Yamaha FZ1 1000 Fazer '02 Ek. 30.000. Svart. Snilldartæki í toppstandi s. 825 0725.

### Hjólhýsi



Eigum aðeins eitt Rubis hjólhýsi eftir, létt og meðfærilegt hús með upphækkanlegum topp. Tilboð aðeins 1.450.000. Combi Camp, Smiðjuvegur 8, (græn gata) S. 517 22 22.



Til sölu hjólhýsi. Hobby 560 ufe Exelcior árg.'06. Með leðri, sólarsellu, sólskyggni, útvarpi+cd, sjónvarpsloftneti ofl. Fæst á góðu verði. Uppl. í s. 899 5443.



Hymer Living 560 árg 2005, lítið notað. Verð nýtt 3.250 þ.kr., selst á 2.750 þ.kr. Uppl. í síma 693 8310.

### Fellihýsi

12" Bayside fellihýsi til sölu. árg. 2006 ónotað. Sólarsella, útvarp/cd, loftpúðar, hús í toppstandi. Myndir á www.isfoss.com/sala, Uppl. Ágúst 893 5414.

# SiRKUS

10. ÁGÚST 2007



BLÆR ER DRAGDROTTNING ÍSLANDS

## SIGRAÐI LOKS Í ÞRIÐJU TILRAUN

■ Geir Ólafs syngur fyrir fimm þúsund manns ■ Adolf Ingi með nýja hárgreiðslu ■ Skin og skúrir í lífi Eiðs Smára ...


Lífið er **ferðalag**



Njóttu hverrar stundar af ferðinni. **Yamaha vespa** er ferðafélaginn þinn. Flott útlit og frábærir akstursEiginleikar.

Komdu að skoða vespuna þína í MotorMax.

**Þú færð hjálm í kaupbæti í ágúst.**

MotorMax

**MotorMax Reykjavík** - Klettháls 13 - Sími 563-4400
**MotorMax Egilsstöðum** - Sími 470-5080 / 470-5070
**Tækjasport og dekk Akureyri** - Sími 460-4350

YAMAHA

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

# fréttir

## Heyrst hefur

### Ísgerður gengin út

Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir, sem margir þekkja sem Snæfríði úr Stundinni okkar, er komin með mann upp á arminn. Hinn heppni heitir Einar Gíslason og er smiður úr Breiðholtinu. Ísgerður og Einar hafa verið að slá sér upp síðustu mánuði og voru meðal gesta í stjörnubrúðkaupi Árna Þórs Vigfússonar og Maríkó Margrétar Ragnarsdóttur. Að sögn þeirra sem til þekkja eru Ísgerður og Einar afar hamingjusöm. Svo skemmtilega vill til að þau eru í bæði í nautsmerkinu en Ísgerður er þremur árum eldri en Einar.



### Rýrnun hjá feita antíksalanum

Frægasti antíksali landsins, Jónas Ragnar Halldórsson, hefur skroppið saman um nær helming eftir að hann byrjaði í megrunarátaki. Jónas, sem vó áður 164,5 kg, lætur viðskiptavini sína njóta góðs af öllu saman og auglýsir nú kokhraustur álíka verðrýrnun í antíkversl-uninni við Hlemm, eða 50%. Með auglýsingunni hefur hann birt mynd af sér sem sýnir hann geislandi grannan, skegglausan og algjörlega óþekkjanleg-an. Vitað er til þess að fólk hafi gert sér sérstaka ferð til að kíkja á þennan áður stærsta antíksala landsins og hinn góða árangur hans enda er sjón sögu ríkari.



### Apótekið selt

Veitingastaðurinn Apótekið hefur verið seldur. Kaupendur eru þeir Garðar Kjartansson, sem áður rak Nasa og Þrastarlund, og Gunnar Traustason. Breytingar verða gerðar á staðnum en eigendurnir vilja ekki gefa upp hverjar þær verða.



**FÉLL VEL Í KRAMIÐ** Söngur Geirs Ólafssonar féll vel í kramið hjá Loga Geirssyni þegar hann hélt veislu í tilefni þess að Lemgo varð Evrópumeistari í fyrra.

MYND/HILMIR HEIÐAR LUNDEVIK

LOGI GEIRSSON, LANDSLIÐSMAÐUR Í HANDKNATTLEIK, ÆTLAR AÐ GERA UPP GAMLA SKULD OG FÆR GEIR ÓLAFSSON TIL AÐ SYNGJA Í HANDBOLTAHÖLLINNI Í LEMGO.

# SYNGUR FYRIR FIMM ÞÚSUND MANNS Í ÞÝSKALANDI

Logi Geirsson, landsliðsmaður í handknattleik og leikmaður Lemgo í þýsku úrvalsdeildinni, rær nú öllum árum að því að kynna stórsöngvarann Geir Ólafsson fyrir Þjóðverjum. Logi hefur verið í viðræð-um við forráðamenn Lemgo um að Geir fái að syngja fyrir fimm þúsund manns þar ytra.

„Já, það var komið að skuldadögum hjá mér og ég gekk í málin eins mönn-um sæmir. Útkoman er sú að Geir Ólafs er líklegast að fara að halda eins lags tónleika hér í Lemgo um jól eða áramót," segir Logi sem gerði samn-ing við stórsöngvarann á síðasta ári sem hann þarf nú að uppfylla.

„Ég hringdi í Geira í fyrra og bað hann um að taka óvænt „show" í partíi sem ég hélt í tilefni af því að við í Lemgo urðum Evrópumeistarar. Þar voru samankomnir allir mögulegir úr þjóðfélaginu og það er nú bara þannig að það er ekki hægt að halda flottasta partíið nema Geir Ólafs mæti," útskýr-ir Logi. „Geir sagði við mig: „Logi, við skiptum. Ég tek partíið og geri allt vit-laust og þú reddar mér að syngja í höllinni hjá ykkur á næsta tímabili." Ég svaraði því að sjálfsögðu játandi og það eina sem hægt er að segja um partíið er veni vidi vici. Fólk gjörsam-lega veltist um af hlátri út af uppi-standinu hans Geira," segir Logi.

Logi er ekki í vafa um að Geir muni falla í kramið hjá þeim þýsku. „Ég er sannfærður um að hann muni slá í gegn hérna í höllinni okkar þegar hann syngur fyrir 5.500 manns," segir Logi og bætir við. „Ég vil nú ekki vera að skjóta á Geira en ég er viss um að hann hefur aldrei sungið fyrir fleiri áhorfendur. Þetta er maðurinn sem Þjóðverjar munu elska."

Að sögn Loga er aðeins eitt sem stendur í vegi fyrir uppákomunni en það eru græjumál í höllinni. „Geir vill meira en bara einn míkrafón, hann vill fá að eiga svæðið og þá verður að vera allt til alls. Ég er þegar byrjaður að safna fyrir græjunum sem hann þarf að nota," segir Logi og bætir við. „Svo er aldrei að vita nema Geir taki Nancy Sinatra með sér og kveiki aðeins í liðinu hérna í Lemgo. Lífið er alltof stutt til þess að gera ekki ein-faldlega það sem manni dettur í hug."

„Mér líst rosalega vel á þetta. Ég hef áður sungið í Berlín og þá með Sverri Stormsker," segir Geir Ólafsson sem er að vonum ánægður með tækifærið sem honum býðst í höllinni í Lemgo. „Ég kann vel við Þjóðverja. Þeir eru skemmtilegir."

Geir segir það ekki vera rétt hjá Loga að hann hafi ekki sungið fyrir fleiri en fimm þúsund manns. „Ég hef nú sungið fyrir tíu þúsund manns í Kanada og er nú ekki að stíga mín fyrstu skref fyrir framan fólk. Ef þú telur allt saman þá hef ég sungið fyrir milljónir," segir Geir kokhraustur og er ekki í vafa um að hann muni fá Þjóðverja á sitt band. „Munurinn er kannski sá að Logi á það til að hafa 90% áhorfenda með sér en ég mun hafa 100% þeirra."

Geir segir giggið koma sér vel enda ætlar hanna að gefa út nýja plötu á svipuðum tíma með stórhljómsveit sinni. „Ég hlakka til að gera Loga greiða, gera hann vinsælan í Þýska-landi," segir Geir Ólafsson og hlær.




# Hárið fékk að fjúka

Adolf Ingi Erlingsson, íþrótta-fréttamaður hjá Ríkissjónvarp-inu, skartar nýrri hárgreiðslu sem eftir er tekið. Dolli, eins og Adolf Ingi er oftast kallaður, hefur látið raka af sér allt hárið svo skín í beran skall-ann.

„Hárið var nú ekkert til að halda upp á. Er ekki karlmannlegra að sætta sig við orðinn hlut og bera skallann með reisn en að ríghalda í eitthvað sem er ekki neitt," segir Adolf Ingi sem rakaði hárið fyrst af í júní en beitti svo sköfunni stuttu seinna.

Adolf Ingi segist hafa gefist upp á gömlu hárgreiðslunni. „Hún lúkkaði allt í lagi í myndavélunum þegar tekið var beint framan á en ekki þegar myndavélin kom á hlið eða aftan að mér eins og upptökumennirnir gerðu stundum til að stríða mér," segir Adolf Ingi sem þakkar körfuboltagoðinu Michael Jordan fyrir að hafa riðið á vaðið með því að bera skallann. „Fyrir-myndirnar eru margar og góðar."

Það hvarflaði aldrei að Adolfi Inga að greiða yfir skallann góða. „Ég hef nú smá snefil af sjálfsvirðingu," segir hann hlæjandi, himinlifandi með nýju klippinguna. „Þetta er svo þægilegt og ég þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af því að hárgreiðslan fari úr skorðum."

En skallinn er ekki það eina sem er nýtilkomið í lífi Adolfs Inga. Hann eignaðist einnig afa-strák fyrir skömmu sem fékk nafnið Þor-grímur. „Hann er svínfeitur og sköll-óttur, alveg eins og afinn," segir Adolf Ingi og skellir upp úr.



**MEÐ MAKKANN** Adolf Ingi með makkann góða sem reyndist betri að framan en að aftan og á hlið.



**BERAR SKALLANN** Hárið fékk að fjúka enda orðið þunnt og ræfilslegt.

MYND/HÖRÐUR


ALLIR SEM SKRÁ SIG Í SPRON NÁMSMENN FÁ:
FLOTTAN FARTÖLVUBAKPOKA
3.000 KR. GJAFABRÉF Í GRIFFIL*
TVO BÍÓMIÐA Á MYNDINA DISTURBIA**
ÉG NENNI AÐ PÆLA Í ÞESSU AF ÞVÍ AÐ ÉG NENNI AÐ EIGA PENINGA
SPRON NÁMSMENN
Þegar þú gerist félagi í SPRON NÁMSMENN átt þú möguleika á eftirfarandi:
FRÍU DEBETKORTI
150 FRÍUM DEBETKORTAFÆRSLUM Á ÁRI
FRÍU EINKAKLÚBBSKORTI
FARTÖLVUTILBOÐI Í MAX RAFTÆKJUM
NÁMSSTYRKJUM, BÍLPRÓFSSTYRKJUM & BÓKASTYRKJUM
TÖLVUKAUPALÁNI***
NÁMSLOKALÁNI***
DESEMBERUPPBÓT
...ÁSAMT ÖÐRUM FRÁBÆRUM FRÍÐINDUM OG KJÖRUM
*GILDIR TIL 30. SEPTEMBER **FRUMSÝND Í LAUGARÁSBÍÓ 31. ÁGÚST ***SAMKVÆMT ÚTLÁNAREGLUM SPRON
ÞITT ER VALIÐ - KYNNTU ÞÉR MÁLIN Á SPRON.IS
spron
NÁMSMENN

SKÍFU LISTINN

## VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Megas og Senuþ. | – | Frágangur |
| 2 | Ýmsir | N | Pottþétt 44 |
| 3 | Ýmsir | ↓ | Íslandslög 7 |
| 4 | Ýmsir | – | Í brekkunni: Eyjalögin |
| 5 | KK og Maggi Eiríks | ↓ | Langferðalög |
| 6 | ýmsir | ↑ | Íslandslög 1-6 |
| 7 | Ýmsir | ↓ | 100 Íslensk 80's lög |
| 8 | Garðar T. Cortes | ↑ | Cortes 2007 |
| 9 | Mika | ↓ | Life in Cartoon Motion |
| 10 | Ljótu Hálfvitarnir | ↓ | Ljótu Hálfvitarnir |
| 11 | Hvanndalsbræður | ↓ | Skást of |
| 12 | Magni | N | Magni |
| 13 | Gus Gus | ↓ | Forever |
| 14 | Smashing Pumpkins | N | Zeitgeist |
| 15 | Amy Winehouse | ↓ | Back To Black |
| 16 | Jógvan | ↓ | Jógvan |
| 17 | Ýmsir | N | Instant Karma (John Lennon) |
| 18 | Lay Low | ↓ | Please Don't Hate Me |
| 19 | Korn | N | Untitled |
| 20 | Tríó B. Thor og A. Gyl | ↓ | Vorvísur |

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækka frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku — Stendur í stað

Listinn gildir vikuna 9. ágúst- 16. ágúst 2007

**Pottþétt 44**

Pottþétt 44 fer beint í annað sæti listans þessa vikunar. Hér eru öll betu lög listans á 2 geisladiskum. Skildueign.





**Megas og Senuþjófair**

Mest seldi diskur landsins í dag og á góðri leið að vera sá mest seldi á árinu, þetta er möglulega plata ársins að margra mati. Megas er kominn aftur.

**Næld þér í eintak**

S·K·Í·F·A·N


# MEÐ HEIMSFRÆGUM LAGAHÖFUNDI Í LA

JÓHANNA GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR ER Á LEIÐINNI VESTUR UM HAF ÞAR SEM HÚN HYGGST LEGGJA LOKAHÖND Á NÝJA PLÖTU. PLATAN VERÐUR VÆNTANLEGA TILBÚIN Á NÆSTA ÁRI.

Ég er að fara út til Los Angeles í upptökur, semja og klára plötuna mína," segir Jóhanna Guðrún Jónsdóttir, söngkonan efnilega úr Hafnarfirði. Lítið hefur farið fyrir Jóhönnu Guðrúnu síðustu ár eða frá því að hún gaf út samnefnda plötu fyrir fimm árum.

„Við erum komin vel á veg með plötuna en eigum eftir að fínisera hana," segir Jóhanna Guðrún. Á plötunni verða tólf til þrettán lög sem verða sungin á ensku. Lögin eru öll frumsamin en Jóhanna Guðrún hefur verið að vinna með breska lagahöfundinum, Lee Horrocks, sem samið hefur lög fyrir heimsfræga listamenn, til dæmis dívuna Celine Dion, hjartaknúsarann Enrique Iglesias og ógæfusömu leikkonuna Lindsay Lohan.

„Ég hef nú ekki fylgst með öllu sem hann hefur gert en við erum búin að vinna með honum í mörg ár," segir Jóhanna Guðrún sem kvaddi fjölskyldu sína í dag og flaug vestur um haf.

Jóhanna Guðrún sló í gegn hér á landi níu ára gömul. Hún er því sannkölluð barnastjarna. Það var ein af ástæðum þess að hún ákvað að draga sig í hlé frá skarkalnum þrettán ára gömul. „Við ákváðum bara að ég myndi hvíla mig smástund á þessu svo ég yrði ekki stimpluð sem barnastjarna þótt ég sé það vissulega," segir Jóhanna Guðrún og hlær. „Það er erfitt að má þennan barnastjörnustimpil af sér úti í heimi."

Söngkonan unga segist setja stefnuna á erlendan markað en hún hefur þó báða fætur á jörðinni. „Það eru engar yfirlýsingar um heimsyfirráð. Við fikrum okkur hægt áfram," segir Jóhanna Guðrún sem býst við að platan hennar verði tilbúin á næsta ári.



**JÓHANNA GUÐRÚN** Sló í gegn níu ára en nú, átta árum síðar, er hún á leið til Bandaríkjanna til að leggja lokahönd á nýja plötu.

# Ánægður með nýju hjólin

Árni Friðleifsson er frægasta mótorhjólalögga landsins. Hann er vanur að keyra um á gömlum og góðum Harley Davidson hjólum. Nú eru hins vegar breyttir tímar. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur tekið í gagnið japönsk hjól sem eru allt öðruvísi en gömlu Harley-hjólin.

„Sem betur fer þá erum við í lögreglunni fjölhæfir," segir Árni sem nú þarf að velja á milli amerískra og japanskra hjóla. „Ég er búinn að vera í þessu í tuttugu ár og þekki Harley-inn mjög vel. Það er ekki laust við að þetta séu smá viðbrigði. En þessi nýju hjól koma vel út og þau eru þægileg í akstri."

Árni er eldri en tvævetur þegar kemur að mótorhjólum. Sjálfur á hann Harley Davidson og er úr mikilli mótorhjólafjölskyldu – hann er bróðir Sivjar Friðleifsdóttur, þingflokksformanns Framsóknarflokksins.

„Ég get ekki neitað því, þar sem ég á sjálfur Harley, að það sé smá togstreita á milli gömlu og nýju hjólanna," segir Árni hlæjandi. „En í vinnunni leggur maður svona togstreitu til hliðar."

Nýju löggumótorhjólin eru af gerðinni Yamaha FJR 1300. Að sögn Árna eru þau allt öðruvísi byggð en Harley Davidson hjólin. Hafa aðra aksturseiginleika, öðruvísi vél og hemlakerfi. „Þau eru byggð til meiri hraðaksturs en mér finnst þessi hjól koma vel út og þau fara vel á götu," segir Árni og bætir við: „Við erum alsælir með að hjólunum hafi verið fjölgað. Bifhjólin hafa sannað sig sem öflugt tæki í umferðarlöggæslu."



**ÁRNI OG HJÓLIN** Árni er hrifnari af Harley en gerir þó ekki upp á milli hjólanna þegar hann er í vinnunni. SIRKUSMYND/HÖRÐUR


SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Yfir 150.000 gestir daglega**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá



ez sleep

**BYLTING Í SVEFNLAUSNUM**

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS Á HEILSUDÝNUM

**FRÍ LEGUGREINING OG FAGLEG RÁÐGJÖF**

Rúmgott er leiðandi í þróun og framleiðslu á heilsudýnum og rúmbotnum undir vörumerkinu EZ-sleep á Íslandi. Við höfum yfir að ráða fullkomnum tækjabúnaði til að mæla þrýstijöfnun á líkama hvers einstaklings sem gerir okkur kleift að framleiða svæðaskiptar heilsudýnur sniðnar að viðkomandi.



**10-40% AFSLÁTTUR**



55 ÁRA

Rúm Gott

Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 · laugardaga kl. 11-16

www.rumgott.is


FM957
ZÚÚBER
FRÁ 7 TIL 10
ALLA VIRKA DAGA
NÚ GETURÐU LÍKA HORFT
Á OKKUR Á FM957.IS!
ROLLING STONES
Fiton/SÍA

# EKKI AFTUR Í APASKINNSGALLA



**KÍNVERSKUR SILKIJAKKA** Lovísa heillaðist af þessum fína silkijakka þegar hún var stödd í Kína með Íslenska dansflokknum. MYND/HÖRÐUR

Ég eyði miklum tíma í dansgallanum og þess vegna finnst mér sérstaklega skemmtilegt að klæða mig upp," segir dansarinn Lovísa Ósk Gunnarsdóttir sem hefur meðal annars eytt sumrinu á Vopnafirði og á Spáni með dansfélaga sínum Höllu Ólafsdóttur til að semja og þróa verkið Hundaheppni sem sýnt verður á Reykjavík Dansfestival í lok ágúst. „Verkið fjallar í stuttu máli um vináttusamband tveggja kvenna og til að treysta böndin á Spáni þá skelltum við okkur einmitt í skemmti-/verslunarferð til Barcelona þar sem ég keypti æðislega peysu sem ég kem örugglega til með að nota mikið."

Lovísa telur að hún sé temmilega mikið fatafrík. „Ég hef alveg farið í gegnum nokkur tískuslys í gegnum tíðina. Til dæmis átti ég forláta apaskinnsgalla og rósóttan „eightees" mittisjakka sem ég efast um að ég muni klæðast aftur," segir Lovísa sem hallast að klassískum stíl í seinni tíð. „Ég kaupi það sem mér finnst fallegt hverju sinni en vænst þykir mér um prjónaskapinn hennar ömmu Lovísu. Ég fékk einmitt „lánað" íslenskt ullarsjal hjá mömmu um daginn sem amma prjónaði og ég hef passað mig á að skila ekki aftur. Svo þykir mér líka voða vænt um vettlingasafnið sem ég á en amma Lovísa hefur prjónað á mig ógrynnin öll af yndislegum vettlingum."

## fötin mín

Lovísa segist versla mest og best þegar hún hefur lítinn tíma í útlöndum. „Ég er haldin ákveðnum valkvíða en hef oft fundið bestu hlutina á síðustu mínútunum í útlöndum. Þegar ég fór til Kína og Japan langaði mig í eitthvað alveg spes frá báðum stöðum. Í bæði skiptin fann ég fullkomnar flíkur á síðasta deginum í ferðinni," en dansarinn Lovísa nam í Stokkhólmi í Svíþjóð og hefur þeyst um heiminn með íslenska dansflokknum og hún lagði stund á dansnám í Svíþjóð um árabil. „Þá verslaði ég bara svona eins og námslánin frá Lánasjóðnum leyfðu en keypti mér þó æfingagalla sem ég nota enn. Ég skammast mín næstum fyrir að vera í honum því hann er svo druslulegur og eyddur en að sama skapi er hann líka alveg þægilegastur í heimi."



**SKÓR SEM AMMA DANSAÐI Í** „Við systurnar erum búnar að yfirtaka þessa lakkskó frá ömmu. Hún dansaði í þeim á yngri árum en þeir eru enn eins og nýir og hafa nýst okkur systrunum vel í seinni tíð."



**ULLARSJALIÐ HENNAR ÖMMU** „Ég fékk þetta prjónaða íslenska ullarsjal að láni frá mömmu en hef aldrei skilað því aftur."



**LÍÐUR VEL Í DANSGALLANUM** „Ég næstum skammast mín fyrir hvað ég er búin að vera mikið í þessum gráa æfingagalla sem ég keypti í Svíþjóð en hann er bara þægilegastur í heimi."







## Tvær léttar leiðir til að eignast Aygo:

| 26.408 kr.* á mánuði | 14.996 kr. á mánuði |
|---|---|
| **Innifalið:** Afborgun af láni – Tryggingar – Bifreiðagjald 1. tímabils – Engin útborgun. | Meðalgreiðsla miðað við 30% útborgun og bílalán til 84 mánaða hjá Glitni. |

Gerðu eitthvað eftirminnilegt – fáðu þér Aygo á þægilegum kjörum og njóttu þess að keyra áhyggjulaus.
**Aygo. Engar áhyggjur.**

**www.aygo.is**

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

AYGO BY TOYOTA

*Sértilboð Elísabetar og AYGO. M.v. 84 mánuði. Innifalið er afborgun af láni, tryggingar (ábyrgðar- og kaskótrygging) og bifreiðagjöld á fyrsta tímabili.

TÓNLISTARKONUNNI HAFDÍSI HULD HEFUR TEKIST AÐ HEILLA EVRÓPU UPP ÚR SKÓNUM MEÐ ÍSLENSKA ÁLFASJARMANUM OG FYRSTU SÓLÓPLÖTUNNI DIRTY PAPER CUP. Í GÆRKVÖLDI BAUÐ HÚN ÞYRSTUM TÓNLEIKAGESTUM UPP Á BLEIKAN FORDRYKK OG LÖGIN AF DIRTY PAPER CUP Í SALNUM Í KÓPAVOGI.

# Semur lög fyrir sunnudagaskólann

„Mér hafði verið boðið að búa til poppplötu fyrir fjórum árum þar sem aðrir hefðu séð um að borga brúsann en það hefði þýtt málamiðlanir og að lokum hefði ég líklega endað í tónlistarmyndbandi að bóna bíl í bikiníi. Tónlistin hefði þá líklega lítið haft með mína persónu að gera og í staðinn valdi ég að fara mína eigin leið, sem kostaði meira hark en vonandi betri uppskeru að lokum," segir tónlistarkonan Hafdís Huld spurð um aðdragandann að fyrstu sólóplötunni Dirty Paper Cup sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda í Bretlandi og víðast hvar í Evrópu.

Hafdís Huld var aðeins fimm ára þegar hún tilkynnti foreldrum sínum að í framtíðinni ætlaði hún að starfa sem leik- eða söngkona. „Ég var svona barn sem notaði hvert tækifæri til að breiða handklæði á gólfið og syngja í hárbursta. Allir sem komu inn um dyrnar heima voru fengnir til að horfa. Ég stofnaði sirkus tíu ára í bílskúrnum hjá afa vinkonu minnar af því að ég komst að því að betra væri að stofna sinn eigin sirkus en að bíða eftir boði um að fá að vera með. Ég hengdi systur mína í kaðal og svo seldi ég aðgangseyri og það var uppselt út allt sumarið," en sama sumar byrjaði Hafdís Huld að semja tónlist. „Ég samdi fyrsta lagið mitt og textann tíu ára og mamma og pabbi samþykktu að fara með mig í stúdíó til að taka það upp. Síðan þá hefur fjölskyldan stutt við bakið á mér og tekið tónlistaráhuga minn alvarlega," segir Hafdís Huld en eins og landsmönnum er flestum kunnugt hóf hún ferilinn aðeins fimmtán ára gömul með hljómsveitinni Gus Gus. „Elsta lagið á Dirty Paper Cup er einmitt frá þeim tíma sem ég var að hætta í Gus Gus. Svo tók ég mér árs hlé frá tónlist og hélt jafnvel að ég myndi fara frekar út á leiklistarbrautina. Þá lék ég í bíómyndum eins og Íslenska draumnum, Villiljósi og í sjónvarpsþáttum hjá Óskari Jónassyni en svo fann ég fljótt út hvað ég saknaði tónlistarinnar."

### Framtíðin í tónlistinni

Úr varð að Hafdís Huld ákvað að flytja frá Íslandi og leita að annars konar innblæstri. „Ég hafði kynnst mörgu góðu fólki í gegnum spilamennskuna með Gus Gus og ákvað að flytja til London til að starfa með nýju fólki og í nýju umhverfi. Þá kynntist ég þeim í hljómsveitinni FC Kahuna og þeir fengu mig til að syngja með þeim og semja fyrir plötuna Machine says yes. Það vatt upp á sig og að lokum ferðaðist ég með þeim í tvö ár og sannfærðist enn frekar um að ég vildi gera tónlistina að framtíðarstarfi. Ég fann þá út að ég vildi vera í þeirri aðstöðu að ég gæti klárað lögin mín sjálf án aðstoðar annarra og skráði mig þess vegna í nútímatónlistarskóla í London," en þess má geta að Hafdís Huld gerði sér lítið fyrir og endaði sem dúx við skólann. „Í skólanum gafst mér færi á að læra tónlistarupptöku, útsetningar og bæta við mig í söngnum. Námið opnaði fyrir mér hundrað nýjar dyr og sýndi mér fram á hvað það er hægt að vinna við tónlist á ótal marga vegu. Nú nýt ég þess jafnmikið að semja og flytja mitt eigið efni eins og að útsetja fyrir strengjasveitir og barnakór," segir Hafdís Huld sem hefur ekki setið auðum höndum í sumar. Milli þess sem hún hefur spilað á tónleikum og tónlistarhátíðum hefur hún verið að semja nýtt efni fyrir barnaplötu með nýju efni fyrir sunnudagaskóla þjóðkirkjunnar.

„Þetta kom til vegna þess að ég vann mikið við barnapössun til að eiga fyrir upptökum á Dirty Paper Cup og starfaði meðal annars sem sunnudagaskólakennari hjá íslenska söfnuðinum í London. Þá komst ég að því að lögin sem verið var að nota í sunnudagaskólanum eru eldri en ég sjálf og svolítið langt frá þeim óskalögum sem krakkarnir báðu um þegar ég leyfði þeim að velja lög til að syngja. Popptónlist höfðar mjög vel til barna, sex ára frænka mín syngur til dæmis með Gwen Stefani, og því fékk ég þá hugmynd að sækja um styrk til Kristnihátíðarsjóðs til að semja nýja barnaplötu fyrir sunnudagaskólann."



HAFDÍS HULD Stefnir að því að setjast að á Íslandi og koma sér upp hljóðveri með útsýni yfir Esjuna. MYND/VALLI

Hljómsveitarmeðlimir Hafdísar hafa gert góðlátlegt grín að stússi hennar í trúartónlistinni. „Þeim finnst það ekki mjög rokkstjörnulegt að stíga beint af sviðinu til að semja trúarlegan Jesútexta fyrir litlu krílin.

**ÞEIM FINNST ÞAÐ EKKI MJÖG ROKKSTJÖRNULEGT AÐ STÍGA BEINT AF SVIÐINU TIL AÐ SEMJA TRÚARLEGAN JESÚTEXTA FYRIR LITLU KRÍLIN**

En ég held að allar rokkstjörnur hafi gott af því að vinna með börnum og hlakka til að fylla upptökuverið af barnakór og leggja lokahönd á plötuna."

### Úr gettóinu í rólegheitin

Hafdís Huld býr nú í smábænum Kings Cliff á Englandi þar sem hún hefur komið sér notalega fyrir með kærastanum. „Ég stefndi að því að flytja til Íslands strax að loknu námi, setja upp mitt eigið heimastúdíó og horfa á Esjuna." Á svipuðum tíma og Hafdís Huld útskrifaðist úr náminu kom platan hennar, Dirty Paper Cup, út og lífið tók á sig aðra mynd. „Ég sá auðvitað ekki fyrir hversu plötunni minni yrði tekið. Af því að þetta var svona lítil órafmögnuð plata og betra að búast við einhverju hóflegu heldur en að ætlast til að fá flugeldasýningu og verða svo spældur. En svo þegar dómarnir fóru að koma um plötuna voru þeir mjög hvetjandi og við fórum að fá boð um að spila á stærri stöðum og fara í Englandstúr til að styðja við tónlistarmenn eins og Mika og Paolo Nutini. Það var uppselt á Paolo-túrinn áður en við lögðum af stað og við fórum því fljótt frá því að spila á litlum kósý klúbbum í London í það að standa fyrir framan mörg þúsund manns í Shepherds Bush Empire. Þá var ekkert vit í öðru en að staldra aðeins lengur við í Englandi og eftir að hafa lifað í gettóinu í London um tíma ákvað ég að færa mig um set. Nú bý ég á stað sem er minni en Vogar á Vatnsleysuströnd og boðið er upp á lummur og te á pósthúsinu. Það á betur við mig en að búa í hverfi þar sem bankað er upp á um miðjar nætur til að selja manni stolin faxtæki eða ásaka mann um að hýsa systur svörtu nágrannakonunnar. Þá get ég líka tekið upp barnaplötuna heima án þess að hafa rifrildið hjá fólkinum á efri hæðinni sem bakraddir," segir Hafdís Huld kímin og viðurkennir að hún sakni oft Íslands í fjarverunni í útlöndum. „Ég passa upp á að koma reglulega heim til að heilsa upp á vini og fjölskyldu. Í augnablikinu stefni ég á að byggja ferilinn upp hér í Englandi en vonast að sjálfsögðu líka til að geta spilað heilmikið hér heima."

### Hin nýja Björk

Fyrr á árinu var Hafdís Huld kölluð hin nýja Björk í tónlistartímaritinu Rolling Stones og sjaldnast losnar hún við samanburðinn. „Björk er sú íslenska tónlistarkona sem flestir þekkja og þegar ég mæti á svæðið með mitt íslenska útlit og íslenska hreiminn er fólk ekki lengi að átta sig á hvaðan ég er. Það er því eðlilegt að fólk nefni Björk og ég get ekki ímyndað mér annað en að ung söngkona frá Bandaríkjunum yrði bara hress með að vera borin saman við Madonnu. Ég tek þessu bara sem hrósi þó svo að tónlistin okkar eigi lítið sameiginlegt," segir Hafdís, en áhrifavalda sína í tónlist segir hún helst vera Burt Bacharach og Dolly Parton. „Ég fór á tónleika með Dolly Parton á Wembley um daginn. Öll hljóðfærin hennar voru glitrandi og hún leit út eins og lifandi Barbiedúkka, en svo kom hún á óvart með því að spila á öll hljóðfærin sjálf og segja skemmtisögur af lögunum sínum og sjálfri sér. Að lokum leið öllum eins og þeim hefði verið sérstaklega boðið og ég held að það sé góð uppskrift að góðum tónleikum," en þeir sem mættu í Salinn í gærkvöldi voru ekki sviknir af framkomu Hafdísar Huldar þar sem hún steig léttfætt á svið í bleikum prinsessukjól og reitti af sér brandarana. Karakterinn kannski svolítið glimmerkrútt í anda Dolly Parton. „Ég myndi ekki segja að ég hefði sérstakan sviðskarakter en ég sýni án efa á mér aðra hlið en þegar ég er heima í kaffi með vinunum. Ég tala mikið milli laga og þar sem sumir textarnir eru kómískir vonast ég til þess að ég sé aðeins meiri grínari en þegar ég fer að versla í matinn í Sainsburys." -bk



HAFDÍS HULD Nýtur þess nú að semja tónlist fyrir börn í sunnudagaskólanum. MYND/VALLI


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
ZZZ... EKKI FARA MAMMA MÍN ... ZZZZ
EKKI FARA...
HVÍLD 0 KR
FRÍTT Í STRÆTÓ FYRIR NÁMSMENN!
Í vetur verður frítt í strætó fyrir framhalds- og háskólanema á höfuðborgarsvæðinu. Nú geturðu lesið blöðin, sötrað kaffi eða sofið út á leiðinni í skólann. Allt frítt.
Nánari upplýsingar á rvk.is/betristraeto og á straeto.is

DRAGKEPPNI ÍSLANDS FÓR FRAM Á MIÐVIKUDAGSKVÖLDIÐ FYRIR FULLUM SAL Í LOFTKASTALANUM. TÍU ÁR

# SKEGGJAÐAR KONUR OG



Ætlar þú að skilja mig eftir í tárum?" spurði snöktandi miðaldra hommi með klút um hálsinn þegar Blær, nýkrýnd dragdrottning Íslands, losaði sig úr faðmlagi hans. Svar drottningarinnar lét ekki á sér standa: „Já! Ég ætla að hringja í hana mömmu mína".

Um 450 manns voru saman komnir í Loftkastalanum á miðvikudagskvöld til að fylgjast með keppninni Dragdrottning og dragkóngur Íslands. Aldrei hafa jafn margir áhorfendur fylgst með keppninni og í ár. Keppnin var enda sú glæsilegasta á tíunda afmælisárinu. Stemningin í salnum frábær þar sem Edda Björgvins reif áhorfendur með sér. Stemningin baksviðs þó enn betri. Dálítið eins og að fara aftur í tímann – aftur til tíma Rauðu myllunnar þar sem úði og grúði af undarlegu fólki. Skeggjaðar konur, léttklæddar meyjar, berir strákar með glimmer og lágvaxinn Chaplin, heldur þéttvaxnari en hinn upprunalegi. Allir á hlaupum, hitinn í reykmettuðu loftinu óbærilegur.

„Ég hef alltaf lent í öðru sæti og ég vona bara að allt sé þegar þrennt er," sagði Þorsteinn Jóhannsson, sem gengur undir listamannsnafninu Blær, rétt áður en hann steig á svið. Honum varð að ósk sinni. Stuttu síðar var hann krýndur Dragdrottning Íslands. Og gleðin leyndi sér ekki. Píkuskrækir ómuðu um allt hús þegar nafn sigurvegarans var lesið upp. En af hverju drag? „Verður maður ekki alltaf að tjá sig á einhvern listrænan hátt? Og hvers vegna ekki þetta?" spyr Blær. Hann átti líka skilið að sigra. Lagði mikið á sig fyrir keppnina. Var meira og minna í förðun allan daginn, frá tvö til tíu. Gaf sig allan í sjóvið. „Ég er svo heppinn að hafa bestu prófessíónal dansara Íslands með mér. Þeir hjálpuðu mér að semja dansana."

Dragkóngurinn var kjörinn Ylfa Lind Gylfadóttir. Fór með atriði úr Jesus Christ Superstar. Ótrúleg tilþrif. Engri lík. Nema kannski sjálfum Heródusi sem hún túlkaði á einstakan hátt.

**IFFAH** Haffi Haff var meðal keppenda á Dragsjóvinu og keppti undir nafninu Iffah.

**DRAGDROTTNINGIN** Blær kom sá og sigraði í keppninni Dragdrottning Íslands. Þetta var í þriðja sinn sem Blær keppti. Í hin tvö skiptin endaði hún í öðru sæti.

MYNDIR/VALLI

**LANGIR LEGGIR** Fallegir leggir fengu að njóta sín á miðvikudaginn.





ERU SÍÐAN KEPPNIN VAR HALDIN FYRST OG HEFUR HÚN ALDREI VERIÐ GLÆSILEGRI.

# LÉTTKLÆDDIR SVEINAR



**SKEGGJAÐA KONAN** Ylfa Lind Gylfadóttir var kjörinn Dragkóngur ársins.



**STUND MILLI STRÍÐA** Rettan fór á loft meðan beðið var eftir úrslitunum.



**EFTIRVÆNTING Í LOFTINU** Mikil spenna ríkti hjá keppendum áður en úrslitin voru kynnt.





**ÁRAMÓTIN** Eiður Smári Guðjohnsen og eiginkona hans Ragnhildur Sveinsdóttir keyptu 6,5 hektara landspildu af Rafni Jónssyni, flugmanni í Syðra Langholti, í fimmtán mínútna akstursfjarlægð frá Flúðum. Kaupverðið er talið á bilinu þrjár til sex og hálf milljón. Í samtali við Sirkuss sagðist Svanhildur Pétursdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu Hrunamannahrepps, ekki vera í vafa um að koma landsliðsfyrirliðans myndi efla fótboltann á svæðinu.

**03.03** Óprúttnir náungar gerðu tilraun til að brjótast inn í glæsilegt heimili Eiðs Smára og fjölskyldu, rétt fyrir utan Barcelona. Þjófarnir komust þó ekki lengra en upp að hliði fyrir framan húsið því öflugt öryggiskerfi kom upp um iðju þeirra. Eiður Smári var ekki heima þegar atburðurinn átti sér stað en Ragnhildur kona hans var ein heima með drengina þeirra þrjá, Svein Aron átta ára, Andra Lúkas fimm ára og Daníel Tristan, eins árs.



**28.03** Íslenska landsliðið í knattspyrnu mætti Spánverjum á útivelli í undankeppni Evrópumótsins. Eiður Smári þótti standa sig ágætlega sem og aðrir leikmenn íslenska landsliðins. Ísland tapaði þó 1-0.



**02.06 - DAGUR** Eiður Smári var fyrirliði landsliðsins í knattspyrnu sem gerði 1-1 jafntefli við Liechtenstein. Eiður Smári var gagnrýndur fyrir að vera áhugalaus og leggja ekki nógu hart að sér. Hann var jafnvel sakaður um að hafa nánast beðið dómarann um gult spjald sem hann og fékk. Fyrir vikið var í hann í banni í leiknum gegn Svíum fjórum dögum síðar.

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN, LANDSLIÐSFYRIRLIÐI Í KNATTSPYRNU, HEFUR SJALDAN EÐA ALDREI VERIÐ EINS MIKIÐ Í SVIÐSLJÓSINU OG Í ÁR. SAMT ER ÁRIÐ BARA RÉTT RÚMLEGA HÁLFNAÐ.

# SKIN OG SKÚRIR HJÁ EIÐI SMÁRA



**02.06 - KVÖLD** Eiður Smári skellti sér út á lífið eftir leikinn gegn Liechtenstein ásamt vinum sínum Auðuni Blöndal og Sveppa. Þeir félagar skemmtu sér hið besta og létu ekki jafnteflið við Liechtenstein hafa af sér gott kvöld. Þremenningarnir heilsuðu meðal annars upp á götuspilarann Jójó sem tók að venju lagið Traustur vinur að beiðni sjónvarpsmannanna. Götuspilarinn kannaðist aftur á móti ekkert við landsliðsfyrirliðann og spurði þá Sveppa og Audda, eftir að þeir höfðu sungið með honum, hvort þeir væru komnir með rótara.



**23.–24.06** Eiður Smári eyddi helginni í að sinna ungum aðdáendum og fjölskyldunni. Hann mætti á Alþjóðaleika ungmenna og fór með tvo tússpenna þegar hann veitti eiginhandaáritanir á fjölskyldudegi Eimskips. Eiður Smári mætti síðan upp á Skaga þar sem Kaupþingsmót 7. flokks fór fram. Á kvöldvöku mótsins tilkynnti Sveppi að hann væri orðinn leiður á að leika Kalla á þakinu en að hann væri búinn að finna staðgengil fyrir sig. Að því búnu steig Eiður Smári fram klæddur í búningi Kalla og spígsporaði þar um dágóða stund. Börnin urðu hissa til að byrja með en klöppuðu svo vel og lengi fyrir uppátæki landsliðsfyrirliðans.



**06.06** Eiður Smári var fjarri góðu gamni þegar íslenska landsliðið í knattspyrnu steinlá fyrir Svíum á Råsunda-leikvanginum, 5-0. Íslenska landsliðið sá aldrei til sólar í þessum leik.





**17.06** Knattspyrnuvertíðinni á Spáni lauk á þjóðhátíðardegi Íslendinga. Því miður var engin þjóðhátíð í herbúðum Eiðs Smára og félaga í Barcelona því liðið rétt missti spænska meistaratitilinn til erkifjendanna í Real Madrid. Liðin fengu jafn mörg stig, 76 talsins, en Real hreppti titilinn vegna betri innbyrðis viðureigna. Fyrsta tímabili Eiðs Smára með Barcelona lauk þar með. Hann lék 25 leiki, þar af fjórtán sinnum í byrjunarliðinu, og skoraði fimm mörk.



**29.-30.06** Sem fyrr lét Eiður Smári sig ekki vanta á fótboltamót hjá yngri flokkunum þar sem sonur hans fór mikinn á vellinum. Eiður og fjölskylda fjölmenntu til Vestamannaeyja þar sem Shellmótið fór fram.



Fjölskyldan lét sér þó ekki nægja að sigla með Herjólfi eða fljúga á hefðbundinn hátt heim eins og aðrir mótsgestir heldur flugu til og frá Eyjum með þyrlu, sem vakti óneitanlega athygli viðstaddra.

**06.07** Eiður Smári Guðjohnsen hélt óvænta afmælisveislu fyrir konu sína, Ragnhildi Sveinsdóttur, sem varð þrítug tveimur dögum seinna. Eiður tók forskot á sæluna og efndi til veislu í garðinum við heimili þeirra í Fossvogi. Sveppi sá um að skipuleggja veisluna og fékk meðal annars Stebba Hilmars, Jón Ólafsson og Björn Jörund til að skemmta.



**08.07** Eiður Smári Guðjónsson kom eiginkonu sinni á óvart í annað sinn á fáum dögum og færði henni glænýjan bíl í afmælisgjöf. Bíllinn er af gerðinni Mini Cooper, svartur að lit og kostar að líkindum á bilinu 3-4 milljónir króna.



**14.07** Auðunn Blöndal og Sverrir Þór Sverrisson fóru ásamt unnustum sínum í heimsókn til Eiðs Smára Guðjohnsen og eiginkonu hans Ragnhildar til Barcelona. Hersingin staldraði þó stutt við í höfuðborg Katalóníu því hún hélt í siglingu um höfin blá á glæsilegri snekkju. Ekki var um neitt venjulegt bátskrifli að ræða heldur snekkju í eigu sjálfs Romans Abramovich, rússneska auðjöfursins og fyrrverandi yfirmanns Eiðs hjá Chelsea.



**28.07** Ráðist var á Eið Smára á Lækjartorgi og hann laminn niður í götuna. Eiður Smári var að koma úr afmæli góðvinar síns Sveppa þegar ölvaður maður vatt sér að honum og ýtti við honum. Félagi mannsins kom síðar og kýldi Eið Smára í andlitið. Eiði varð sem betur fer ekki meint af.





Nemendur í HHS við Háskólann á Bifröst

# Umsóknarfrestur rennur út 20. ágúst nk.

## HHS – heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði

Félagsvísindadeild býður upp á þverfaglegt grunnnám til BA gráðu í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS). Þetta þrískipta nám á sér fyrirmynd í Oxford háskóla í Englandi og er vel þekkt í enskumælandi löndum undir skammstöfuninni PPE (Philosophy, Politics and Economics).

HHS er traust grunnnám sem býr einstaklinga undir margvísleg störf á íslenskum og alþjóðlegum vinnumarkaði. Samsetning námsins tryggir víðari sýn og skarpari greiningartæki en nokkur greinanna þriggja getur veitt ein og sér.

Umsóknareyðublöð ásamt frekari upplýsingum á heimasíðu skólans:

**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

**Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár**

# helgin

## Hvað á að gera um helgina?



„Ég ætla í golf í dag og svo fer ég á ættarmót á Þóroddsstöðum í Svínadal á morgun. Ég geri ráð fyrir því að sunnudagurinn fari í að græja barnaherbergið, mála og parketteggja. Annars er verið að leggja lokahönd á myndina Astrópíu sem frumsýnd verður 22. ágúst."

Gunnar Björn Guðmundsson leikstjóri.



„Ég ætla bara að dúlla mér á Langárbökkum og bíða eftir rigningu. Ég hef störfum að sinna hér, tvö full veiðihús, áin full af laxi en tóm af vatni. Ég ætla því að dansa regndans á Langárbökkum."

Ingvi Hrafn Jónsson.



„Ég ætla að taka Gay Pride með stæl og vera kynnir á opnunarhátíðinni í Loftkastalanum í kvöld, eins og ég hef verið síðustu ár. Síðan ætla ég að fylgja því eftir með gleði og stolti í anda helgarinnar."

Viðar Eggertsson leikstjóri.

**sirkus**

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm.
**Ritstjórn** Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is, Þóra Karítas, Indíana Ása Hreinsdóttir, indiana@frettabladid.is
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir, kristina@frettabladid.is,
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 512 5000
**Sölustjóri** Bergur Hjaltested 512 5466 bergurh@365.is



**Sigríður Klingenberg spáir í Sirkus**
www.klingenberg.is

## Unnur Birna þarf ákveðinn og þroskaðan mann

Eins og Unnur Birna er indæl og ljúf þá getur hún verið með eindæmum þrjósk og fer þann veg sem hún vill," segir spákonan Sigríður Klingenberg um alheimsfegurðardrottninguna. „Hún lætur engan skipta sér af því og það er líka hennar helsti kostur. Hún þarf að passa sig á óþroskuðum ungum strákum sem eru alveg að tapa sér af ást til hennar. Hún þarf að finna sér ákveðinn þroskaðan mann sem hún getur treyst, annars getur farið illa. Unnur Birna á eftir að ná miklum árangri erlendis og koma meðal annars íslenska hestinum vel á kortið. Eftir um það bil þrjú ár mun Unnur Birna eignast sitt fyrsta barn en hún á eftir að eignast mörg börn og vera heppin. Það eina sem hún þarf að varast eru menn með útúrþynntar ástarvellur til hennar eða þeir sem hafa ekkert annað upp á að bjóða en kjaftæði. Ef hún fer eftir þessum ráðum er vegurinn breiður og beinn. Hún er á ári áhættunnar, mjög skemmtilegu ári. Á næsta ári virðist vera nám framundan, það verður heldur strembið ár svo hún skal muna að leika sér þetta árið."



**UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR Sigríður segir mikilvægt að Unnur Birna passi sig á óþroskuðum ungum strákum sem eru alveg að tapa sér af ást til hennar.**

GAY PRIDE-GANGAN VERÐUR GENGIN Á MORGUN. PÁLL ÓSKAR VERÐUR MEÐAL ÞÁTTTAKENDA Í GÖNGUNNI. BÚIST ER VIÐ GÓÐRI ÞÁTTTÖKU.

# Aðstandendur gera gönguna svona stóra

Páll Óskar Hjálmtýsson verður að vanda atkvæðamikill í Gay Pride-göngunni sem gengin verður á morgun. Gengið verður frá Hlemmi og sem leið liggur niður Laugaveginn niður að Lækjargötu. Þar verður beygt til hægri að Arnarhóli þar sem ýmis skemmtiatriðið verða.

„Þessi hátíð er alltaf að verða meira og meira umfangs. Eins og staðan er í dag þá eru um hundrað manns að vinna við að koma hátíðinni saman. Fólkið vinnur allt í sjálfboðavinnu, það er í raun bara ástríðan og þakklætið sem rekur það áfram," segir Páll Óskar.

Að vanda verða fimmtán til tuttugu stór atriði í sjálfri göngunni og svo nokkur smærri. Þá eru mannréttindasamtök áberandi í göngunni. „Rauði þráðurinn eru hommar, lesbíur, tvíkynhneigðir, transgender fólk og að ógleymdum aðstandendum þeirra. Það eru aðstandendurnir sem gera gönguna svona stóra," segir Páll Óskar. „Í kringum einn samkynhneigðan eru fjórir til fimm fjölskyldumeðlimir. Samkynhneigðir eiga sér ástvini og fjölskyldu sem er ekki sama um stöðu þeirra og stétt í samfélaginu."

Mikil leynd hvílir yfir atriðunum í Gay Pride göngunni en Páll Óskar er þegar búinn að ákveða sitt atriði. „Ég verð á risastórum trukk sem er svo stór að það lá við að ég fengi ekki leyfi til að aka honum niður Laugaveginn," segir Páll Óskar hlæjandi. „Hann er eins og transformer-vélmenni. Atriðið er samt ekkert ósvipað því sem ég var með í fyrra, það er diskótek á hjólum. Ég mun sjá um Gay Pride-ballið á Nasa um kvöldið og atriðið mitt er í raun bara áminning eða forsmekkurinn að því sem koma skal. Ég verð uppi á trukknum að dj-a ásamt dönsurum, partíljónum, sprengjum, blöðrum og öllu tilheyrandi. Þetta verður stærsta hljóðkerfi sem Laugavegurinn hefur litið svo það mun örugglega heyrast pínulítið í mér."



**PÁLL ÓSKAR Hann ætlar að halda heljarinnar diskó á hjólum á morgun þegar Gay Pride-gangan fer fram.** MYND/HÖRÐUR

# SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR ÁFRAM. HELGI SELJAN ER ÓSIGRAÐUR EN KEPPIR HÉR VIÐ JÓHANN G. JÓHANNSSON LEIKARA.

1. **Hver er formaður fjárlaganefndar Alþingis?**
2. **Hver er nýráðinn þjálfari KR í knattspyrnu?**
3. **Hvaða menn standa fyrir söguöngu um staði sem tengjast lífi samkynhneigðra í Reykjavík?**
4. **Hver var kynnir á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum?**
5. **Hvaða lag norsku hljómsveitarinnar A-ha hefur Garðar Thor Cortes tekið upp á sína arma?**
6. **Hvaða leikmaður gekk í raðir Manchester United frá Íslendingaliðinu West Ham fyrir skömmu?**
7. **Hvað heitir söngvari hljómsveitarinnar Motion Boys?**
8. **Hver er framkvæmdastjóri Alþjóðahússins?**
9. **Hvað heitir stúlkan sem sagði skilið við hljómsveitina Nylon fyrir skömmu?**
10. **Hver er forstöðumaður Forvarnahúss Sjóvár?**



### Helgi Seljan — 8 RÉTT SVÖR

1. Gunnar Svavarsson
2. Logi Ólafsson
3. Felix og Baldur
4. Veit ekki
5. Crying in the rain
6. Carlos Tevez
7. Birgir Ísleifur Gunnarsson
8. Einar Skúlason
9. Emilía
10. Ragnheiður Davíðsdóttir



### Jóhann G. — 5,5 RÉTT SVÖR

1. Bjarni Benediktsson
2. Logi Ólafsson
3. Heimir Már og Felix
4. Ekki Marshall …hmm …ég man ekki eftir að hafa heyrt það
5. Hunting High and Low
6. Tevez
7. Veit ekki
8. Einar, litli framsóknarstrákurinn
9. Emilía
10. Veit ekki

**Rétt svör 1.** Gunnar Svavarsson **2.** Logi Ólafsson **3.** Baldur Þórhallsson og Felix Bergsson **4.** Bjarni Ólafur Guðmundsson. **5.** Hunting High and Low. **6.** Carlos Tevez. **7.** Birgir Ísleifur Gunnarsson **8.** Einar Skúlason **9.** Emilía. **10.** Herdís Storgaard.

Gunnar Árnason magnaravörður skoraðist undan spurningakeppni Sirkuss en Jóhann G. Jóhannsson hljóp í skarðið fyrir hann. Jóhann hefur dvalist á Spáni síðustu daga og hafði því ekki náð að fylgjast með íslenskum fréttum síðustu daga. Hann þurfti að lúta í lægra haldi fyrir Helga Seljan og skorar á Ólaf Jóhannesson leikstjóra.


Getur rotta orðið meistarakokkur
á fínum veitingastað?
Disney · PIXAR
RATATOUILLE
(rat•a•too•ee)
Remy er á leiðinni í kvikmyndahús um land allt.
SKÓLA OSTUR
Frumsýnd
Miðvikudaginn
15.08.07
tryggðu þér miða á:
midi.is

SJÓNVARPSTÆKI HEYRNARTÓL BÍLHÁTALARAR BÍLTÆKI ÚTVÖRP HLJÓMBORÐ BÍLMAGNARAR HÁTALARAR MYNDAVÉLAR FERÐATÆKI DVD SPILARAR LCD SJÓNVÖRP ELDAVÉLAR PLASMA SJÓNVÖRP ÞVOTTAVÉLAR ÍSSKÁPAR MYNDBANDSTÆKI MP3 SPILARAR KAFFIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MAGNARAR REIKNIVÉLAR

**MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI**

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR RYKSUGUR RAKVÉLAR ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR SAMLOKUGRILL STRAUJÁRN BLANDARAR HRÆRIVÉLAR VÖFFLUJÁRN HÁFAR

BROT AF ÞVÍ BESTA

**Brauðristar, kaffivélar, sléttujárn, hárblásarar og fleira frá kr. 995**

**PHILIPS flatsjónvörp á frábæru verði**

**KENWOOD hrærivélar með allt að 40% afslættti**

**Kæliskápar með allt að 100.000 kr. afslættti**

**Þvottavélar frá kr. 34.995**

**Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti**

Skoðið tilboðin á www.ht.is

**Heimilistæki**
www.ht.is

**TAKMARKAÐ MAGN**

**Fyrstur kemur – fyrstur fær!**

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SÆTÚNI 8<br>SÍMI 569 1500 | GLERÁRGÖTU 36<br>460 3380 | GARÐARSBRAUT 18A<br>464 1600 | EYRARVEGI 21<br>480 3700 |

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS SuperTech UNITED BEKO DeLonghi elna exido ide line Melissa TecnoWind Bauknecht Bompani GeneralFrost Indesit VESTFROST Whirlpool

HUGVERKAsmiðja

## Meindýravarnir

**- Guðmundur Óli Scheving -**

**- Tek að mér meindýravarnir -**

**Gegn nagdýrum - skordýrum - áttfættlum og fuglum. Útvega allan búnað - geri verðtilboð fyrir heimili og fyrirtæki. Hef sérhæft mig í meindýravörnum HACCP umhverfi. Upplýsingar og pantanir í síma 892 9121 Geymdu auglýsinguna.**

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

## Húsaviðhald

**Húsaviðhald!**

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Verkfag ehf**

Tökum að okkur allt viðhald húsa, s.s múrun, málun, flotun, glerjun, rennur, niðurföll, blikk ofl. Uppl. í s. 690 9855.

## Tölvur

**Vandaðar tölvuviðgerðir**

Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 11 ára reynsla. Ríkharður - Miðnet ehf. S. 615 2000.

## Spádómar




**Englaljós S. 908 6050 & 863 1987**

**Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla daga frá 11 á morgnana til 01 eftir miðnætti. Lára spámiðill. Visa/Euro.**

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Alspá 445 5000**

Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Visa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

**Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395**

Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

## Rafvirkjun




# HEILSA

## Heilsuvörur



**40 kíló farin!**

**Þessum árangri náði ég með vörunum frá LR. Kúrinn er hraðvirkur og mjög árangursríkur. Einstaklega ríkur af bætiefnum. Betri svefn, aukin orka, ekkert blóðsykurflökt og margt fleira. Hafðu samband og ég mun senda þér nánari upplýsingar. S. 891 6264 og netfang allax@simnet.is**

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

www.leit.is smellið á Ristilvandamál.

Léttist um 10 kg á 12 vk.Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s.8625920

## Líkamsrækt

Viltu læra áhrifaríkan hlaupastíl með minni áreynslu? S. 896 2300 / fit-pilates.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

## Nudd

Nudd nudd nudd. Uppl. í s. 616 6469.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Microsoft CERTIFIED Systems Administrator

Microsoft kerfisstjóranámið hefst 3. sept. Rafiðnaðarskólinn www.raf.is s. 863 2186.

## Kennsla

**Viltu verða stílisti?**

Nám í útlitsráðgjöf. The Academy of Colour and Style - útlits-og förðunarskóli. Uppl. í síma 533 5101.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Lazy-boy sófi 2 sæta dblár 3 ára í toppstandi 85þ. (nýr 140þ.). Uppl. í s. 690 8866 eftir kl. 16.

## Dýrahald

**Enskir Cocker spaniel**

Yndislegir hvolpar til sölu. Bólus., örm. m/ættb. HRFÍ. Frábærir fjölsk.hundar. S. 663 5521.

Vegna breyttra heimilsaðst. óskar 1 árs Enskur Springer Spaniel eftir nýju heimili. Uppl. í s. 847 8529

## Ýmislegt



**- Beachcomber -**

**Kanadískir heitir pottar**

**Sumartilboð á heitum pottum. Eigum potta til afgreiðslu strax. Mest einangruðu pottar á markaðnum, lokað 24 tíma ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs.**

**11 ára reynsla á Íslandi. Opið alla daga frá 14 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is**

Hvít utanhússklæðning, innbrennt ál ca. 100m2 til sölu s. 892 5245 & 892 5345.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög



Kajak. góður lítið notaður kajak til sölu. Vel stór galli af vandaðri gerð fylgir með ásamt björgunarvesti og ár. Gott verð. Uppl. í síma 865 9811.

## Fyrir veiðimenn




**Góðir maðkar**

til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

Ný tíndir maðkar til sölu. Uppl. í s. 863 0634

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Skipta.is**

**Eignir-skipti Viltu skipta á einhverju sem þú átt og vilt eitthvað í staðinn? Farðu á www.skipta.is og skráðu þína eign. Mikil hreyfing! Góð skipti! Láttu hlutina gerast og farðu á www.skipta.is**

SJÁVARSÍÐA. Vesturgata 71. Sérlega flott 6 herb. íbúð á 3ju og efstu hæð. Tvennar salir. Íbúð fyrir þá sem vilja flott útsýni og vera við sjávarsíðuna. Nánari uppl. í S. 861 2140.

**110 fm glæsileg íbúð til leigu í Keflavík**

Ný og glæsileg íbúð til leigu. laus starx 110 fm 4 herb. Reyklaust og reglusamt fólk óskast. Nánari uppl. í s. 860 1929.

Herbergi til leigu á svæði 101 með aðgangi að eldhúsi, baði og þvotthúsi, frá með 15 ágúst. Uppl. í s. 899 6255.

2ja herb. 50 fm íbúð til leigu á svæði 210. Fullbúin öllum húsgögnum. Verð 85 þ. á mán. með hita. Umsóknir sendist á ssl@hive.is m/ uppl. um aldur og fjölskylduhagi. Einnig er til leigu 27 fm geymsluhúsnæði í Kóp. á 35 þ. á mán.

Til leigu 70 fm 3 herbergja íbúð í Mosfellsbæ uppl í síma 897-0630

90 fm. 3. herb. íbúð með húsgögnum, ásamt stæði í bílageymslu til leigu í Seljahverfi. Amk. til 30. júní '08 . 115 þ. Reyklaus, reglusemi, góð umgengni, skilvísar greiðslur og trygging. Uppl. í s. 663 1205.

## Húsnæði óskast

**Óska eftir hæð, raðhús**

eða einbýlishúsi í kópavogi, langtímaleiga, frá og með 1.sep. eða sem fyrst. Uppl. í s. 820 7065.

Einhleypur kk á fertugsaldri óskar eftir ódýrri einstaklingsíbúð á höfuðborgarsvæðinu. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í síma 696 3572.

Óska eftir einstaklingsíbúð eða 2ja herb. Er reglusamur, skilvísum greiðslum heitið. S. 892 9168.

Par utan af landi óskar eftir íbúð á svæði 101, 105 og 107. Reglus. og skilvísum greiðslum heitið. Verðhugm. 70-80 þús kr. Uppl. í s. 698 8503 e.kl. 17.

Nemandi í Iðnsskólanum í Hafnafirði óskar eftir herbergi helst í HF. eða nágrenni. S. 892 3933.

par m/barn og annað á leiðinni óskar eftir 3-4 herb. íbúð á Rvk. Svæði frá 1 sept. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Sími 699 1494.

Mjög reglusamar og snyrtilegar mæðgur 20 og 60 ára óska eftir góðri íbúð skilvísum greiðslum heitið og góðri umgengni. S 698 9265 Lína.

Námsmaður óskar eftir 2ja herb eða stúdíóíbúð á AKUREYRI. Reyklaus og reglusamur. 6154666

## Fasteignir

Óska eftir ódýrri lóð eða sumarbústaðarlandi á höfuðborgarsvæðinu. Elín s. 694 2626.

## Sumarbústaðir



Til sölu til flutnings 2 ný Sumarhús 67 fm + 32 fm svefnloft. Fullbúin að utan, einangruð og plöstuð að innan. Teikningar fylgja með. Sumarhus.com S. 615 2500.

## Atvinnuhúsnæði




Ódýrustu geymslu m2 á markaðnum í nýstandsettu húsnæði Á Eyrarbakka 250 m2 á 495 m2, og 1.500 m2 á 465 m2 Sími: 661 6800.

skrifstofuherbergi til leigu 26 fm öll aðstaða, öryggiskerfi, gott útsýni. Uppl. í s. 864 4182

Óska eftir iðnaðarhúsnæði með innkeyrsluhurð til leigu ca 100-150fm á höfuðborgarsvæðinu s. 847 1930.

Til sölu nýlegur Bos vinnuskúr, einangraður m/ rafm., hita og ísskáp. Verð 400 þús. Uppl. í s. 692 2929.

## Geymsluhúsnæði

óska eftir geymsluplássi á Rvk. svæðinu f. búslóð. Frekar lítill bílskúr. Uppl. Ólafur í s. 892 9335.

## Gisting

**Stúdíóíbúð í Reykjavík**

Til leigu stúdíóíbúð í Reykjavík, fullbúinn húsgögnum. Sólarhringurinn á 14.900 kr. Uppl. í s. 861 2319.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

BÆJARBAKARÍ

**Starfskraftar óskast**

Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu, á tvískiptar vaktir. Getum einnig bætt við helgarstarfsfólki. Umsóknareyðublöð á staðnum & í s. 555 0480, Sigurður.

**Tískuvöruverslunin Mambó**

**Óskum eftir traustum og duglegum starfskrafti. Á aldrinum 25-35 ára, í verslun okkar í Hafnarfirði. Áhugi á tísku og verslunarstörfum er skilyrði, ásamt því að vera tilbúin til að taka að sér ábyrgð í verslunninni. Skemmtilegir möguleikar fyrir réttu manneskjuna. Upplýsingar gefur Hafdís í síma 660 1153.**

**Búr ehf - Vaktstjóri**

**Búr ehf óskar eftir að ráða vaktstjóra með lyftararéttindi. Vaktavinna. Framtíðarstarf. Ekki yngri en 25 ára. Góð Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar í síma 510 9414 á skrifstofutíma. Umsóknir einnig á staðnum, Bæjarflöt 2, Grafarvogi.**

**Dýrabær**

**Dýrabær óskar eftir að ráða jákvæðan og þjónustulundaðan starfskraft í 50-80% stöðu. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir óskast sendar á dyrabaer@dyrabaer.is**

**Wilson's pizza leitar af starfsfólki í eftirfarandi stöður.**

**Aðstoðarmann í eldhús (fullt starf) - Pizzabakara - Sendla - afgreiðslufólk í sjoppu. Um er að ræða hentugan vinnutíma í bæði hlutastarf og fullt starf. Góð laun fyrir rétta fólkið. Umsóknareyðublöð á staðnum Wilson's Pizza, Gnoðarvogi 44 & Austurströnd 1 eða í síma 581 1515.**

Tapas

Tapasbarinn óskar eftir þjónustufólki í sal um helgar. Reynsla æskileg, en ekki skilyrði. Upplýsingar á staðnum milli 13:00 og 18:00.

REYKJAVÍK PIZZA COMPANY

**Reykjavík Pizza Company**

Erum að leita að duglegu fólki sem vill baka eða keyra út líklega bestu pizzur í heimi. Unnið er á kvöldin og aðra hverja helgi. Eigin bíll ekki skilyrði. Upplýsingar veitir Ólafur 664 8075 alla daga milli 10-12 og 13-18.

BYGGINGASVEITIN

Byggingasveitin ehf óskar eftir öflugum verkstjórum á Stór-Reykjavíkursvæðinu og Austurlandi. Góð laun í boði fyrir góða menn með iðnmenntun og reynslu. Upplýsingar veitir Sigurður Gestsson yfirverkefnisstjóri í síma 695-6300 eða á siggi@byggingasveitin.is. Allar fyrirspurnir meðhöndlaðar sem trúnaðarmál!

**Húsasmiðjan**

**Óskar eftir föstum starfsmönnum og helgarstarfsmönnum á kassa í verslun Húsasmiðjunar í Grafarholti. Upplýsingar í síma 660 3193.**

**Húsasmiðjan Grafarholti**

**Óskar eftir helgarstarfsmönnum og föstum starfsmönnum í timbursölu. Upplýsingar í síma 660 3193.**

**Húsasmiðjan Grafarholti**

**óskar eftir föstum starfsmönnum og helgarstarfsfólki í málningardeild. Upplýsingar í síma 660 3193.**

DÝRARÍKIÐ

**Dýraríkið Starfsfólk óskast**

**Okkur vantar starfsfólk í heilsdags og/eða hálfsdagsstarf. Viðkomandi þarf að hafa staðgóða þekkingu á dýrum og/eða brennandi áhuga á dýrum. Við leitum að fólki til lagerstarfa, afgreiðslu í verslun og við umhirðu á dýrum. Nánari upplýsingar í síma 56 87170 eða í versluninni.**

**Bílstjórar óskast**

**Pósthúsið óskar eftir duglegum og hraustum bílstjórum til starfa sem fyrst. Um er að ræða akstur og dreifingu á fjölbreytilegum verkefnum Pósthússins og er vinnutíminn frá 08-16 virka daga, yfirvinna skv. samkomulagi. Nánari upplýsingar veittar eingöngu á staðnum, Suðurhrauni 1, Garðabæ milli 8 og 16 eða á www.posthusid.is, hægt er að senda umsóknir á umsoknir@posthusid.is**

MOSFELLS BAKARÍ

**Mosfellsbakarí**

**Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í eftirtalin störf. Frá 06.30 - 14.00 virka daga, og einn dag aðra hverja helgi. Einnig eftir hádegi frá 12:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi. Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.**

STÁL & SUÐA

Óskum eftir vönum járnsmiðum og suðumönnum

uppl síma 693-5455 og 693-5454

VERKTAKAR MAGNI

Vantar vanan mann á hjólagröfu til starfa strax.
Mikil vinna framundan.

Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100

TE & KAFFI

Kaffiheimur er framsækið fyrirtæki í rekstri kaffibara sem starfar undir merkjum Te & Kaffi. Kaffiheimur leggur metnað sinn í að vera með stílhreina kaffibari þar sem áhugi á te og kaffi fær að dafna.

**Núna vantar gott áhugasamt fólk í vinnu - full störf í boði. Starfstöðvar í Kópavogi og í Reykjavík. Nánari upplýsingar veitir Laufey í síma 864 9661**

Einnig er hægt að senda inn umsókn á **laufey@kaffiheimur.is.**

Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður

## Erum við að leita að þér? Eða þú kannski að okkur!

**Vegna aukinna verkefna leitar Bílastæðasjóður eftir jákvæðum og liprum einstaklingum til starfa sem fyrst**

**Starfssvið**
- Eftirlit með bifreiðastöðum og notkun gjaldskyldra bílastæða utanhúss
- Ritun umsagna vegna álagðra gjalda
- Mikil samskipti við viðskiptavini og samstarfsmenn

**Hæfniskröfur**
- Ökuréttindi áskilin
- Færni í mannlegum samskiptum, þjónustulund, jákvæðni og áræðni
- Stundvísi, reglusemi og almennt hreysti
- Skriffærni á íslensku
- Æskilegt er að viðkomandi hafi gott vald á ensku og einu norðurlandamáli

**Annað**
Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Til greina kemur að ráða í hlutastarf.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Umsóknarfrestur er til 24. ágúst n.k. og skal senda umsóknir til Bílastæðasjóðs Reykjavíkur merkt "Stöðuvörður", Hverfisgötu 14, 101 Reykjavík. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð í afgreiðslu okkar eða senda umsókn á albert.heimisson@reykjavik.is Nánari upplýsingar eru veittar í síma 411-3400

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf.Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



## Skapandi störf með skapandi fólki

**Laus störf í leikskólum Reykjavíkurborgar næsta vetur**

**Leitað er eftir:**
- Leikskólakennurum
- Starfsfólki með uppeldis- og háskólamenntun
- Starfsfólki með menntun eða reynslu á sviði lista
- Starfsfólki með fjölbreytta menntun og/eða starfsreynslu

**Deildarstjóri**
- Blásalir, Brekknaási 4, sími 557-5720
- Kvarnaborg, Árkvörn 4, sími 567-3199
- Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350
- Rauðaborg, Viðarási 9, sími 567-2185
- Steinahlíð v/Suðurlandsbraut, sími 553-3280

**Sérkennsla, þroskaþjálfi eða sérkennari**
- Álftaborg, Safamýri 32, sími 581-2488/ 693-9833
- Gullborg, Rekagranda 14, sími 562-2455

**Leikskólakennari/leiðbeinandi**
- Álftaborg, Safamýri 32, sími 581-2488/ 693-9833
- Bakkaborg, Blöndubakka 2, sími 557-1240
- Blásalir, Brekknaási 4, sími 557-5720
- Fífuborg, Fífurima 13, sími 587-4515
- Furuborg, v/ Áland, sími 553-1835
- Garðaborg, Bústaðavegi 81, sími 553-9680
- Gullborg, Rekagranda 14, sími 562-2455
- Hálsaborg, Hálsaseli 27, sími 557-8360 / 693-9855
- Jörfi, Hæðargarði 27a, sími 553-0347
- Klettaborg, Dyrhömrum 5, sími 567-5970
- Kvarnaborg, Árkvörn 4, sími 567-3199
- Kvistaborg, Kvistalandi 26, sími 553-0311
- Laufskálar, Laufrima 9, sími 587-1140 / 693-9818
- Lækjaborg, v/ Leirulæk, sími 568-6351
- Nóaborg, Stangarholti 11, sími 562-9595 / 693-9830
- Reynisholt, Gvendargeisli 13, sími 517-5560/693-9849
- Steinahlíð v/Suðurlandsbraut, sími 553-3280
- Ösp, Iðufelli 16, sími 557-6989

Allar upplýsingar um störfin veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum eða starfsmannaþjónusta Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Allar lausar stöður í leikskólum Reykjavíkurborgar eru auglýstar á www.leikskolar.is.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.




# Deildarstjórar, leikskólakennarar, sérkennarar og annað fagfólk

óskast í leikskólann Ösp, Iðufelli 16, Breiðholti.

## Lærum saman í leik

Leikskólinn Ösp er þriggja deilda leikskóli. Unnið er út frá við hugmyndafræði heiltækrar skólastefnu og fjölmenningu.

Verið velkomin í heimsókn í leikskólann Ösp eða hafið samband við Svanhildi leikskólastjóra í síma 557-6989.

Við leitum að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

www.leikskolar.is

Hringdu í síma
**512 50 60**
ef blaðið berst ekki





**LANDNÁMSHÆNA** Keppt verður um fegursta hanann og hænuna.

# Uppskera og handverk

Hátíðin Uppskera og handverk verður sett í fimmtánda sinn föstudaginn 10. ágúst klukkan 10.00 í Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit. Bryddað verður upp á ýmsum nýjungum en dagskráin stendur fram á sunnudag.

Dimmuborgarjólasveinarnir munu leika stórt hlutverk og koma fram bæði á föstudag og sunnudag klukkan 15.00. Þá verður haldin tískusýning bæði föstudag og laugardag klukkan 17.00.

Korn er þema hátíðarinnar en ýmislegt korntengt verður til sýnis á hátíðinni. Nokkrir fyrirlestrar verða í boði, meðal annars heldur Valgerður Bjarnadóttir fyrirlestur undir heitinu Gjafir og grátur Gyðjunnar – goðsagnir um kornið og ástina.

Mótorhjól í fullri stærð skorið í tré verður til sýnis, hópur norðanmanna kemur og kynnir mat og handverk úr héraði og námskeið verða haldin í tengslum við hátíðina í eldsmíði, leðursaum, hálmfléttingum og þæfingum.

Verkstæði handverksmanna verður á staðnum þar sem yfir tuttugu manns sýna verkvinnu auk þess sem handverksmaður ársins 2007 verður valinn.

Félag landnámshænsna stendur fyrir keppni um fallegasta hana og hænu hátíðarinnar en á laugardagskvöldið munu annars konar hanar og hænur spóka sig á tónleikum með Ljótu hálfvitunum í Laugarborg.



**BLÓMSTRANDI** NordGen er ný stofnun sem tekur til starfa um áramót.

# Forstjóri hjá NordGen

Norræna ráðherranefndin hefur auglýst lausa stöðu forstjóra fyrir NordGen. Frá næstu áramótum verður starfsemi Norræna genabankans fyrir nytjaplöntur í landbúnaði og garðyrkju og Norræna genabankans fyrir búpening og skógræktarsamstarf um fræöflun og trjákynbætur sameinaðar í nýja stofnun, NordGen.

Óskað er eftir að forstjórinn geti hafið störf sem fyrst, að minnsta kosti að hluta til, og þannig tekið þátt í stefnumótun fyrir hina nýju stofnun ásamt stjórn sem skipuð hefur verið til að vinna að henni. Íslendingar hafa tekið virkan þátt í starfsemi þeirra stofnana sem hér sameinast. Auglýsingu um starfið má skoða á heimasíðu NordGen. www.nordgen.org















# STUÐ MILLI STÍÐA Öryggi borgaranna að akureyskum sið

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** ER ORÐINN LEIÐUR Á FLOKKUN BORGARANNA



Enn er skrifað og skrafað um tjaldsvæðamálið á Akureyri. Eins og kunnugt er var ungmennum á aldrinum 18-23 ára meinaður aðgangur að tjaldsvæðum bæjarins um liðna helgi.

Vill svo til að það er sami hópur og haldið hefur uppi leigumarkaðinum á Akureyri undanfarin ár. Ég get nefnt sjálfan mig sem dæmi. Í fimm ár hef ég haft vetursetu á Akureyri meðan ég hef verið þar í skóla og er nú enn á ný að halda norður yfir heiðar. Samt var ég ekki velkominn til Akureyrar um seinustu helgi. Þessi aldurshópur hefur haldið uppi bæjarbragnum árum saman. Öflugir framhaldsskólar og vaxandi háskóli hafa virkað eins og vítamínsprauta á þetta samfélag og má segja að ungmenni séu stóriðja Akureyringa. Aðgerðin var því að mínu viti vægt til orða tekið ókurteis.

Þetta framtak bæjaryfirvalda á Akureyri varð Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra hugleikið í pistli sem hann ritaði á vefsíðu sína í vikunni. Þar ræðir hann um öryggi borgaranna og hvetur til þess að reynsla sem þessi verði nýtt sunnan heiða þegar leitað er að leiðum til að draga úr óreglu og ólátum í miðborg Reykjavíkur. Hvernig túlka má þessi orð ráðherra er mér ráðgáta ein.

Björn segir aðgerðirnar á Akureyri hafa dregið mjög úr líkum á vandræðum þar. Ekki veit ég til þess að aðrar hátíðir hafi meinað ungmennum aðgang að sínum hátíðarsvæðum, en hátíðarhöld þóttu fara vel fram um allt land.

Ég er orðinn langþreyttur á endalausri tilhneigingu til að flokka fólk í hópa. Nokkrir vélhjólamenn eru til vandræða í umferðinni og í kjölfarið eru allir vélhjólamenn stimplaðir. Vissulega er til ungt og baldið fólk en það er mjög óeðlilegt að heilum þjóðfélagshópi sé refsað að ósekju.

Hátíðarhöld fóru vel fram um allt land og skipti þar engu hvort ungmenni voru á staðnum eða ekki. Það er því spurning hvort ungt fólk ógni öryggi borgaranna jafn mikið og einhverjir virðast halda.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# BT




**Innbyggð netmyndavél og míkrafónn**

**ATI Mobility Radeon HD2400**
Aflmikið skjákort frá ATI sem virkar á alla tölvuleiki. Skjákortið er með DirectX 10 stuðning sem nýtist vel með Vista.

**2GB Vinnsluminni**
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**15.4" WXGA TruBrite skjár**
Skarpur og bjartur skjár með sérstakri glampavörn. Skjárinn er einn mikilvægasti hluti tölvunnar.

**149.999**

## FLAKKARI




300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche útvær harður diskur fylgir!

FYLGIR 14.999

## TOSHIBA

PSAELE-017001N5
TOSHIBA SATELLITE A210-12Q
AMD Turion 64 X2 TL-56
15.4" TFT WXGA TruBrite
ATI Mobility Radeon HD2400 128MB
2GB Vinnsluminni (2x1024)
160GB Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Lyklaborð í fullri stærð
- með 6 fýtihnöppum
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 2,72kg á þyngd
Windows Vista™ Premium
2gja ára alþjóðleg ábyrgð

BT LÁN™
Verð frá:
**4.223**
59 mánaða

# FRÁBÆRIR KAUPAUKAR FYLGJA MEÐ VÖLDUM VÉLUM

## 1. GREIÐSLA

**1. nóvember 2007**

## FLAKKARI




300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche útvær harður diskur fylgir!

FYLGIR 14.999

## OFFICE 2007



**Office pakkinn**
Leyfi fyrir 3 tölvur

**9.999**
16.999
Ef keypt með tölvu

## FLAKKARI




300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche útvær harður diskur fylgir!

FYLGIR 14.999




**nVidia GeForce Go 7600**
Aflmikið skjákort frá GeForce sem virkar á alla tölvuleiki. Skjákortið er einnig útbúið tv-out tengi svo þú getur tengt tölvuna við sjónvarp.

**2GB Vinnsluminni**
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**15.4" WXGA TruBrite skjár**
Skarpur og bjartur skjár með sérstakri glampavörn. Skjárinn er einn mikilvægasti hluti tölvunnar.

**149.999**

## FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

BAT:NOM2-NBTS7-XA1
FSC AMILO XA TURION64 56
AMD Turion64 X2 TL-56 (1.8GHz)
17" WXGA+ CrystalView
nVidia® GeForce Go 7600 (256MB)
2GB Vinnsluminni (2x1GB 667)
240GB Harður diskur (2x120)
Innbyggt þráðlaust net
DVD skrifari - Dual Layer
Microsoft Windows Vista Premium
Microsft Works 8.5
Microsoft Office 2007 (90 daga trial)
Nero 7
Norman Antivirus 3 ár

BT LÁN™
Verð frá:
**4.223**
59 mánaða

**!**

**Kl. 12**

*Hádegistónleikar í Ketilhúsinu á Akureyri. Björg Þórhallsdóttir sópran og bæjarlistamaður á Akureyri 2007 ásamt Daníel Þorsteinssyni píanóleikara flytjur þá íslensk sönglög í rómantískum anda með megináherslu á ljóð Jónasar Hallgrímssonar og Davíðs Stefánssonar við lög Atla Heimis Sveinssonar. Þá verða einnig flutt lög Jóns Þórarinssonar, Þórarins Guðmundssonar, Árna Thorsteinssonar og Tryggva M. Baldvinssonar við ljóð íslenskra öndvegisskálda.*



# menning

menning@frettabladid.is

## *Sumarkvöld í Hömrum*



Á sunnudagskvöld kl. 20 halda þær Herdís Anna Jónasdóttir sópran og Sigríður Ragnarsdóttir píanóleikari tónleika í Hömrum, og eru það sjöttu tónleikarnir í sumartónleikaröð Tónlistarfélags Ísafjarðar, Sumar í Hömrum. Á efnisskránni eru ljóðasöngvar eftir Grieg, Schumann, Schubert og Strauss, íslensk sönglög og óperuaríur. Herdís Anna Jónasdóttir stundaði tónlistarnám við Tónlistarskóla Ísafjarðar frá unga aldri, í píanóleik, fiðluleik og söng, en að loknu stúdentsprófi hélt hún til framhaldsnáms við Listaháskóla Íslands og lauk þaðan B.Mus. prófi vorið 2006. Hún stundar nú framhaldsnám í ljóða- og óperusöng í Berlín. Herdís tók þátt í uppfærslum Óperustúdíós Íslensku óperunnar meðfram náminu í LHÍ, og sl. vor söng hún hlutverk Romildu í óperunni Xerxes eftir Händel í uppfærslu Hanns Eisler-tónlistarháskólans í Berlín. Þessi unga listakona er nú snúin heim sumarlangt og gefur Ísfirðingum kost á að njóta listar sinnar. Sigríður Ragnarsdóttir er skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar þar sem hún kennir einnig á píanó. Sigríður hefur leikið með einsöngvurum og kórum og tekið þátt í flutningi kammertónlistar á Ísafirði um áratugaskeið auk þess sem hún hefur gegnt organistastörfum á Ísafirði og í Súðavík.



**> Ekki missa af …**

lokaþætti sakamálaleikritsins Mótlæti eftir Jón Hall Stefánsson sem er á dagskrá Rásar 1 kl. 13 í dag. Tónlist semur Hallur Ingólfsson. Með helstu hlutverk fara Björk Jakobsdóttir, Sveinn Þórir Geirsson, Vignir Rafn Valþórsson, Davíð Guðbrandsson og Birgitta Birgisdóttir. Leikstjóri er Guðmundur Ingi Þorvaldsson en hljóðvinnslu annast Georg Magnússon.

# Revíusýning hjá Slátrinu

Á laugardagskvöldið kl. 20 verður S.L.Á.T.U.R. með sýningu í aðalstöðvum sínum að Hverfisgötu 32 á revíunni ALLT GOTT. Þar með tekur þetta gamla form á sig nýtt sköpulag í faðmi raftónlistarmanna. Í fréttatilkynningu samtakanna segir: „Leikin verður margslungin tónlist, farið með gamanmál, tónrænar eftirhermur, hagstefjun og ýmislegt fleira.“ Er ljóst af tilkynningunni að hér er haldið til haga hinum vinsælu þáttum revíuformsins til forna, eftirhermum og gamanmálum margs konar.

Stór hópur listamanna kemur fram á Hverfisgötunni, bæði af erlendum og innlendum stofni. Þar má nefna hina írsku Barböru Ellison sem hefur hlotið mikið lof fyrir framsækna raflist sína víða erlendis. Frumflytja þau Heiða Árnadóttir, Þóranna Björnsdóttir og Barbara verk hennar, He: 2:4.0026 (Ode to a noble gas), sem er óður til hins frábæra frumefnis; Helíums.

Einnig kemur fram hljómsveitin Hestbak sem er skipuð þeim Áka Ásgeirssyni, Inga Garðari Erlendssyni, Guðmundi Steini Gunnarssyni og Páli Ivan Pálssyni. Hestbak hefur verið iðið við kolann undanfarið og er um þessar mundir að undirbúa tónleikaferð til Ameríku þar sem hljómsveitin mun leika með söngspírunni Kríu Brekkan. Frá Berlín kemur Hjörleifur Jónsson og leikur m.a. verk fyrir dótapíanó eftir John Cage. Sérstakur gestur er Róbert Sturla Reynisson hagleiksmaður.



SLÁTUR

Revían er samstarfsverkefni Kokteilsósu og S.L.Á.T.U.R.s. Aðgengi er ókeypis og öllum frjálst meðan húsrúm leyfir.

pbb@frettabladid.is



**LEIKLIST** Átakasamur heimur ensku knattspyrnunnar er krufinn í Heteróhetjum.

# Ástir í enska boltanum

**Það hefur verið dauflegt yfir leiksviðum landsmanna síðustu vikur. Engar sumarsýningar eru í gangi á stærri sviðum landsins og smærri hópar hafa hægt um sig. Gegn þessari deyfð rísa hinir ungu og efnilegu.**

Það eru nemendur af öðru og þriðja ári leiklistardeildar Listaháskólans sem hóa saman í frumsýningu á nýju íslensku leikverki sem helgað er hinum heillandi heimi knattspyrnunnar ensku. Er það tímabært nú þegar enski boltinn hvolfist yfir þjóðina eftir dýru óléttuherferðina á sjónvarpsskjáum og víðar.

Verkið heitir Heteróhetjur: Með fullri virðingu fyrir Ashley Cole og er tragikómísk leiksýning sem gerist í heimi ensku úrvalsdeildarinnar. Það er dularfull barmey á VIP-svæði skemmtistaðar í London sem leiðir okkur inn í heim hinna ríku og frægu. Þar verðum við vitni að upphafi ástarsambands knattspyrnumannanna Ashleys Cole og Williams Gallas, sem og þróun þess.

Í verkinu er tekið á hlutum eins og ástinni, samböndum karlmanna, frægðardýrkun og baráttunni við það að fá að vera maður sjálfur án þess að eiga á hættu að það hafi alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Inn í þetta blandast ýmsar stórstjörnur enska boltans eins og Thierry Henry, Frank Lampard og José Mourinho. Einnig Girls Aloud, Paris Hilton, Pete Doherty og Kate Moss, ásamt fleiri góðkunningjum lesenda slúðurdálka íslensku pressunnar. Segja aðstandendur verkið vera sýningu fyrir alla sem hafa áhuga á sögum af frægu sem og ekki frægu fólki og vilja láta skemmta sér í dágóða stund en vara við að hún inniheldur kynferðislegt efni og gróft orðbragð.

Aðstandendur sýningarinnar eru nemar á 2. og 3. ári við leiklistardeild Listaháskóla Íslands, ásamt því að fá dygga aðstoð frá þremur ungum piltum úr Stúdentaleikhúsinu. Í aðalhlutverkum eru Hilmir Jensson sem Ashley Cole, Hilmar Guðjónsson sem leikur William Gallas, Þórunn Arna Kristjánsdóttir sem barmeyin og Guðmundur Kristinn Oddsson sem José Mourinho. Sýningar eru í Smiðjunni á Sölvhólsgötu 13. Næstu sýningar verða 10. ágúst kl. 20 og 22 (Powersýning), 11. ágúst kl. 20 og 13. ágúst kl 20. Áhugasömum er bent á vefsíðuna http://www.myspace.com/heterohetjur. Höfundur og leikstjóri er Heiðar Sumarliðason.

pbb@frettabladid.is

HVAÐ ER SÍMINN?

ORGAN
FÖSTUDAGUR 10. ÁGÚST
VETIVER (USA)
LIGHTS ON THE HIGHWAY
MY SUMMER AS A SALVATION SOLDIER
LAUGARDAGUR 11. ÁGÚST
GAY PRIDE
DJ GLU
MIÐVIKUDAGUR 15. ÁGÚST
GRAPEVINE TÓNLEIKAR
THE BESTIES (USA)
JAN MAYEN
DÝRÐIN
FIMMTUDAGUR 16. ÁGÚST
HJALTALÍN
JAMES WALLACE (USA)
HVÍTI ELVIS
HAFNARSTRÆTI 1-3, BAKHÚS

Kringlukráin
Stuðbandalgið í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill öll kvöld vikunnar

HVAÐ ER SÍMINN?

visir.is
Fyrstur með fréttirnar

# Sprengitilboð

## Keyptu sófasett og fáðu flatskjá í kaupbæti

Einungis fáanlegt í Smáralind og á markaði Hagkaupa Akureyri



### 32" JVC LCD skjár

- 1366x768 punkta upplausn
- 1.000:1 skerpa og 7ms svartími
- Birta 500cd/m2
- 10w Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart (með RGB), HDMI, component, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 1.000 síðna minni
- Fjarstýring, borðstandur fylgir
- Stærð í cm (bxhxd): 82x55x13, þyngd: 16kg

**Með hverju seldu 8138M eða 8160 sófasetti fylgir JVC - 32" LCD breiðtjaldssjónvarp að andvirði 99.990kr***

*Gildir á meðan birgðir endast



329.000kr GOTT VERÐ

**Svefnsófasett** úr leðri 8138M



323.800kr GOTT VERÐ

**Leðursófasett** 3+2 8160



### 20" Dantax LCD skjár

- 20" 4:3 LCD sjónvarp • Upplausn: 800x600 punktar
- Svartími: 8ms og sjónsvið (h/v): 150/130°
- Skerpa: 700:1 og 500cd/m2 • 12v og 220v
- Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi • Textavarp með 7 síðna minni
- Barnalæsing og fjarstýring • Borðstandur og veggfesting fylgja
- Mál í cm (bxhxd): 52,3x43,5x7,9 og þyngd: 9kg

**Með hverju seldu 8181 eða 8183 sófasetti fylgir Dantax - 20" LCD breiðtjaldssjónvarp að andvirði 49.990kr***

*Gildir á meðan birgðir endast



199.000kr GOTT VERÐ

**Leðursófasett** 3+1+1 8181



199.000kr GOTT VERÐ

**Leðursófasett** 3+1+1 8183

## BORÐSTOFUSTÓLAR Á SPRENGITILBOÐI




Gildir til 14. ágúst eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

HVAÐ ER SÍMINN?

# Kunna ekki að skrifa

Sænsku krimmahöfundarnir Liza Marklund og Camilla Lackberg, sem þekktar eru hér á landi af glæpasögum sínum sem ARI útgáfa hefur gefið út hin síðari misseri, hafa á þessu sumri mátt þola nokkurt mótlæti af hendi starfsbræðra sinna. Báðar eru þær með söluhæstu höfundum í Svíþjóð og hafa rakað saman miklum tekjum af sölu bóka, svo miklum að Marklund hefur stofnað sérstaka útgáfu um verk sín. Það eru starfsbræður þeirra á markaði sakamálasagna sem beina spjótum að glæpadrottningunum, eins og þær eru oft kallaðar í heimalandi sínu. Ernst Brunner segir þær kunna lítið til verka í viðtali við Expressen og Leif G. W. Larsson segir fléttur í vinsælum metsölubókum Lackberg eins og þær séu fengnar úr rómantísku tímariti hestaunnenda, Min Hest.

Maj Sjöwall, sá virti brautryðjandi í skrifum glæpasagna á Norðurlöndum og þótt víðar væri leitað, sagði fyrr í sumar að fátæklegur orðaforði einkenndi verk Marklund, svo fátæklegur að hún gæti ekki lesið þær. Annar virtur sagnahöfundur Svía, Jan Guillou, hefur komið þeim til varnar.

Deilan hefur kallað á viðbrögð gagnrýnenda. Samkvæmt Politiken hefur Niels Lillelund, gagnrýnandi á Jyllands-Posten, sagt verk Marklund full af klisjum og illa skrifuð. Það eigi reyndar ekki bara við um hennar texta heldur líka margra karlmanna á þessum akri ritmennskunnar. Sakamálasögur hafa í Skandinavíu verið rúmfrekar á sölulistum eins og hér á landi. Deilur þessar bera keim af nöldri íslenskra höfunda á liðnum haustum yfir þeirri athygli sem Arnaldur og fleiri hafa notið meðal almennings og í fjölmiðlum.

Camilla Lackberg er einn þeirra höfunda sem hingað koma í tengslum við Reyfi Norræna hússins sem verður fyrirferðarmikið í samkomuhaldi í höfuðborginni síðustu vikur ágústmánaðar. **- pbb**



**BÓKMENNTIR** Liza Marklund, söluhæstu krimmahöfundar Svía eru konur.

# Stórmynd í uppnámi

Eitt stærsta verkefni í norrænum kvikmyndaiðnaði er í uppnámi. Norrænar sjónvarpsstöðvar réðust í það í fyrra að láta gera handrit eftir þríleik sænska rithöfundarins Jan Guillou um þátt norrænna manna í krossferðunum. Bækurnar um Árna Magnússon og ævintýri hans í landinu helga hafa notið mikilla vinsælda og verið þýddar víða, meðal annars hér á landi.

Verkið er umfangsmikið og var upphafleg fjárhagsáætlun 170 milljónir sænskar eða ríflega 1.600 milljónir íslenskar. Áttu fyrir það að fást tvær kvikmyndir í fullri lengd auk sex þátta sjónvarpsseríu. Margir þekktir norrænir leikarar komu þar við sögu, þeirra þekktastir Mads Mikkelsen og Stellan Skarsgaard en tökum er lokið og var klipping að hefjast á mánudag. Þá kom babb í bátinn: sænska sjónvarpið sagði sig frá verkinu, þar á bæ væru menn ekki nægilega ánægðir með verkið. Aðrir norrænir sjónvarpsstjórar áttu ekki orð yfir samningssvikunum og töldu forsendur fyrir ákvörðun Svíanna veikar og af annarlegum toga.

Í gær var greint frá því í norrænum blöðum að einkastöðin TV4 hefði áhuga á að koma inn í verkið. Heimildir Politiken segja misklíðina stafa af deilu um lengd sjónvarpsþáttanna og efnistök í þáttum í kvikmyndum séu og keimlík. Fyrirmyndin að þessari tvínotkun á hráefni var sótt í Fanny og Alexander Bergmans en endurnýting af þessu tagi þekkist víðar. Þannig mun Hrafn Gunnlaugsson nú vinna að endurklippingu á Hvíta víkingnum en þar var sami háttur hafður á.

Tökur fóru fram í Marokkó, Skotlandi og Svíþjóð en leikstjóri verksins er Peter Flinth. Frumsýning á verkinu er áætluð í lok þessa árs og haustið 2008 og eftir það í sjónvarpi. Verkið hefur þegar verið selt til Svíþjóðar, Danmerkur, Noregs, Finnlands og Þýskalands. **- pbb**



**JAN GUILLOU** Vinsæll spennusagnahöfundur með verk um Landið helga.










ÍSLENSKA SIA.IS DEB 36749 03.2007


ST. VINCENT


OKKERVIL RIVER

## > Í SPILARANUM

St Vincent - Marry Me
Spoon - Ga Ga Ga Ga Ga
The Coral - Roots & Echoes
Jan Mayen - So Much Better Than Your Normal Life
Okkervil River - The Stage Names

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Heima frumsýnd á RIFF

Heima, mynd um tónleikaferð hljómsveitarinnar Sigur Rósar um Ísland, verður frumsýnd á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, 27. september næstkomandi. Þetta kemur fram á Soundgenerator.com.

Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum verður myndin frumsýnd í Bretlandi og víðar hinn 5. nóvember. Samfara frumsýningu Heima verður gefinn út geisladiskurinn Hvarf heim sem inniheldur óútgefin lög með sveitinni og lög í órafmögnuðum útgáfum. Á fyrrnefndri vefsíðu kemur fram að um tvöfalda geislaplötu verði að ræða. Þá segir einnig að hægt verði að kaupa Heima-myndina á tveimur DVD-diskum auk þess sem sérstakri útgáfu fylgi 104 blaðsíðna bók með myndum af sveitinni á tónleikum.


**Á LEIÐ Á HVÍTA TJALDIÐ** Kvikmynd um tónleikaferð Sigur Rósar á Íslandi í fyrrasumar verður frumsýnd á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



## > Plata vikunnar

Megas og Senuþjófarnir - Frágangur

★★★★★

Frágangur staðfestir enn einu sinni yfirburði Megasar í íslenskri poppsögu. Það er horft til baka í útsetningunum, hljómurinn er fínn og textar, lög og söngur Megasar eru framúrskarandi. Ein af bestu plötum Megasar. TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Rollsinn í endurútgáfum*

Plötuútgáfa dregst verulega saman yfir hásumarið. Þessa dagana og fram í ágústlok kemur frekar lítið út af áhugaverðum plötum þó að auðvitað komi alltaf eitthvað. Megas og Prince eru t.d. báðir nýbúnir að senda frá sér plötur.

Það er kannski út af þessari litlu útgáfu sem það er orðin venja hjá mér að grúska í gamalli tónlist og skoða endurútgáfur sérstaklega yfir sumartímann. Metnaðurinn í endurútgáfunum hefur aldrei verið meiri. Alls konar viðhafnarútgáfur eru algengar og margar þeirra mjög vel unnar.

Flottustu endurútgáfurnar eru oft unnar af fyrirtækjum sem sérhæfa sig í slíku. Rhino var lengi í farabroddi í þessum geira, en nú eru þessi fyrirtæki fjölmörg og af öllum stærðum og gerðum. Eitt af þeim öflugustu heitir Hip-O Select og er í eigu Universal. Hip-O sérhæfir sig í lúxusútgáfum og selur aðallega beint á netinu. Fyrirtækið gefur út alls konar tónlist, en gömul soul- og fönk-tónlist er áberandi, ekki síst vegna viðamikillar útgáfu á tónlist frá Motown. Þungamiðjan í Motown-útgáfunni er útgáfuröð með öllum smáskífum fyrirtækisins. Þetta eru 4-6 diska pakkar, einn fyrir hvert ár, nema hvað fyrstu þrjú árin (1959-1961) eru saman í fyrsta pakkanum. Diskarnir koma í innbundinni 100 bls. bók ásamt einni 7“ vínylplötu. Allur frágangur er fullkominn og í textanum eru bæði ritgerðir og umfjöllun um hverja einustu smáskífu í pakkanum auk mynda. Þessar útgáfur eru margrómaðar. Sjötti pakkinn (1966) var t.d. valinn endurútgáfa ársins 2006 af Mojo-tímaritinu. Það kemur á óvart hvað mikill hluti af þessu er gæðatónlist þó að í bláþyrjuninni hafi fyrirtækið gert misgóða hluti á meðan Berry Gordy var að finna taktinn. Motown var hálfgerð verksmiðja. The Funk Brothers spiluðu inn á flestar plöturnar. Lögin voru samin af atvinnumönnum á borð við Holland/Dozier/Holland og Smokey Robinson og fóru öll í gegnum nokkurra manna gæðanefnd sem ákvað hvort þau væru nógu góð til útgáfu eða ekki. Ekki fyrirkomulag sem hentar öllum, en það svínvirkaði hjá Berry Gordy. Svo er Motown-soul auðvitað mjög sumarleg tónlist.

Þessir pakkar kosta auðvitað sitt, en samt ekki meira en einn sæmilega flottur bolur í tískuvöruverslun, ja eða hálfar gallabuxur. Auðvelt val!






# Metnaðarfullt sjálfstraust

**Vinasveitirnar Hjaltalín og Sprengjuhöllin vinna nú um stundir að frumburðum sínum. Steinþór Helgi Arnsteinsson kíkti í heimsókn til sveitanna þar sem upptökur voru í fullum gangi.**

Hljómsveitirnar Hjaltalín og Sprengjuhöllin hafa vakið verðskuldaða athygli á árinu. Hvorug sveitin hefur starfað í langan tíma en tónlist þeirra virðist hitta í mark. „Við erum bara að gera tónlist sem okkur finnst skemmtileg.“ Sveitirnar tvær þekkjast vel innbyrðis og eru í fararbroddi ákveðinnar tónlistarsenu eða kynslóðar sem virðist vera að ryðja sér til rúms nú um stundir.

### Íslenskur perraskapur

Sprengjuhöllin hefur eytt um viku í Gróðurhúsinu, upptökuveri Valgeirs Sigurðssonar, og þegar ég kíkti í heimsókn á fjórða degi voru piltarnir búnir með alla grunna og mikið af söngnum. „Eins og þú kannski heyrir núna, þá erum við byrjaðir í einhverjum perraskap, setja inn tambúrínur, hægja á lögunum og svona,“ útskýrir Bergur Ebbi, einn meðlimur sveitarinnar.

Sprengjuhöllin hefur undanfarið orðið íslenskari, ef svo mætti orða það. Meðan á viðtalinu stóð heyrði ég meðal annars í laginu Can't Dance en með íslenskum texta og heitir lagið nú Taktlaus. „Konseptið á bak við hljómsveitina var ekki fullþróað þegar við byrjuðum að semja eitthvað á ensku. Núna eru hins vegar öll lögin okkar á íslensku. Við erum ekkert að semja tónlist eingöngu til þess að fara til London að meika það þar, eins og reyndar margar íslenskar hljómsveitir gera. Ferðin endar samt ekki hérna,“ útskýra meðlimir Sprengjuhallarinnar í sólríkum garði í Breiðholtinu.


**Í GRÓÐURHÚSINU** Sprengjuhöllin hefur lokið við eina viku í vinnslu á fyrstu plötu sinni en áætlar að nýta eina viku til viðbótar til þess að klára plötuna. Frá vinstri eru þeir Bergur Ebbi, Siggi, Georg Kári, Snorri og Atli. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

### Farið í aðra átt

Í pínulitlu risherbergi á Laugaveginum, í stúdíói Gunnars Tynes úr múm, segja Hjaltalínmennirnir Högni og Guðmundur Óskar frá þróunarferli sveitarinnar. Hjaltalín byrjaði sem eins konar stuðsveit í anda Spilverksins en hefur þróast út í framsækna kammerpoppsveit með óvenjulega hljóðfæraskipan. „Við vorum ekki nógu miklir poppsnillingar til þess að geta búið til eitthvað nýtt sánd. Við vildum því gera eitthvað meira kreatíft og fara í





Himinn og haf / SÍA

Förum varlega í akstri um Ísland og höfum hugfast að ferðalagið er jafnmikil upplifun og áfangastaðurinn. Landið hefur upp á ótalmargt að bjóða og aldrei að vita hverju þú missir af þegar farið er um í óðagoti. Stillum hraðanum í hóf, göngum vel um landið okkar og komum heil heim.

www.ferdalag.is

**Ljósmyndasamkeppni**

Á **ferdalag.is** finnurðu ýmiss konar upplýsingar sem tengjast ferðalögum um Ísland. Kynntu þér fáséðar perlur utan alfaraleiðar og sjáðu með eigin augum. Safnaðu ljósmyndum og sendu inn í ljósmyndasamkeppnina okkar. Sú stendur í allt sumar og vegleg verðlaun eru í boði.

# White Stripes-erfingi



Eiginkona Jack White, söngvara The White Stripes, fæddi dreng á þriðjudaginn en þetta er annað barn þeirra hjóna. „Nýju barni og móður heilsast vel og eru heilbrigð og hamingjusöm,“ sagði talskonan Chloé Walsh í tilkynningu. Fyrir eiga þau Karen Elson og Jack dótturina Scarlett Teresu White en hjónin kynntust við tökur á myndbandinu við lagið Blue Orchid. Þau giftu sig svo á kanó sem sigldi niður Amazonfljótið árið 2005. Nýfæddur sonur þeirra hefur fengið nafnið Henry Lee White.

**JACK WHITE** Eiginkona tónlistarmannsins eignaðist annað barn þeirra hjóna á dögunum.

nýja átt.“ Hjaltalín hélt sig við hljóðfæri eins og fagott og klarínett í flestöllum lögum sveitarinnar og vildi hún þannig koma í veg fyrir að verða einhvers konar hljóðverssveit sem gæti aldrei spilað á tónleikum. Guðmundur Óskar segir að reyndar hafi aldrei verið neitt eiginlegt markmið að taka upp plötu en síðan hafi þeir fengið stuðning frá ýmsum mönnum. „Þegar maður finnur hjá fólki að það hefur drifkraft til þess að gera eitthvað en vantar trekt til að dæla öllu í gegn, þá finnst mér gaman að vera sú trekt,“ segir Gunnar, upptökustjóri nýju plötunnar.

**Enn ein gullöld?**

Af tóndæmunum sem ég fékk að heyra má jafnvel gera ráð fyrir enn einni gullöldinni í íslenskri tónlistarsögu. Metnaðurinn skín í gegn en Hjaltalín notar í einu lagi meðal annars um tuttugu manns. Lög Sprengjuhallarinnar hafa líka þróast og þroskast vel.

Þótt tónlist sveitanna sé hvor af sínum meiði bera sveitirnar að mörgu leyti með sér keimlíkan tón sem felst aðallega í stuði, sjálfstrausti og trú á tónlistinni sem þær framreiða.

Svo er bara að bíða og sjá hvernig almenningur tekur plötunum. Sveitirnar gera báðar ráð fyrir að frumburðirnir komi út í byrjun október, eða fyrir Airwaves-hátíðina. Sprengjuhöllin hefur nú gengið frá samningi við Senu um útgáfu plötunnar.



**FJÖRUG** Hin níu manna sveit Hjaltalín vinnur að nýrri plötu um þessar mundir og gerir ráð fyrir að hún komi út í október.



**HRESSIR** Þeir Nick McCarthy og Alex Kapranos bregða á leik í undirbúningi fyrir tónleikana. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Selt á Franz

**Miðasala á tónleika skosku hljómsveitarinnar Franz Ferdinand hinn 14. september nk. hefst í dag í verslunum Skífunnar, BT á landsbyggðinni og á vefsíðunni Midi.is. Tónleikarnir fara fram á Nasa og í tilkynningu segir að miðaframboð á tónleikana sé takmarkað.**

**Meðlimir Franz Ferdinand óskuðu sérstaklega eftir því að fá að spila í Reykjavík og hafa í hyggju að prufukeyra lög af væntanlegri breiðskífu sinni í bland við að spila sína helstu smelli. Þetta er í annað sinn sem hljómsveitin spilar hér á landi en hún hélt vel heppnaða tónleika í Kaplakrika fyrir tveimur árum.**









> **Í KVÖLD**

Tónlistarmaðurinn **Curver** heldur Rokkabillíkvöld á Bar 11 á Smiðjustíg í kvöld. Hann ætlar að spila gamalt hressandi rokkabillí, sörf, tvang og gamaldags rokk og ról. Fólk er hvatt til að mæta í rokkabillífötum.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Úkraínumaður er stærstur í heimi

Úkraínumaðurinn Leonid Stadnik hefur tekið formlega við nafnbótinni hæsti maður heims og verður hann framvegis kynntur sem slíkur í Heimsmetabók Guinnes. Stadnik er 2,57 metrar á hæð, heilum 20 sentímetrum hærri en fyrrverandi handhafi titilsins, hinn kínverski Bao Xishun, er.

Hinn 37 ára gamli Stadnik var af eðlilegri stærð framan af ævinni en eftir að hafa gengist undir aðgerð á heila 14 ára gamall hóf hann að vaxa upp úr öllu valdi. Talið er að mistök lækna hafi orðið til þess að örva heiladingul Stadniks, en hann framleiðir vaxtarhormón mannslíkamans. Mistökin höfðu engin áhrif á andlega heilsu Stadniks en hann er menntaður dýralæknir þó svo hann starfi ekki sem slíkur. Hann býr nú með móður sinni í Norðvestur-Úkraínu og sér um viðhald á húsi og bakgarði fjölskyldunnar.

Þess má geta að hæsti maður mannkynssögunnar, Robert Pershing Wadlow, var 267 sentímetrar þegar hann lést árið 1940, þá 22 ára gamall.





**STÓRIR FÆTUR** Stadnik notar skó númer 62, sem eru ívið stærra en hin eðlilega skóstærð, númer 42, eins og sjá má á þessari mynd.

**STÆRSTUR** Forseti Úkraínu, Viktor Yushcenko, óskar Leonid Stadnik til hamingju nýju nafnbótina.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

HVAÐ ER SÍMINN?

friendtex
ÚTSALA
Friendtex 2007
Nú á allt að seljast.
Komið og gerið frábær kaup.
Einnig mikið úrval af eldri fatnaði á kr 990.- og nú tveir fyrir einn af eldri vöru.
50%
60%
70%
80%
AFSLÁTTUR
Dæmi um verð
Allar gallabuxur kr 2900
Allar peysur kr 2000
Allir skór kr 1990
Allir kjólar kr 1500
Friendex - Faxafeni 10
www.friendtex.is Sími 568 2870
Opnunartími mánudaga - föstudaga 10.00 - 18.00 Lokað laugardaga



# Ísland áberandi á tískuviku

**Tískuvikan í Kaupmannahöfn hófst á miðvikudag og stendur fram á sunnudag. Samhliða henni er haldinn fjöldi sölusýninga, sem margir íslenskir hönnuðir taka þátt í.**

Steinunn Sigurðardóttir, sem hlaut norrænu hönnunarverðlaunin Gínuna fyrr í vikunni, er ein hinna útvöldu hönnuða sem sýna hönnun sína á sölusýningunni Gallery, en það er CPH Vision sem flestir íslenskir hönnuðir sækja heim.

Guðrún Sveinbjörnsdóttir kynnir merkið sitt, GuSt, í fyrsta sinn á CPH Vision. „Hún er svona fyrir ný merki og minni fyrirtæki og er ferskari og framsæknari en stóra sýningin, CIFF," sagði Guðrún. „Þetta er í fyrsta sinn sem ég er með fötin mín í boði erlendis. Ég á tíu ára afmæli í haust og er að prófa þetta núna," bætti hún við.

Guðrún sagði dönsku tískuvikuna hiklaust standa íslenskum hönnuðum næst. „En þó að hönnuðirnir sem sýna séu flestallir frá Skandinavíu er líka heilmikið af kaupendum alls staðar að," sagði hún.

Gunnar Hilmarsson, iðulega kenndur við GK, tók í sama streng. „Styrkur þessarar sýningar er sá að Skandínavar eru mjög trúir sinni hönnun, og búðirnar kaupa langmest inn af henni," sagði hann. „Það er lífsnauðsynlegt."

Gunnar og Kolbrún, kona hans, kynntu nýtt merki sitt, Andersen & Lauth, fyrst á CPH Vision í vor. „Þá seldum við í um sjötíu búðir, og núna erum við búin að bæta við umboðsmönnum í Frakklandi, á Englandi og Írlandi," sagði Gunnar. Þau munu einnig sýna á Prêt-à-Porter í París í byrjun september.

Á meðal annarra íslenska hönnuða á CPH Vision má nefna Birnu Karen Einarsdóttur, Guðbjörgu Reykjalín, Sigrúnu Úlfarsdóttur og Verksmiðjukonurnar Maríu K. Magnúsdóttur, Önnu Guðmundsdóttur, Huldu Kristinsdóttur, Rósu E. R. Helgadóttur, Þorbjörgu Valdimarsdóttur og Heiðu Eiríksdóttur.

Einn hluti CPH Vision nefnist Designers' Nest, og er helgaður fatahönnunarnemum. Þar eru staddir fimm nemar úr Listaháskóla Íslands, og Linda Björg Árnadóttir, fagstjóri fatahönnunar, segir sýninguna gott tækifæri. „Þetta er góð kynning fyrir krakkana. Þau geta selt fötin sín, jafnvel fengið vinnu, eða hlotið verðlaun," sagði hún. Danska krónprinsessan Mary er verndari Designers' Nest og veitir árlega besta skandínavíska tískunemandanum 50.000 danskar krónur í verðlaun.

Linda segir dönsku tískuvikuna og vörusýningarnar sem henni fylgja afar sterka, og þá einu með viti í Skandinavíu. „Skólanum er boðið að taka þátt í ýmsum uppákomum úti um allan heim, en ég hef eiginlega valið þetta sem það sem við ætlum að gera," sagði Linda.

sunna@frettabladid.is








**DANSKA TÍSKUVIKAN STENDUR ÍSLENDINGUM NÆST**

Margir íslenskir hönnuðir kynna hönnun sína og vörur á sölusýningum á tískuvikunni í Kaupmannahöfn. Þar á meðal eru **Guðrún Sveinbjörnsdóttir** í GuSt, **Gunnar Hilmarsson** sem kynnir merkið Andersen & Lauth, og **Birna Karen Einarsdóttir**, sem öll sýna á CPH Vision. **Steinunn Sigurðardóttir**, sem hlaut hönnunarverðlaunin Gínuna í vikunni, er ein útvaldra hönnuða sem sýna á Gallery.

# Skáru út mótorhjól úr tré

„Við vildum gera eitthvað sem sýndi að við værum mestir og bestir. Og svo erum við náttúrulega allir léttruglaðir," segir Jón Adolf Steinólfsson, einn af sexmenningunum sem mynda tréskurðarhópinn Einstakir. Í tilefni af hátíðinni Uppskera og handverk sem hefst í Eyjafirði í dag hefur hópurinn skorið út mótorhjól í fullri stærð og segjast þeir félagar þar með hafa náð að toppa sýningargrip sinn frá því á hátíðinni í fyrra. Þá smíðuðu þeir fjögurra metra háa eftirlíkingu af Telecaster rafmagnsgítar, sem nú er til sýnis á Poppminjasafninu í Reykjanesbæ.

„Okkur var ljóst að við yrðum að gera eitthvað ennþá flottara í ár til að geta staðið undir nafni. Ég á gamalt Ural-hjól með hliðarvagni líkt og Þjóðverjar notuðu í síðari heimsstyrjöldinni og fékk þá hugmynd að gera skera út eftirlíkingu af því. Við hófumst handa í október á síðasta ári og þetta hefur því verið gríðarlega vinna," segir Jón Adolf, en alls áætlar hann að yfir þrjú þúsund vinnustundir hafi farið í útskurðinn. „Við sáum fljótlega að hliðarvagninn yrði allt of mikið mál svo að við slepptum honum. Þetta var mjög tæpt á tímabili en síðasta mánuð höfum við verið að vinna í hjólinu á hverjum degi, frá kl. 7 á morgnana til kl. 22 á kvöldin. Og það hafðist," segir Jón Adolf, en hjólið var fullsmíðað á þriðjudag og verður sent til Eyjafjarðar í dag. Og þeir félagar eru þegar farnir að huga að því hvernig þeir geti toppað útskorna hjólið á næsta ári. „Það hefur verið rætt um að skera út bíl í fullri stærð en svo er einnig komin sú hugmynd að gera risastóran hamborgara og franskar. Það kemur allt í ljós síðar en það verður allavega eitthvað nógu stórt og magnað," sagði Jón Adolf og glotti.

Handverkshátíðin verður sett á morgun í 15. sinn og í tilkynningu segir að bryddað verði upp á ýmsum nýjungum í ár. Fjölmargir fyrirlestrar verða í boði fyrir gesti og gangandi, auk tónleika, tískusýninga og ýmissa listsýninga.

- vig



**AFRAKSTURINN** Mótorhjólið er hinn glæsilegasti gripur og á vafalaust eftir að vekja mikla athygli á handverkshátíðinni um helgina.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið


ASUS
TASKA OG MÚS
FYLGIR ÖLLUM FARTÖLVUM
SKÓLATILBOÐ
HÁGÆÐA FARTÖLVUR FYRIR NÁM OG LEIK
FRÁBÆR FYRSTA VÉL
ASUS X51R-AP009A
• 15.4” TFT WXGA breiðskjár
• Intel Celeron M520 1.6GHz örgjörvi
• ATI RADEON Express X1100 128MB skjákort
• 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
• 120GB 5400rpm SATA harður diskur
• Windows Vista Home Basic stýrikerfi
• Sound Blaster Pro hljóðkort og fl.
15.4” TFT WGA SKJÁR
VERÐ 69.990
FRÁBÆRT VERÐ
ÖFLUG VÉL - FRÁBÆRT VERÐ
ASUS F5R-AP138C
• 15.4” TFT WXGA breiðskjár
• Með innbyggðri vefmyndavél
• Intel Core Duo T2130 1.83GHz örgjörvi
• ATI RADEON Express X1100 128MB skjákort
• 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
• 120GB 5400rpm SATA harður diskur
• Windows Vista Home Premium stýrikerfi
• Azaila samhæft hljóðkort og fl.
INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL
VERÐ 89.990
FRÁBÆRT VERÐ
VEL ÚTBÚIN VÉL - TIL Í ALLT
ASUS F5V-AP021C
• 15.4” TFT WXGA breiðskjár
• Með innbyggðri vefmyndavél
• Intel Core Duo T2450 2.0GHz örgjörvi
• ATI RADEON Express X2300 896MB skjákort
• 2GB DDRII 667MHz vinnsluminni
• 160GB 5400rpm SATA harður diskur
• Windows Vista Home Premium stýrikerfi
• Sound Blaster Pro hljóðkort og fl.
INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL
VERÐ 109.990
FRÁBÆRT VERÐ
MEÐ STÓRUM 17” SKJÁ
ASUS A7S-7S025C
• 17” TFT WXGA+ breiðskjár
• Með innbyggðri vefmyndavél
• Intel Core 2 DUO T7300 2.0GHz örgjörvi
• NVIDIA Geforce Go 8400 128MB skjákort
• 2 GB DDR II 667MHz vinnsluminni
• 200GB SATA 4200rpm harður diskur
• Windows Vista Home Premium stýrikerfi
• Intel High Definition hljóðkort o. fl.
INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL
VERÐ 149.990
FRÁBÆRT VERÐ
Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2007
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

Nýtt í bíó

Sími: 553 2075 - bara lúxus






LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 4, 7 og 10-POWER | 10 |
| PLANET TERROR | kl. 8 og 10.20 | 16 |
| SIMPSONS enskt tal | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| SIMPSONS íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 5 - 8 - 11 | 7 |
| TRANSFORMERS LÚXUS | kl. 5 - 8 - 11 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 4 - 6 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 8 - 10.45 | 14 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| BECOMING JANE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| PLANET TERROR | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 6.30 - 8.30 - 10.30 | |
| DEATH PROOF | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 6 - 9 | 7 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 6 | |

SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| PLANET TERROR | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 6 | |

MIÐASALA Á midi.is

www.SAMbio.is 575 8900 midi.is

STÆRSTA MYND SUMARSINS




| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 2 - 5 - 8 - 11 DIGITAL | 10 |
| TRANSFORMERS | kl. 2 - 5 - 8 - 11 VIP | |
| NANCY DREW | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | 7 |
| GEORGIA RULES | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | 10 |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 2 | L |
| BLIND DATING | kl. 4 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 8 | L |
| OCEAN´S 13 | kl. 10:10 | 7 |
| ROBINSON... ÍSL TAL | kl. 2 | L |
| SELFOSSI S. 482 3007 | | |
| TRANSFORMERS | kl. 5 - 7:45 - 10:30 DIGITAL | 7 |
| SIMPSONS ENSK TAL | kl. 5 - 7 | L |
| PLANET TERROR | kl. 9 - 11 | 7 |

| KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 4 - 7 - 10 | 10 |
| NANCY DREW | kl. 5:50 - 8 | 7 |
| GEORGIA RULES | kl. 10:10 | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 4 - 7 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| KEFLAVÍK | | |
| TRANSFORMERS | kl. 5 - 8 - 11 | 7 |
| SIMPSONS M/- ENSK TAL | kl. 6 - 8 | L |
| NANCY DREW | kl. 10 | 7 |
| AKUREYRI | | |
| TRANSFORMERS | kl. 5 - 8 - 11 | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 5 | 10 |
| NANCY DREW | kl. 8 - 10 | 7 |




# Þjóðsögur á mynddiskum

Tvíeykið góða úr Stundinni okkar, þau Þóra Sigurðardóttir og Jóhann G. Jóhannsson, hafa nú gefið út DVD-diska sem innihalda þættina Sögurnar okkar. „Þetta eru þættir sem við gerðum fyrir RÚV og voru sýndir í fyrra,“ segir Þóra. „Þættirnir fjalla um þjóðsögur landsins og við fórum hringinn í kringum landið á sínum tíma. Við heimsóttum staðina þar sem þær eiga að hafa átt sér stað, brugðum okkur í alls kyns gervi og stúderuðum hversu raunhæfar sögurnar eru.“

Að sögn Þóru lögðu þau Jóhann áherslu á að efnið næði til allra aldurshópa og fengi jafnvel suma til að ferðast á slóðir sagnanna. „Ég veit að þættirnir fengu til dæmis marga til að fara á Skóga, þar sem Þrasi á að hafa hent gullinu sínu. Nú eru líka margar fjölskyldur komnar með DVD-spilara í bílana og því upplagt að leyfa krökkunum að horfa á þættina á ferðalögum. Þeir hafa gott fræðslugildi enda náðum við Jói að kynnast landinu betur við upptökur en við höfum nokkru sinni gert,“ segir Þóra og hlær. Þættirnir eru fáanlegir í öllum helstu plötu- og myndbandaverslunum landsins.



**SÖGURNAR OKKAR** Þóra og Jóhann bregða á leik fyrir ungna sem aldna í þáttunum þar sem þau fjalla um þjóðsögur landsins.

# Semur í göngutúrum

**Hljómsveitin Vetiver heldur tónleika á Organ í kvöld. Andy Cabric, forsprakki sveitarinnar, er spenntur fyrir tónleikunum.**

Vetiver kemur frá San Francisco og hefur verið ein af leiðandi hljómsveitum hinnar svokölluðu freak folk-senu en innan hennar teljast nöfn á borð við CocoRosie, Six Organs of Admittance og Joanna Newsom. Andy Cabic, forsprakki Vetiver, er mikill vinur Devendra Banhart og hafa þeir gárungar unnið mikið saman. Cabic hefur meðal annars samið lög fyrir Devendra og tók einnig upp síðustu plötu hans.

Í samtali við blaðamann Fréttablaðsins segir Andy að rætur freak folk-senunnur liggi að mestu innan Kaliforníufylkis en sjálfur segir Andy að hann leiti mun meira til Velvet Underground og sveim- og draumkenndar sveitir 10. áratugsins á Bretlandi. Því til sönnunar má nefna að Hope Sandoval, söngkona Mazzy Star, og Colm O‘Ciosoig, trommari My Bloody Valentine, komu bæði við sögu á frumburði Vetiver.



**ÞÆGILEG** San Francisco sveitin Vetiver er ein af aðaltrompum freak folk-senunnar sem hefur fengið mikla og góða athygli innan tónlistarpressunnar undanfarin misseri.

Andy segir að allt tónlistarlegt landslag í San Francisco sé einkar þægilegt og að borgin sé vafalaust sú evrópskasta af borgum Bandaríkjanna. „Ég held samt að allt sem ég geri í sambandi við tónlist sé að mestu innhverft og hafi lítið að gera með staðinn sem ég bý á. Nema kannski að ég geng um borgina þegar ég sem textana mína. Öll mín lög byrja þannig á göngutúr út í almenningsgarð.“

Andy og aðrir úr Vetiver vinna nú að nýrri plötu og hefur Andy einnig verið að vinna að plötu með ábreiðulögum. „Við munum pottþétt spila eitthvað af þessum lögum,“ útskýrir Andy en af rödd hans að dæma iðar hann allur í skinninu fyrir komuna til Íslands. Tónleikar Vetiver hefjast stundvíslega klukkan 22.00 og kostar 1500 krónur inn en Lights on the Highway og My Summer as a Salvation Soldier sjá um upphitun.

steinthor@frettabladid.is

# Draugar Milos Forman

Goya`s Ghost, nýjasta kvikmynd hins tékkneska Milos Forman, verður meðal kvikmynda á Bíódögum Græna ljóssins sem hefjast eftir tæpa viku. Myndin segir frá ævi spænska málarans Francisco Goya og er stjörnum prýdd en meðal leikara eru þau Natalie Portman og Javier Bardem auk Stellan Skarsgaard sem fer með hlutverk Goya.



**MILOS** Nýjasta mynd hans, Goya`s Ghost, verður meðal þeirra mynda sem sýndar verða á Bíódögum Græna ljóssins.

Sjö ár eru liðin síðan Milos sendi frá sér sína síðustu mynd, Man on the Moon, þar sem Jim Carrey fór hamförum í hlutverki bandaríska grínarans Andy Kaufman. Yfirleitt ríkir mikil spenna í kringum kvikmyndir Milos sem gerði meðal annars Gaukshreiðrið og Ríkið gegn Larry Flynt og má ljóst vera að aðdáendur Forman eiga eftir að bíða spenntir eftir nýjustu afurð hins aldna höfðingja.

Græna ljósið tilkynnti í gær um fjórar aðrar kvikmyndir sem verða á dagskrá Bíódaga og þar ber ef til hæst hin vægast sagt umtalaða kvikmynd Shortbus sem olli töluverðri hneykslan þegar hún var sýnd á Cannes fyrir opinskáar kynlífssenur. Þá má einnig nefna Cocaine Cowboys en það er heimildarmynd um þá eiturlyfjabylgju sem skall á Miami við upphaf níunda áratugarins og varð síðar meir að fyrirmynd kvikmynda á borð við Scarface og Miami Vice.







**Við mælum með landafræðibókunum sem fást hjá okkur í Office 1. Þar færð þú allt fyrir skólann undir einu þaki!**

Office 1 Superstore

Skeifunni17 • Smáralind • Akureyri • Ísafirði • Egilsstöðum • Vestmannaeyjum • Selfossi • Hafnarfirði (Bókabúð Böðvars)

# Ágætis Umbreytingar

Aðdáendur Transformers hafa beðið spenntir eftir því að sjá hvaða höndum Hollywood myndi fara um þessar ágætu teiknimynda- og leikfangahetjur níunda áratugarins. Vitað var að það yrði erfitt fyrir tölvubrellukarlana að endurskapa geimveruvélmennin á trúverðugan hátt fyrir hvíta tjaldið.

Og nú hefur draumaverksmiðjan lagt verk sitt í dóm áhorfenda. Sagan hefst á plánetunni Cybertron þar sem hinir miskunnsömu Autobots undir stjórn Optimus Prime og hinir vægðarlausu Decepticons með Megatron í forsvari hafa barist um völdin. Styrjöldin nær hámarki þegar plánetan eyðist og orkugjafinn, The Cube, þeytist út í himinhvolfið og lendir á norðurhveli jarðar. Í kjölfarið hefst mikill eltingarleikur eftir orkustöðinni sem hefur alvarlegar afleiðingar fyrir jarðarbúa.

Transformers verður seint sökuð um að vera frumleg. Til að mynda er aðalpersónan Sam karakter sem kvikmyndahúsagestir ættu að þekkja jafn vel og lófann á sér; feiminn og óframfærinn drengur, lagður í einelti af forheimskum íþróttabuffum en reynist vera með munninn fyrir neðan nefið, og Mikaela er ekki neitt skáldsagnarlegt afrek. Þau Shia LeBeouf og Megan Fox sleppa hins vegar ágætlega frá sínum hlutverkum og skemma ekki mikið fyrir, þótt þeim verði seint úthlutað styttu fyrir afrek sín á leiklistarsviðinu. Hið sama verður ekki sagt um tölvusnillinginn Maggie, leikna af hinni áströlsku Rachel Taylor, en leikkonan fer langt með að framleiða grænar bólur á bakinu og hitaköst í köldum kvikmyndasal þegar hún birtist á tjaldinu. Á móti má þó benda á skemmtilegar og oft bráðsmellnar aukapersónur eins og John Turturro í líki starfsmanns leynilegrar stofnunar bandarískra stjórnvalda (sem minnir vandræðalega á svæði 51 í Independence Day).

Aðalhlutverkin eru þó fyrst og fremst í höndunum á hinum tölvugerðu vélmennum. Og þvílíkar brellur. Ekki verður tekið af snillingunum hjá Industrial Light and Magic að þeir hafa unnið stórsigur. Og að þeim skuli hafa tekist að endurskapa Transformers á þennan hátt er eitt og sér nægjanleg ástæðu til að berja myndina augum.

Transformers er dæmigerður sumarsmellur, með dass af fimmaurabröndurum, slatta af sprengingum og urmulinn allan af áðurnefndum tæknibrellum. Hún reynir ekki um of á heilasellurnar og rennur því ljúflega niður með poppkorni og kók. **Freyr Gígja Gunnarsson**



**KVIKMYNDIR**

**Transformers**

Leikstjóri: Michael Bay

Aðalhlutverk: Shia Lebeouf, Megan Fox og Jon Voight

★★★

Snillingarnir hjá Industrial Light and Magic framkalla sannkallað augnayndi með því að endurvekja Transformers á einstakan hátt. Að venju hefði mátt eyða meiri pening í innihald og handrit en varla er hægt að gera kröfur um slíkt þegar Michael Bay er annars vegar.

# Fyrsta útsendingin í fjögur ár

„Mig langaði að prófa að taka í útvarpið aftur og sá þessa möguleika um verslunarmannahelgina. Ég bauð því fram krafta mína,“ segir útvarpsmaðurinn gamalkunni, Sighvatur Jónsson, gjarnan þekktur úr fyrri tíð sem Hvati, en hann settist aftur fyrir framan hljóðnemann á Bylgjunni um helgina og stjórnaði vaktinni um verslunarmannahelgina ásamt góðvini sínum Ásgeiri Páli Ágústssyni. Fjögur ár eru liðin frá því að síðast heyrðist í Sighvati í útvarpinu en á sínum tíma starfaði hann á hinum ýmsu útvarpsstöðvum sem dagskrárgerðarmaður og tæknimaður. Hann hefur búið í Danmörku síðustu ár og stundað nám en starfar á fréttastofu Stöðvar 2 í sumar. „Þetta var orðinn dágóður tími en var fljótt að rifjast upp. Ég hafði ofsalega gaman af þessu,“ segir Sighvatur.

Hann og Ásgeir Páll voru í loftinu frá 12 til 17 á laugardag og sunnudag og frá 14 til 19 á mánudag, eða alls í 15 tíma. Verslunarmannahelgarvaktin er alræmd meðal útvarpsmanna en þeir félagar þóttu standa sig með miklum ágætum og var að minnsta kosti enginn skortur á gríni og glensi. „Það var vissulega mikið hlegið en það ber að athuga að það þarf ekki beint að kreista hláturinn upp úr Ásgeiri. Svo er hann með líka með svo ferlega smitandi hlátur,“ segir Sighvatur.

Ásgeir Páll ber Sighvati vel söguna og segir hann engu hafa gleymt. „Hvati hefur mikla hæfileika í þessum fræðum og fyrir utan að búa yfir þægilegri rödd og skemmtilegri nálgun þá er hann svo tæknilega klár. Við gömlu hundarnir höfðum því mjög gott af því að vinna saman um helgina og læra hvor af hinum.“ **- vig**



**GAMLIR KUNNINGJAR** Sighvatur Jónsson og Ásgeir Páll Ágústsson eru gamlir vinir úr bransanum en höfðu aldrei unnið saman fyrr en um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI










## > Norrköping á hraðleið upp

IFK Norrköping hefur mikla yfirburði í sænsku 1. deildinni og þarf mikið að gerast ef liðið á ekki að leika í úrvalsdeildinni að ári. Liðið vann í gær 5-0 sigur á Mjällby og er með 47 stig eftir átján umferðir. Enn eru tólf umferðir eftir en Norrköping er með fjórtán stiga forskot á næsta lið. Markatala liðsins, 47-14, gefur til kynna yfirburði liðsins. Markahæsti leikmaður deildarinnar, Garðar Gunnlaugsson, var á bekknum í gær og kom inn á 83. mínútu. Stefán Þór Þórðarson var ekki með að þessu sinni. Ari Freyr Skúlason var í byrjunarliði Häcken sem vann 1-0 útisigur á Falkenberg.



**sport**
sport@frettabladid.is

**JÓNATAN MAGNÚSSON: ER LAUS ALLRA MÁLA FRÁ FRAKKLANDI OG LOKS BYRJAÐUR AÐ ÆFA AFTUR**

# *Flakka á milli þess að æfa og vera að drepast*



Það tók Jónatan Magnússon níu mánuði að byrja að æfa handbolta á nýjan leik. Hinn geðþekki Akureyringur lenti í erfiðum meiðslum sem ekkert gat lagað en hann fór í aðgerð til að ráða bót meina sinna fyrir sjö vikum síðan.

„Ég flakka á milli þess að vera að drepast úr verkjum og geta æft. Það er kannski enn ekki farið að reyna almennilega á þetta en það er skref upp á við að vera farinn að æfa handbolta aftur," sagði Jónatan við Fréttablaðið í gær. Hann fór á sína fyrstu æfingu frá miðjum nóvembermánuði á síðasta ári þremur vikum eftir aðgerðina.

Samt sem áður er hann alls ekki búinn að ná sér að fullu. „Þetta er ekki orðið gott, eins og ég óttaðist þarf ég að lifa með þessu ennþá. Þetta er ekki eins og ég hafði vonast eftir og ég finn enn fyrir gamla verknum," sagði handknattleikskappinn sem æfir nú þrisvar til fjórum sinnum í viku.

Jónatan var á mála hjá St. Raphael í Frakklandi og stóð í stappi við að losna undan samning þaðan. Það hefur nú tekist og stefnir allt í að hann semji við Akureyri. „Það er kannski óþarfi að vera að gera samning á meðan ég get ekki spilað en ef ég verð í lagi liggur beinast við að ég spili með Akureyri. Hér er ég búsettur," sagði Jónatan sem þjálfar einnig meistaraflokk kvenna hjá félaginu.

Íslandsmótið í handbolta hefst eftir rúman mánuð en Jónatan verður ekki tilbúinn í slaginn þá. „Ég er ekki nógu góður til að spila og ég er ekki í neinu formi, ég verð aldrei klár í fyrsta leik. Ég þarf einn eða tvo mánuði eftir að ég verð góður, hvenær sem það verður."

Jónatan eignaðist son þann 20. nóvember sem létti honum lundina andlega í gegnum erfiða tíma. Ég hef verið önnum kafinn við að sinna honum, það hefur hjálpað mér mikið. Ef ég hefði ekki eignast hann veit ég ekkert hvar ég væri í dag," sagði Jónatan glaðbeittur að lokum.








**ALFREÐ GÍSLASON** Verður að öllum líkindum við stjórnvölinn hjá íslenska landsliðinu á EM en hans vilji er að fara með landsliðið til Noregs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Alfreð áfram með landsliðið

**Stjórn Gummersbach fundaði í gærkvöldi þar sem ákveðið var að veita Alfreð Gíslasyni vilyrði til að þjálfa íslenska landsliðið á EM í Noregi á næsta ári. Hann vildi fá að klára verkefnið og er þjóðinni þakklátur fyrir stuðninginn.**

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason mun stýra íslenska landsliðinu í handbolta fram yfir Evrópumeistaramótið í Noregi á næsta ári. Þetta fékkst staðfest þegar stjórn Gummersbach ákvað á fundi í gær að gefa honum leyfi til þess.

Í samtali við Fréttablaðið í gær sagði Alfreð að hann væri vitanlega mjög ánægður með þessa niðurstöðu. Hann sagði að hann hefði viljað halda áfram. „Eftir samráð við fjölskyldu mína ákvað ég að leggja inn beiðni til stjórnar Gummersbach um að fá að halda áfram með landsliðið. Ég fékk svo svar við því nú rétt í þessu," sagði hann seint í gærkvöldi. „Það er ekki enn komið í ljós hvort þetta sé háð einhverjum skilyrðum en mikilvægasti áfanginn er að stjórnin ákvað að leyfa mér að halda áfram með þetta verkefni. Ég útskýrði fyrir þeim að ég vildi taka eina keppni í viðbót því það væri svo erfitt fyrir liðið að fá nýjan þjálfara núna og ekki síður erfitt fyrir HSÍ að finna nýjan mann svona skömmu fyrir mótið. Það eru engir árekstrar á þessum tíma en félagið missir mig allan janúarmánuð sem er vissulega slæmt fyrir það."

Alfreð segir að þótt íslenska liðinu gangi vel á EM og komist á Ólympíuleikana í Peking þá sé ekki nokkur leið að hann fari með liðinu þangað miðað við núverandi ástand.

„Ég yrði að hætta hjá félaginu til að geta farið á Ólympíuleikana. Þá færi allur júní í umspil fyrir ÓL, ef við kæmumst í gegnum það færum við beint í undirbúning fyrir leikana og svo væri farið á leikana sjálfa í kjölfarið. Viku eftir Ólympíuleikana er síðan fyrsti leikur í deildinni. Þetta gengur einfaldlega ekki upp. Það þýðir ekkert að spá í Ólympíuleikana núna."

Fjórtán þúsund manns skrifuðu undir áskorun á Vísir.is til Alfreðs um að hætta ekki með landsliðið. „Svo ég sé alveg hreinskilinn þótti mér mjög vænt um þennan stuðning. Það hjálpaði eflaust mikið til að fólk kunni að meta það sem ég hef verið að gera. Ég hef einnig átt gott samband við HSÍ og liðið líka. Það er líka viss áskorun að klára verkefnið og ég vona þá einnig að næsti þjálfari taki við aðeins léttara verkefni.

Alfreð hefur legið undir feldi síðan Ísland vann Serbíu þann 17. júní síðastliðinn og tryggði sér þar með farseðilinn á EM í Noregi.

- hbg / - esá


**BIKARKEPPNI FRÍ**
**Laugardalsvelli**



| Föstudagurinn 10. ágúst | | Laugardagurinn 11. ágúst | |
|---|---|---|---|
| 17:30 | 400 m grind. kv, þrístökk kv, kúluvarp ka, stangarstökk ka, spjótkast kv | 11:00 | Sleggjukast kv |
| 17:40 | 400 m grindahlaup ka | 11:50 | Sleggjukast ka |
| 17:50 | 100 m hlaup ka | 12:40 | 100 m grind. kv, stangarstökk kv, þrístökk ka, |
| 17:55 | 100 m hlaup kv | 12:50 | 110 m grind. ka, kringlukast ka |
| 18:05 | 3000 m hindrun. ka | 13:00 | 800 m hlaup kv |
| 18:10 | Hástökk kv | 13:05 | 800 m hlaup ka |
| 18:20 | 400 m hlaup ka | 13:10 | Hástökk ka |
| 18:25 | 400m hlaup kv | 13:15 | 200 m hlaup kv |
| 18:30 | Spjótkast ka, kúluvarp kv langstökk ka | 13:20 | 200 m hlaup ka |
| 18:35 | 1500 m hlaup ka | 13:25 | 3000 m hlaup kv |
| 18:45 | 1500 m hlaup kv | 13:40 | Langstökk kv |
| 19:10 | 4x100 m boðhlaup ka | 13:45 | 5000 m hlaup ka, kringlukast kv |
| 19:20 | 4x100 m boðhlaup kv | 14:25 | 1000 m boðhlaup ka |
| | | 14:35 | 1000 m boðhlaup kv |
| | | 14:50 | Bikarmeistarar krýndir |

FRÍ actavis Íslenskt grænmeti VISA

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar


Helgi Sigurðsson framlengdi samning sinn við Val til ársins 2010:

# Gæfuspor fyrir mig að hafa farið í Val

**FÓTBOLTI** Framherjinn Helgi Sigurðsson framlengdi samning sinn við Val um tvö ár í gær. Helgi er þar með samningsbundinn Hlíðarendafélaginu til ársins 2010 en hann hefur skorað níu mörk í tólf leikjum í deildinni í sumar.

„Það er mjög jákvætt fyrir mig að vera búinn að framlengja. Mér líst vel á liðið, framtíðina og umgjörðina hér og ég ákvað því að slá til og vera með Val næstu tvö til þrjú árin," sagði Helgi við Fréttablaðið í gær.

Helgi fór frá Fram til Vals eftir sumarið í fyrra og sér ekki eftir neinu. „Ég sé ekkert eftir því að hafa skipt yfir þó svo að það hafi verið erfitt að fara frá Fram. Ég varð bara að hugsa um sjálfan mig á þessum tímapunkti. Ég tel að það hafi verið gæfuspor fyrir mig sem fótboltamann að fara í Val," sagði hinn 32 ára gamli Helgi sem segist vera í mjög góðu líkamlegu formi, og eigi enn nokkur ár eftir á meðal þeirra bestu á Íslandi.



**HELGI** Skoraði sitt níunda mark í deildinni gegn KR á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Það er búið að ganga mjög vel hjá mér í sumar en ég er ekkert í þessu einn. Ég er með góða liðsfélaga með mér og Valur hefur skapað þannig andrúmsloft að mér líður vel. Þegar manni líður vel er auðveldara að standa sig. Ef ég slepp við meiðsli á ég að geta haldið áfram á sömu braut í nokkur ár til viðbótar," sagði Helgi Sigurðsson.

- hþh




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Margrét Lára tryggði sigurinn beint úr aukaspyrnu

**Valur vann finnsku meistarana í FC Honka í fyrsta leik liðanna í 1. umferð Evrópukeppni félagsliða kvenna en riðillinn fer fram í Færeyjum. Sigurinn var gríðarlega mikilvægur þar sem Honka var talið sigurstranglegt í riðlinum.**

**FÓTBOLTI** Valur vann í gær þýðingarmikinn sigur á finnska liðinu FC Honka frá Espoo í fyrstu umferð Evrópukeppni félagsliða kvenna. Riðill Vals er leikinn í Færeyjum.

Þær finnsku komust yfir með marki beint úr hornspyrnu í fyrri hálfleik en Valsmenn skoruðu sín mörk seint í síðari hálfleik. Fyrst Vanja Stefanovic með skalla eftir aukaspyrnu Margrétar Láru Viðarsdóttur. Sú síðarnefnda tryggði svo sigurinn með glæsilegu marki beint úr aukaspyrnu á lokamínútu leiksins.

„Þetta var ótrúlega sætt,“ sagði Margrét Lára eftir leikinn. „Við sýndum þvílíkan karakter með því að klára leikinn svona.“

Hún sagði að Guðný Björk Óðinsdóttir hefði skorað mark fyrr í leiknum en að það hefði verið dæmt af vegna rangstöðu. „Það var rangur dómur, tvímælalaust,“ sagði hún. „Við vorum annars með mikla yfirburði í leiknum og vorum mikið með boltann á þeirra vallarhelmingi, þar sem við klúðruðum mikið af færum,“ sagði hún í léttum dúr.

„En við vorum bara þolinmóðar og héldum þetta út til loka. Við vorum einfaldlega í betra formi en þær.“

Hún segir að fyrirfram hafi hún talið að Honka væri með sterkasta liðið í riðlinum. „Við bjuggumst við þeim sterkari. Þær bökkuðu hins vegar mikið og beittu skyndisóknum. Það sýnir líka vel hvað íslenskur kvennabolti er í mikilli framþróun. Honka er lið sem hefur mikla yfirburði í sinni deild.“


**MARKAHETJURNAR** Margrét Lára Viðarsdóttir og Vanja Stefanovic fagna sigrinum dýrmæta á FC Honka í Færeyjum í gær. MYND/MATTHÍAS ÆGISSON

Valur mætir næst KÍ frá Klaksvík á morgun og svo Den Haag frá Hollandi á þriðjudag.

Aðspurð sagðist Margrét Lára vitanlega alsæl með sigurmarkið sitt. „Þetta var fallegt mark. Ég hef æft þessa spyrnu í allan vetur og það kom loksins á góðri stundu.“

**eirikur@frettabladid.is**


**TÍMAMÓT** Kínverjar fögnuðu því í fyrradag að ár væri í Ólympíuleikanna í Peking. NORDICPHOTOS/GETTY

Ár í Ólympíuleikana:

## Mengun gæti orðið vandamál

**ÓLYMPÍULEIKAR Í fyrradag var merkisdagur í Kína þar sem nákvæmlega eitt ár var til Ólympíuleikanna í Peking. Jacques Rogge, forseti Alþjóðaólympíunefndarinnar, sagði þó við þetta tilefni að mengun í höfuðborginni gæti orðið til þess að fresta yrði nokkrum greinum sem tækju langan tíma, eins og hjólreiðum og langhlaupum.**

**Kínversk stjórnvöld hafa eytt milljörðum í að draga úr mengun en án árangurs þar sem miklar framkvæmdir sem og stóraukin bifreiðanotkun eru helstu mengunarvaldarnir.** - esá

Leeds tapaði áfrýjun:

## Byrjar með 15 stig í mínus

**FÓTBOLTI** Vandræði Leeds halda áfram að hrannast upp en í gær varð endanlega ljóst að félagið byrjar með fimmtán stig í mínus í ensku 2. deildinni, þriðju efstu deild. Vegna fjármálaóreiðu var Leeds refsað á þennan hátt sem bætti gráu ofan á svart eftir fall úr 1. deildinni á síðasta tímabili.

Leeds áfrýjaði fimmtán stiga refsingunni samstundis en átti ekki erindi sem erfiði. Dennis Wise, stjóri Leeds, hefur látið hafa eftir sér að liðið þurfi að hala inn 105 stigum til að vinna deildina. - hþh

Kvennalið Vals í handbolta:

## Með á sterku móti í Noregi

**HANDBOLTI** Kvennalið Vals fór í gær út til Noregs þar sem liðið tekur þátt Skærgårdslekene, mjög sterku æfingamóti sem hefur verið haldið í 40 ár.

Mótið fer fram í bænum Tonsberg og taka tólf kvennalið þátt í mótinu. Valsstelpur eru í riðli með Larvik, sem er núverandi norskur meistari, og Fjellhammer, sem er í efstu deild í Noregi.

Fyrsti leikur Valsstelpnanna er gegn Larvik í kvöld, en seinni leikurinn í riðlinum er gegn Fjellhammer á morgun. Meðal annarra liða sem taka þátt í mótinu má nefna Álaborg frá Danmörku auk norsku liðanna Stabæk, Byåsen og Bækkelaget. - óój






Enska úrvalsdeildin í knattspyrnu hefst á morgun:

## Allir leikir fyrstu umferðar í beinni

**FÓTBOLTI** Enska úrvalsdeildin í knattspyrnu hefst á ný á morgun og hægt verður að sjá alla tíu leikina í fyrstu umerð á Sýn 2 og aukastöðvum hennar.

Nýr þáttur á laugardagskvöldinu býður einnig upp á þá nýjung að öll mörk dagsins verða sýnd um leið og síðasti laugardagsleikurinn er flautaður af en þeir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson munu þá stjórna þættinum 4-4-2 með Guðna Bergs sem er á dagskrá kl. 18.10 á laugardögum.

Auk þess að sýna öll mörk dagsins munu þeir beina sjónum sínum að öðrum markverðustu atvikum í leikjunum með aðstoð skarpravelþekktrasparkspekinga, á skemmtilegri og nákvæmari hátt en nokkru sinni áður hefur verið gert.

Sjónvarpsstöðin Sýn 2 hóf formlega göngu sína um síðustu helgi, 4. ágúst, þegar sýnd var í beinni útsendingu viðureign Man. Utd og Chelsea um Góðgerðaskjöldinn.

Sýn 2 er sjónvarpsstöð sem helguð verður enska boltanum. Þar verða á dagskrá beinar útsendingar frá úrvalsdeild og 1. deild auk fjölda áhugaverðra þátta um enska boltann, jafnt innlendra sem erlendra. - óój


**MEISTARAR** Ryan Giggs og Gary Neville lyfta Englandsbikarnum í vor NORDICPHOTOS/GETTY

### LEIKIR 1. UMFERÐAR

| | |
|---|---|
| **Laugardagur 11. ágúst** | |
| 11.25 Sunderland-Tottenham | Sýn 2 |
| 13.45 West Ham-Man. City | Sýn 2 |
| 13.45 Bolton-Newcastle | Sýn Extra 1 |
| 13.45 Derby-Portsmouth | Sýn Extra 2 |
| 13.45 Everton-Wigan | Sýn Extra 3 |
| 13.45 Middlesb.-Blackb. | Sýn Extra 4 |
| 16.00 Aston Villa-Liverpool | Sýn 2 |
| **Sunnudagur 12. ágúst** | |
| 11.00 Arsenal-Fulham | Sýn Extra 1 |
| 12:10 Chelsea-Birmingham | Sýn 2 |




West Ham sagt vera á höttunum eftir Eiði Smára Guðjohnsen og Nicky Shorey:

# Eiður til West Ham í janúar?

**FÓTBOLTI** Breska dagblaðið Independent hélt því fram í gær að West Ham væri enn á eftir tveimur leikmönnum, framherja og vinstri bakverði. Blaðið segir að efstir á óskalista Alan Curbishley þjálfara séu þeir Eiður Smári Guðjohnsen og Nicky Shorey, leikmaður Reading.

Hins vegar kemur fram að félagið gæti þurft að bíða þar til félagaskiptagluginn opnar um áramótin en hann lokar nú um næstu mánaðamót. West Ham er sagt vera þolinmótt og að það sé langtímaverkefni Eggerts Magnússonar stjórnarformanns að fá Eið Smára til félagsins.

Sjálfur hefur Eiður Smári ítrekað að hann ætli að vera um kyrrt hjá Barcelona en félagið mun ekki hafa gefið í skyn að honum sé ofaukið í leikmannahópi liðsins.

Independent segir að West Ham myndi borga um 6,8 milljónir punda fyrir Eið Smára.

West Ham bauð fimm milljónir punda í Shorey, en tilboðinu var hafnað af Reading. Shorey mun vera spenntur fyrir því að leika fyrir West Ham og hafnaði til að mynda samningstilboði Reading sem hefði tryggt honum 20 þúsund pund í vikulaun. Hann á tvö ár eftir af samningi sínum.

- esá



**MEÐ STJÓRANUM** Eiður Smári og Frank Rijkaard, stjóri Barcelona, ræða málin á æfingu fyrr í sumar. NORDIC PHOTOS/AFP





51 25 050




**HELJARSTÖKK** Nani hefur alltaf fagnað mörkum sínum með tilþrifum. NORDICPHOTOS/GETTY

Portúgalinn Nani hjá United:

## Óhlýðnaðist Sir Alex Ferguson

**FÓTBOLTI** Það gæti tekið Sir Alex Ferguson nokkra mánuði að aga Portúgalan Nani til. Sir Alex var búinn að banna nýja manninum á Old Trafford að fagna marki sínu með heljarstökki en Nani virðist ekki hlusta á karlinn.

Nani fagnaði nefnilega með miklum tilþrifum þegar hann skoraði þriðja og síðasta mark Manchester United í sigri á norður-írska liðinu Glentoran. Ferguson var heima að hjálpa konu sinni við að flytja en það er öruggt að aðstoðarmaður hans Carlos Queiroz mun láta hann vita.

Queiroz var skilningsríkur eftir leikinn en þeir sem þekkja til stjórans telja afar líklegt að Nani sé á leið inn á teppið á Old



**MIKIL SKYTTA** Reggie Miller spilaði 144 leiki í úrslitakeppninni en vann aldrei titilinn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Boston Celtics eru stórhuga:

## Reyna að fá Reggie Miller

**KÖRFUBOLTI** Boston Celtics ætlar sér stóra hluti í NBA næsta vetur, það er ekki nóg með að þeir hafi fengið til sín Kevin Garnett og Ray Allen því nú er þeir að reyna að fá stórskyttuna Reggie Miller til þess að taka fram skóna á ný.

Miller hætti fyrir tveimur árum en hann er 13. stigahæsti leikmaðurinn frá upphafi með 25.279 stig og enginn hefur skorað fleiri þriggja stiga körfur en hann. Miller náði hins vegar aldrei að verða NBA-meistari á 18 árum með Indiana Pacers.

Danny Ainge, stjóri Celtics, sagðist hafa talað við Miller og að hann sé að íhuga það að koma aftur í slaginn en Miller, sem er orðinn 42 ára gamall, gæti freistast að fá tækifæri til að vinna loksins titilinn.

- óój


GLÆSILEG OPNUNARTILBOÐ

Í NÝRRI VERSLUN BOHEMIA



VIÐHALDSFRÍ GARÐHÚSGÖGN

**Opnunartilboð 1:**
4 Havana stólar og borð (80x80 cm) **39.500,-**

**Opnunartilboð 2:**
4 Havana stólar og hringborð (þvermál 120 cm) **47.500,-**

**Opnunartilboð 3:**
6 Havana stólar, 2 Havana armstólar og borð (stærð 210x100 cm) **95.900,-**

Sessur og yfirbreiðslur fylgja öllum settum



**RAFMAGNSNUDDPOTTAR**
**ÁN EFA EIN BESTU KAUPIN Í DAG**
*Kanadísk hönnun frá Delux Spas
*100% viðhaldsfrí klæðning
*6 manna
*Fjöldi nuddstúta: 55 stk
*Fjöldi loftstúta: 10 stk
*Dælur: 4 stk - 5 Kw hitari
*Útvarp og geislaspilari
*Hitaeinangrandi lok og trappa innifalið í verði

**ÓTRÚLEG VERÐ:**
Perluhvít skel: **598.000,-**
Safírblá skel: **589.000,-**

Borðstofuborð (150x150x75) Eik eða Hnota
og 8 borðstofustólar - hvítir, svartir eða dökkbrúnir
**Verð: 130.500,-**

Stækkanlegt borð (180/260x100x76) Eik eða Hnota
og 8 borðstofustólar - hvítir, svartir eða dökkbrúnir
**Verð: 148.500,-**

Tungutausófi (296,5x180x76) og stóll
**Verð: 139.900,-**



**Mikið úrval af Eikar- og Hnotuhúsgögnum**
**á frábæru verði - sjón er sögu ríkari**

BOHEMIA
Raftæki - Innréttingar - Húsgögn

Bohemia - Akralind 4 - 201 Kópavogur
www.bohemia.is - bohemia@bohemia.is
Afgreiðslutími: virka daga 10-18 og laugardaga 10-16



**BJARNI** Tekur hér spyrnu í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Bjarni Guðjónsson:

## Skemmtilegustu sigrarnir

**FÓTBOLTI Bjarni Guðjónsson var vitanlega með 4-2 sigur sinna manna í ÍA gegn Fram í gær.**

**„Við bjuggumst við því að það yrði erfitt að koma okkur í takt að fara að spila aftur eftir að hafa aðeins spilað einn leik í mánuð og það er erfitt að halda þessum góða takti sem var kominn í liðið þegar við fáum ekki að spila. Við vissum því að þetta yrði vandamál hjá okkur en ætluðum aldrei að gefa þessi tvö mörk. Um leið og við fundum taktinn og breyttum aðeins skipulaginu þá var þetta aldrei spurning. Þetta eru skemmtilegustu sigrarnir og frábært að vinna svona en jafnframt er það óþarfa áhætta að lenda 0-2 undir og þurfa að koma aftur. Við leggjum ekki upp með svona sigra en það er meiriháttar þegar leikir vinnast svona,“ sagði Bjarni.** - óój

**Fram 2-4 ÍA**

Lagardalsvöllur, áhorf.: 909 — Kristinn Jakobsson (8)

*1-0 Jónas Grani Garðarsson (35.)*
*2-0 Jónas Grani Garðarsson (59.)*
*2-1 Bjarni Guðjónsson (65.)*
*2-2 Jón Vilhelm Ákason (73.)*
*2-3 Þórður Guðjónsson (77.)*
*2-4 Arnar Már GUðjónsson (90.+4)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 10–16 (4–8) |
| Varin skot | Hannes 4 – Páll Gísli 2 |
| Horn | 11–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–17 |
| Rangstöður | 3–2 |

| **FRAM** 4–5–1 | | **ÍA** 5–4–1 | |
|---|---|---|---|
| Hannes Halldórsson | 5 | Páll Gísli Jónsson | 5 |
| Óðinn Árnason | 6 | Kári Steinn Reyniss. | 5 |
| (71. Daði Guðm. | -) | (66. Björn Bergmann | 7) |
| Reynir Leósson | 6 | Árni Thor Guðm. | 5 |
| Kristján Hauksson | 6 | (70. Andri Júlíusson | 6) |
| Andri Karvelsson | 5 | Dario Cingel | 5 |
| Hans Mathiesen | 7 | Heimir Einarsson | 7 |
| Ingvar Ólason | 7 | Guðjón Heiðar | 6 |
| Alexander Steen | 6 | Jón Vilhelm Ákason | 6 |
| Henrik Eggerts | 6 | Helgi Pétur Magnúss. | 6 |
| Hjálmar Þórarinsson | 7 | **Bjarni Guðjónss.** | **7*** |
| (60. Patrik Redo | 3) | Þórður Guðjónsson | 6 |
| Henry Nwosu | - | (84. Arnar Már Guðj. | -) |
| (12. Jónas Grani G. | 6) | Vjekosl. Svadumovic | 6 |

**Maður leiksins*

Framarar fóru illa að ráði sínu í stöðunni 2-0 gegn ÍA á Laugardalsvellinum í gær:

# Þrjú mörk Skagamanna á tólf mínútum

**FÓTBOLTI** Hlutirnir eru fljótir að gerast í fótbolta, það hefur Guðjón Þórðarson margoft predikað og það sýndu strákarnir hans í verki í 4-2 útisigri á Fram á Laugardalsvellinum í gær. Skagamenn unnu þar sinn fimmta sigur í sex leikjum þrátt fyrir að eftir klukkutímaleik hafi ekkert annað en tap blasað við Skagaliðinu í stöðunni 0-2 fyrir Fram. Þeir þurftu bara tólf mínútna kafla til þess að bjarga deginum og það var ótrúlegt að sjá Framliðið klúðra góðum leik á örskotstíma.

Framarar frumsýndu tvo nýja leikmenn, danska miðjumanninn Henrik Eggerts og sóknarmanninn Henry Nwosu. Það var stutt gaman hjá Henry því hann entist aðeins í átta mínútur en varð síðan að fara út af vegna meiðsla. Það kom sér samt vel því í stað hans kom inn á Jónas Grani Garðarsson sem átti heldur betur eftir að koma við sögu í leiknum.

Jónas Grani skoraði á 35. mínútu eftir skyndisókn og glæsilega stungusendingu Alexanders Steen. Skagamenn höfðu rétt áður átt hornspyrnu þar sem Bjarni Guðjónsson átti þrumuskot í varnarmann og úr varð þessi fína sending fram völlinn sem Steen stakk svo laglega inn fyrir.



**ÓLÖGLEGT MARK** Boltinn er hér á leið í mark Fram eftir skalla Heimis Einarssonar en markið var dæmt af. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Jónas Grani var síðan aftur á ferðinni á 60. mínútu þegar hann skallaði boltann inn úr markteignum eftir frábæran undirbúning Hjálmars Þórarinssonar. Af einhverjum undarlegum ástæðum skipti Ólafur Þórðarson Hjálmari strax út af og fyrir vikið datt allur botninn úr leik Safamýrarliðsins.

Bjarni Guðjónsson minnkaði muninn á 65. mínútu þegar hann afgreiddi af stuttu færi inn fyrirgjöf Jóns Vilhelms Ákasonar og launaði síðan greiðann með því að leggja upp skallamark Jóns Vilhelms átta mínútum síðar. Það var síðan Þórður Guðjónsson sem kórónaði umskiptin fjórum mínútum síðar þegar hann skoraði fallegt mark eftir fyrirgjöf Andra Júlíussonar frá hægri. Lokaorðið átti síðan varamaðurinn Arnar Már Guðjónsson í uppbótartíma.

Skagamenn voru lengstum ólíkir sjálfum sér, ekki síst miðvörðurinn Dario Cingel sem virkaði óöruggur og utan við sig. Þeir voru hins vegar fljótir að nýta sér hrun Framara í lok leiksins og sýndu mikinn karakter með því að snúa leiknum sér í hag. Fyrirliðinn Bjarni Guðjónsson skoraði þetta mikilvæga fyrsta mark og lagði síðan það annað upp og leiddi sína menn á lokakaflanum. Framliðið getur hins vegar grátið þrjú stig sem voru komin langleiðina í Safamýri þegar leikur liðsins hrundi eins og spilaborg.

„Það er enginn með leik þegar það eru liðnar 70 mínútur, maður verður að klára allar 90 mínúturnar. Við vorum í góðri stöðu, 2-0 yfir, en það dugði ekki til. Það var eins og menn héldu að þetta væri komið og að við þyrftum ekki að hafa fyrir þessu en við erum síðasta liðið í deildinni sem hefur efni á að hugsa svoleiðis. Þetta var fyrsti klukkutíminn sem við höldum hreinu en það hrekkur skammt ef við fáum síðan á okkur fjögur mörk síðasta hálftímann. Þetta er enn eitt bullið og við erum í verulega vondum málum og höfum verið það í allt sumar,“ sagði Jónas Grani sem hefur skorað 7 af 13 mörkum Fram í sumar. - óój

# Blikar voru miklu betri í bleytunni

**Breiðablik vann sannfærandi sigur á Keflavík, 0-3, á velli sem minnti meira á sundlaug. Blikar eru á mikilli uppleið en allt loft virðist vera farið úr Keflavíkurblöðrunni.**

**FÓTBOLTI** Keflavík sá aldrei til sólar gegn sterku liði Blika í Keflavík í gær. Gestirnir réðu lögum og lofum frá upphafi til enda og unnu sanngjarnan sigur, 0-3.

Það rigndi hraustlega í Keflavík fyrir leikinn og völlurinn var á floti þegar leikurinn hófst. Aðstæður voru þar af leiðandi mjög erfiðar enda gekk leikmönnum ekkert að koma boltanum á milli samherja og ég tala nú ekki um að standa í lappirnar. Þetta var mjög skrautlegt og fyrstu 20 mínúturnar hjá liðunum fóru í að ná áttum en eftir það voru vallaraðstæður einnig orðnar ögn skárri.

Blikar voru mun ákveðnari aðilinn á vellinum og mikið hreyfanlegri en Keflvíkingar sem voru að elta allan fyrri hálfeikinn. Engin færi höfðu litið dagsins ljós þegar Zivanovic kom Blikum yfir eftir sendingu Kristins. Laglegt mark en spurningarmerki verður að setja við dekkninguna í teignum en Zivanovic var á auðum sjó í miðjum teig er hann skoraði.

Keflvíkingar hresstust nokkuð í kjölfarið og Kotilainen fékk þeirra eina færi eftir rúman hálftíma en skot hans fór fram hjá. Það var eina skot Keflvíkinga í hálfleiknum.

Prince Rajcomar var manna sprækastur í hálfleiknum og það kom ekki á óvart þegar hann bætti við öðru marki fyrir Blika rétt fyrir hlé. Aftur var það hinn ungi Kristinn sem lagði upp mark Blika.

Blikar höfðu tögl og hagldir í síðari hálfleik. Breytingar Keflvíkinga breyttu engu, þeir voru alltaf jafn bitlausir fram á við og gekk nákvæmlega ekkert að opna gríðarsterka vörn Blika.



**BARÁTTA UM BOLTANN** Baldur Sigurðsson Keflvíkingur og Gunnar Örn Jónsson, leikmaður Breiðabliks, berjast um boltann. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Sóknartilburðir Blika voru hættulegri og Blikar voru alltaf líklegri til að bæta við en Keflavík að minnka muninn. Það kom því fáum á óvart þegar Steinþór bætti við þriðja markinu á laglegan hátt eftir stungusendingu frá Prince sem átti sannkallaðan stórleik.

Kristinn og Zivanovic voru sívinnandi allan leikinn frammi með Prince og Arnar og Petrovic gríðarsterka á miðjunni og þökkuðu miðjumönnum Keflvíkinga saman. Það var í raun aðdáunarvert hversu vel Blikar spiluðu miðað við vallaraðstæður.

Blikar halda áfram að hala inn stigum og eru til alls líklegir í framhaldinu. Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, má að sama skapi hafa miklar áhyggjur af sínu liði sem er orðið loftlaust en eitthvað gerðist hjá liðinu eftir leikinn fræga gegn ÍA og liðið hefur ekki náð sér í gang síðan.

„Við mættum ekki til leiks í dag. Þetta var skelfilegt. Ég á enga haldbæra skýringu á þessu,“ sagði Kristján. „Við eigum ekki lengur möguleika á titlinum og nú verðum við að reyna að vera eins ofarlega og hægt er að vera. Ég veit ekki hvort ástæðan fyrir þessu slæma gengi sé Evrópukeppnin eins og svo oft áður hjá íslenskum liðum en ég vil ekki skella skuldinni á Evrópukeppnina enn sem komið er.“

Prince Rajcomar var kátur með sigurinn en þessi skemmtilegi Hollendingur verður betri með hverjum leiknum. „Við erum gott lið sem spilar góðan fótbolta. Við vorum óheppnir framan af móti en nú er þetta að smella hjá okkur. Ég er mjög ánægður með leikinn en við vorum mikið betra liðið eins og venjulega. Ég hef gaman af því að spila fyrir Breiðablik og kann vel við íslenska boltann. Sama þótt aðstæður séu slæmar eins og í dag,“ sagði Prince skælbrosandi en hann telur Blika geta komist mun hærra á töflunni.

henry@frettabladid.is




Landsbankadeild karla:

## Langþráð stund Breiðabliks

**FÓTBOLTI** Breiðablik vann langþráðan sigur í Keflavík í gær því fyrir leikinn voru Blikar án sigurs í níu deildarleikjum í röð í Keflavík. Síðasti sigur Blika fyrir leikinn í gær var 15. júní 1983 eða fyrir meira en 24 árum síðan. Blikar höfðu enn fremur tapað síðustu fjórum deildarleikjum sínum í Keflavík, þar af 0-5 í leik liðanna í fyrra.

Breiðablik hefur ekki heldur unnið í Grindavík í efstu deild á þessum 24 árum. - óój



**SKRAUTLEGT SAMSTUÐ** Haukur Ingi Guðnason liggur hér á einum leikmanna Víkings eftir baráttu þeirra um boltann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fylkismenn fóru með öll stigin af heimavelli sínum gegn Víkingum í gær:

# Sanngjarn sigur Fylkismanna

**FÓTBOLTI** Fylkismenn unnu góðan heimasigur á Víkingum í Landsbankadeild karla í gær. Fylkir vann með einu marki gegn engu og hafa þar með unnið fjóra deildarleiki gegn Víkingum í röð. Víkingar hafa jafnframt ekki skorað gegn Fylki í síðustu 431. mínútu.

Víkingar stilltu upp þéttum varnarmúr sem var hriplekur í fyrri hálfleik. Fylkismenn gengu á lagið og fengu ótrauðir að stjórna miðjunni án teljandi vandræða. Þeir sköpuðu sér nokkur ákjósanleg færi og þurfti Ingvar Kale að hafa sig allan við til að halda gestunum inni í leiknum.

Sóknarþunginn varð þó að lokum svo mikill að stíflan brast og Fylkir komst yfir. Christian Christiansen skallaði þá aukaspyrnu Hauks Inga Guðnasonar laglega í markið.

Síðari hálfleikur var langt frá því að vera mikið fyrir augað. Leikmönnum gekk illa að skapa sér færi en ekkert vantaði upp á baráttuna.

„Þetta datt ekki fyrir okkur í dag. Það vantaði herslumuninn hjá okkur og vandvirknin var ekki næg. Sendingar voru ekki nógu góðar og þegar komið var á síðasta þriðjung vallarins vantaði eitthvað upp á,“ sagði Magnús Gylfason, þjálfari Víkinga.

Haukur Ingi var sáttur með spilamennsku heimamanna á rennblautum Fylkisvellinum. „Mér fannst við spila á köflum vel, sérstaklega í fyrri hálfleik. Eitt mark er alltaf tæpt og það hefði verið æskilegt að skora annað mark til að innsigla þetta sem við hefðum átt að gera,“ sagði Haukur sem sér toppbaráttuna handan við hornið.

„Það er gott að ná tveimur sigurleikjum í röð. Við erum aðeins farnir að blanda okkur í baráttuna í efri hluta deildarinnar og erum hvergi nærri hættir,“ bætti Haukur við.

- hþh

## Fram 1-0 ÍA

Lagardalsvöllur, áhorf.: 878 — Jóhannes Valgeirss. (7)

*1-0 Christian Christiansen (29.)*

### TÖLFRÆÐIN

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 16–10 (11–1) |
| Varin skot | Fjalar 1 – Ingvar 9 |
| Horn | 9–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 15–11 |
| Rangstöður | 4–4 |

| FYLKIR 4–4–2 | | VÍKINGUR 5–4–1 | |
|---|---|---|---|
| Fjalar Þorgeirsson | 7 | Ingvar Kale | 7 |
| Guðni Rúnar Helgas. | 6 | Þorvaldur Sveinsson | 4 |
| Kristján Valdimarss. | 7 | Höskuldur Eiríksson | 5 |
| David Hannah | 6 | (74. Egill Atlason | -) |
| Víðir Leifsson | 6 | Grétar Sigurðarson | 5 |
| Peter Gravesen | 6 | Milos Glogovac | 5 |
| Ólafur Stígsson | 7 | Gunnar Kristjánsson | 3 |
| (71. Arnar Úlfarsson | -) | (83. Pétur Svansson | -) |
| Halldór Hilmisson | 5 | Jökull Elísabetarson | 4 |
| **Haukur Guðnas.** | **7*** | Arnar Jón Sigurgeirss. | 4 |
| (81. Andrés Jó. | -) | (58. Stefán Kári Sv. | 6) |
| Christian Christians. | 7 | Viðar Guðjónsson | 4 |
| Albert Ingason | 6 | Sinisa Kekic | 6 |

**Maður leiksins*

## Keflavík 0-3 Breiðablik

Keflavíkurvöllur, áhorf.: óuppg. — Garðar Hinriksson (7)

*0-1 Nenad Zivanovic (22.)*
*0-2 Prince Mathilda (45.)*
*0-3 Steinþór Þorsteinsson (84.)*

### TÖLFRÆÐIN

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 5–8 (1–5) |
| Varin skot | Ómar 2 – Jacobsen 1 |
| Horn | 3–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 17–14 |
| Rangstöður | 4–8 |

| KEFLAVÍK 4–4–2 | | BREIÐAB. 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Ómar Jóhannsson | 4 | Casper Jacobsen | 7 |
| Guðjón Á. Antoníus. | 5 | Árni K. Gunnarsson | 7 |
| Guðmundur Mete | 6 | Srdjan Gasic | 7 |
| Kenneth Gustafsson | 4 | Kári Ársælsson | 7 |
| Þorsteinn Georgsson | 3 | Arnór S. Aðalsteinss. | 7 |
| (57. Þórarinn Kr. | 4) | Gunnar Jónsson | 7 |
| Marco Kotilainen | 4 | (74. Steinþór Þorst. | -) |
| Jónas G. Sævarsson | 4 | Arnar Grétarsson | 8 |
| Baldur Sigurðsson | 6 | Nenad Petrovic | 7 |
| Símun Samuelsen | 2 | (83. Olgeir Sigurgeirs. | -) |
| Guðm. Steinarsson | 6 | Nenad Zivanovic | 7 |
| (85. Högni Helgason | -) | **Prince Rajkomar** | **8*** |
| Pétur H. Kristjánsson | 2 | Kristinn Steindórsson | 8 |
| (70. Magnús Þorst. | 4) | | |

**Maður leiksins*

## ÚRVALSDEILD

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **11** | **8** | **2** | **1** | **24-12** | **26** |
| Valur | 12 | 7 | 3 | 2 | 24-14 | 24 |
| **ÍA** | **12** | **6** | **3** | **3** | **25-18** | **21** |
| Keflavík | 12 | 5 | 3 | 4 | 19-18 | 18 |
| **Fylkir** | **12** | **5** | **3** | **4** | **12-13** | **18** |
| Breiðablik | 12 | 4 | 5 | 3 | 18-9 | 17 |
| **Víkingur** | **12** | **3** | **3** | **6** | **12-19** | **12** |
| HK | 11 | 3 | 2 | 6 | 9-22 | 11 |
| **Fram** | **12** | **2** | **2** | **8** | **13-22** | **8** |
| KR | 12 | 1 | 4 | 7 | 9-20 | 7 |

### MARKAHÆSTU LEIKMENN

| | |
|---|---|
| **Helgi Sigurðsson, Val** | **9** |
| Sinisa Kekic, Víkingi | 7 |
| **Tryggvi Guðmundsson, FH** | **6** |
| Jónas Grani Garðarsson, Fram | 6 |

Lokaleikur 12. umferðar er viðureign HK og FH en verður ekki leikinn fyrr en sunnudaginn 19. ágúst vegna þátttöku FH í forkeppni Meistaradeildar Evrópu.




## > Vanessa L. Williams

Vanessa var krýnd Ungfrú Bandaríkin árið 1983 og var þar með fyrst svartra kvenna til að hljóta titilinn. Það voru þó ekki allir á eitt sáttir við úrslitin. Vanessa fékk yfir sig morðhótanir og rasistapósta og þurfti fylgd líkamsvarða í Suðurríkjunum. Nokkrum mánuðum síðar þurfti Vanessa að láta frá sér krúnuna eftir að nektarmyndir af henni með öðrum kvenmanni voru seldar tímaritinu Penthouse. Vanessa leikur í Johnson Family Vacation á Stöð 2 kl. 21.15.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON SÁ HINA DAUÐU VAKNA

# Breskt eins og það gerist best

Gömul og gleymd sakamál virðast vera farin að ryðja sér til rúms í sjónvarpi. Reyndar virðist óvenjuleg nálgun á glæpum í dag vera að ná yfirhendinni og margir kjósa frekar að sjá leigubílstjóra, miðil eða stærðfræðing leysa gátuna í staðinn fyrir uppstrílaða rannsóknarlögreglumenn eða meinafræðinga. Hin gleymdu sakamál bjóða þó upp á einn kost sem nýlega skeðir glæpir hafa ekki. Þar hafa fórnarlömb og gerendur þurft að lifa með atburðunum og neyðst til að takast á við afleiðingar þeirra með sínu nefi.
Bandaríski þátturinn Cold Case hefur að undanförnu notið töluverðra vinsælda hjá áhorfendum Stöðvar 2 en nú hefur Lily Rush verið ýtt til hliðar af breska starfsbróður sínum, Peter Boyd, í Waking the Dead. Þrátt fyrir að síðastnefndu þættirnir séu tiltölulega nýlega komnir á dagskrá Ríkissjónvarpsins þá hafa þeir verið í gangi í Bretlandi síðan árið 2000 og hefur bandaríska útgáfan augljóslega horft til tjallans þegar farið var af stað með framleiðslu hans.



**WAKING THE DEAD** Peter Boyd og félagar sanna enn og aftur yfirburði breskra spennuþátta yfir amerískum skyndibita.

Þættirnir eru settir upp í tvo hluta og þurfa áhorfendur því að fylgjast vel með. Framvindan er flókin og alls ekki fyrirsjáanleg, ólíkt því sem gerist í hinu matreidda sjónvarpssamfélagi í Ameríku þar sem sökudólgurinn er álíka jafn augljós og mávur á öskuhaug. Boyd er gamalt hörkutól sem gefur ekki tommu eftir, er hvorki viðkunnanlegur né skemmtilegur en leysir málin sín af mikilli fagmennsku. Taylor fengi í það minnsta ekki yfirmannsstöðu í Waking the Dead enda væri Boyd búinn að éta hana í morgunmat.

Waking the Dead sannar enn og aftur yfirburði Breta í að búa til hágæða spennu í sjónvarpi og nú væri það óskandi að íslenskar sjónvarpsstöðvar sæju sóma sinn í því að færa íslenskum sjónvarpsáhorfendum meira af breskum gæðamat og létu af dálæti sínu á amerískum skyndibita.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.40** Langhlaupið SJÓNVARPIÐ



▶ **20.30** So You Think You Can Dance STÖÐ 2



▶ **20.00** Walk the Line STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.45** Hustle SIRKUS



▶ **21.00** The Biggest Loser SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.20 14-2** e.
**16.45 HM íslenska hestsins** (3:4) e.
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Músahús Mikka** (18:28)
**18.23 En hvað það var skrítið** (1:4)
**18.30 Ungar ofurhetjur** (13:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Polly** Bandarísk söngvamynd frá 1989 byggð á sögunni um Pollýönnu. Sagan gerist um 1950 og segir frá munaðarlausri stúlku sem reynir að beita glaðlyndi sínu til að sameina íbúa í litlum Suðurríkjabæ. Leikstjóri er Debbie Allen og meðal leikenda eru Keshia Knight Pulliam, Phylicia Rashad, Dorian Harewood og Barbara Montgomery.
▶**21.40 Langhlaupið** (The Long Run) Bandarísk bíómynd frá 2001. Misheppnaður frjálsíþróttaþjálfari finnur loksins hlaupara sem hann telur sig geta gert að meistara. Leikstjóri er Jean Stewart og meðal leikenda eru Armin Mueller-Stahl, Nthati Moshesh.
**23.30 Stríðslistin** (The Art of War) Bandarísk spennumynd frá 2000. Liðsmaður í sérsveit Sameinuðu þjóðanna er sakaður um að hafa myrt kínverskan sendiherra. Hann reynir að fá botn í málið en er með Alríkislögregluna og kínversku mafíuna á hælunum. Leikstjóri er Christian Duguay og meðal leikenda eru Wesley Snipes, Donald Sutherland, Maury Chaykin og Anne Archer. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. e
**01.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Walk the Line**
**08.15 2001. A Space Travesty**
**10.00 Peter Pan**
**12.00 Bride & Prejudice**
**14.00 2001. A Space Travesty**
**16.00 Peter Pan**
**18.00 Bride & Prejudice**
▶**20.00 Walk the Line** Óskarsverðlaunamynd með þeim Joaquin Phoenix og Reese Witherspoon í aðalhlutverkum.
**22.15 Crime and Punishment in Suburb**
**00.00 Kill Bill**
**02.00 Trauma**
**04.00 Crime and Punishment in Subur**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**
**07.25 Litlu Tommi og Jenni**
**07.45 Krakkarnir í næsta húsi**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi 2005**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Forboðin fegurð** (109.114)
**10.15 Homefront**
**11.00 Whose Line Is it Anyway?**
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Forboðin fegurð** (49.114)
**13.55 Forboðin fegurð** (50.114)
**14.45 Lífsaugað** (e)
**15.20 Blue Collar**
**15.50 Kringlukast**
**16.13 Cubix**
**16.38 Justice League Unlimited**
**17.03 Barney**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð**
**19.40 Friends**
**20.05 Friends** (3.24)
▶**20.30 So You Think You Can Dance** (15.23) 2007.
**21.15 Johnson Family Vacation** Sprenghlægileg gamanmynd með grínaranum Cedric the Entertainer og fegurðardísinni Vanessu Williams í aðalhlutverkum. Johnson-fjölskyldan er á leið í fríið og í stað þess að fljúga ákveður fjölskyldufaðirinn að kaupa húsbíl og keyra á staðinn. 2004.
**22.55 The Punisher** Mögnuð ofurhetjumynd sem byggð er á samnefndri myndasögu sem notið hefur mikilla vinsælda undanfarin ár. Thomas Jane leikur Frank Castle, mann sem leitar blóðugra hefnda eftir að kona hans og börn eru myrt með hrottafengnum hætti. 2004. Stranglega bönnuð börnum.
**00.55 I Capture the Castle**
**02.45 The Big Bounce**
**04.10 Blue Collar**
**04.35 So You Think You Can Dance** (15.23)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Landsbankamörkin 2007**
**07.30 Landsbankamörkin 2007**
**08.00 Landsbankamörkin 2007**
**08.30 Landsbankamörkin 2007**
**09.00 Landsbankamörkin 2007**
**15.45 US PGA Championship 2007** Útsending frá fyrsta degi á fjórða og síðasta risamótinu í golfi á þessu ári. PGA meistaramótið fer nú fram í 89. skiptið og er haldið í Oklahoma.
**17.15 Landsbankadeildin 2007** (Fram - ÍA)
**19.05 Landsbankamörkin 2007** Þáttur um Landsbankadeildina þar sem sýnd eru helstu tilþrifin í síðustu leikjum í deildinni.
**19.35 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**20.00 US PGA Championship 2007** Bein útsending frá öðrum degi á PGA meistaramótinu í golfi sem fram fer í Tulsa í Oklahoma fylki. Eftir daginn verður keppendafjöldi skorinn niður og því eru taugarnar þandar hjá þeim sem berjast um að fá að halda áfram.
**00.00 Heimsmótaröðin í Póker 2006**
**00.50 Heimsmótaröðin í Póker 2006**

## SÝN2

**20.20 League Cup 2007-2008** (Preview Show) Upphitunarþáttur fyrir Coca Cola deildina.
**20.50 Premier League World** (Premier League World 2007/08) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**21.20 Premier League Preview** (Premier League Preview 2007/08) Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.
**21.50 PL Classic Matches** (Crystal Palace - Blackburn) Svipmyndir frá leik Crystal Palace og Blacburn leiktíðina 1992-1993.
**22.20 PL Classic Matches** (Man. Utd. - Sheffield Wednesday) Svipmyndir frá leik Manchester United og Sheffield Wednesday leiktíðina 1992-1993.
**22.50 Season Highlights** (Season Highlights 1996/1997) Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

## SKJÁREINN

**07.35 Everybody Loves Raymond** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.15 Vörutorg**
**17.15 Greatest Dishes in the World** (e)
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 All of Us** (20.22)
**20.00 Charmed** (5.22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kyngimagnaðar örlaganornir. Paige beitir göldrum til þess að stöðva hálfmennskan djöful.
▶**21.00 The Biggest Loser** (3.12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna. Í þessum þætti mæta tvö trúlofuð pör til leiks og keppa um hvort þeirra nær að losa sig við fleiri kíló fyrir brúðkaupin.
**22.00 Law & Order. Criminal Intent** (3.22) Bandarískir þættir um störf stórmálasveitar New York borgar og leit hennar að glæpamönnum. Fangavörður finnst illa leikinn eftir að hafa reynt að borga lausnargjald fyrir eiginkonu sína sem hvarf fyrir tíu árum.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Backpackers** (6.26) Áströlsk þáttaröð þar sem áhorfendur slást í för með þremur vinum sem halda í mikla ævintýraför um heiminn. Félagarnir segja skilið við hversdagsleikann í eitt ár og koma við í 22 löndum á ferðalagi sínu.
**23.45 Law & Order. SVU** (e)
**00.35 World's Most Amazing Videos** (e)
**01.25 3 Lbs** (e)
**02.15 High School Reunion** (e)
**03.05 Tvöfaldur Jay Leno** (e)
**04.45 Vörutorg**
**05.45 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.15**
**Johnsons Family Vacation**



Sprenghlægileg gamanmynd með grínaranum Cedric the Entertainer og fegurðardísinni Vanessu Williams í aðalhlutverkum. Johnson-fjölskyldan er á leið í fríið og í stað þess að fljúga ákveður fjölskyldufaðirinn að kaupa húsbíl og keyra á staðinn. Ferðin byrjar vel en fljótlega fer að síga á ógæfuhliðina.

**▶ Við mælum með**
**STRÍÐSLISTIN**
**Sjónvarpið kl. 23.30**

Bandarísk spennumynd frá árinu 2000. Liðsmaður í sérsveit Sameinuðu þjóðanna er sakaður um að hafa myrt kínverskan sendiherra. Hann reynir að fá botn í málið en er með alríkislögregluna og kínversku mafíuna á hælunum. Meðal leikenda eru Wesley Snipes, Donald Sutherland, Maury Chaykin og Anne Archer.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Minningar um merkisfólk
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Sakamálaleikritið: Mótleikur
**13.15** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Hótel Kalifornía
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Flakk
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Tímakornið
**19.40** Pollapönk
**20.10** Litir í tónum og orðum: rauður
**21.00** Kampavín og kaloríur
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Brot af eilífðinni
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The War at Home** (15.22) Gamanþættirnir The War At Home hafa slegið í gegn.
**20.10 Entertainment Tonight**
**20.40 Ren & Stimpy** Ren er taugatrekktur smáhundur (chiuahua) og Stimpy er feitlaginn og vitgrannur köttur.
**21.10 Jake 2.0** (4.16) Jake Foley er bara venjulegur maður þar til dag einn þegar hann lendir í furðulegu slysi sem gefur honum óvenjulega krafta. Er hann nú sterkari og sneggri en nokkur annar og ákveður leyniþjónusta Bandaríkjanna að nýta sér krafta hans.
**22.00 Bones** (12.21) Spennandi, bandarísk þáttaröð um réttarmannfræðing sem leysir gömul sakamál með því að rannsaka bein löngu látinna fórnarlamba. Bönnuð börnum.
▶**22.45 Hustle** (3.6) Svikahrapparnir í Hustle snúa aftur.
**23.40 The War at Home** (15.22) (e)
**00.10 Entertainment Tonight** (e)
**00.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**6.15** The Roly Mo Show **6.30** William's Wish Wellingtons **6.35** Teletubbies **7.00** House Invaders **7.30** Staying Put **8.00** Staying Put **8.30** A Place in France **9.00** Garden Challenge **9.30** Animals - The Inside Story **10.30** One Foot in the Grave **11.00** As Time Goes By **11.30** My Family **12.00** Hetty Wainthropp Investigates **13.00** Waking the Dead **14.00** House Invaders **14.30** Bargain Hunt **15.15** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** Lenny's Big Atlantic Adventure **18.00** Waking the Dead **19.00** New Tricks **20.00** The Rotters' Club **21.00** Waking the Dead **22.00** One Foot in the Grave **22.30** New Tricks **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** Mastermind **1.00** Waking the Dead **2.00** Hetty Wainthropp Investigates

## DR 1

**6.00** SommerSummarum **7.35** Yu-Gi-Oh! **7.55** Børn på skinner **8.25** Hyrdedrengen Tumar **8.40** Shin Chan **8.50** En plettet sprinter **9.20** Vagn på floden **10.00** TV Avisen **10.10** De moderne familier **10.35** Finurlige løg i Frilandshaven **11.05** Cantores minores **11.35** Sommertid **12.05** Dawsons Creek **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.05** Pigebandet Frank **13.30** SommerSummarum **15.05** Dragejægerne **15.30** Fredagsbio **15.40** Pinky Dinky Doo **16.00** Når giganterne strides **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** aHA **18.40** Dirchs loppecirkus **19.00** TV Avisen **19.30** Bankekød til slemme drenge **21.20** Født den 4. Juli

## NRK 1

**6.00** Teddy og Annie **6.15** Ugler i mosen **6.40** Noahs dyrebare øy **7.05** Gjengen på taket **7.25** Moro med dyr **7.35** I hodet på Alva Burman **7.45** Grusomme grøss **8.00** Laura **8.25** Med hjartet på rette staden **9.10** Jukeboks: Country **10.00** Jukeboks: Ut i naturen **11.00** Jukeboks: Jazz **12.00** Jukeboks: Du skal høre mye **13.00** Verdensserien i sandvolleyball **15.50** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Konstanse **16.05** Pippi Langstrømpe **16.30** Sauen Shaun **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **18.00** Karibia - et vilt paradis **18.50** 20 spørsmål **19.15** Inspektør Lynley **20.45** NM friidrett **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hotell Babylon **22.05** Komiprisen - årets morsomste **22.10** Golf: Scandinavian TPC **22.40** Chris Rea - The Road to Hell and Back

## SVT 1

**7.15** Hej hej sommar **7.16** Fåret Shaun **7.25** Hej hej sommar **7.40** Unge greve Dracula **10.00** Rapport **10.05** Planeten - version 2007 **11.05** Annes trädgård **13.05** Porträtt av revyartisten Mats Ljung **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Sorgens ansikten **15.30** Sommartorpet **16.00** Bella och Theo **16.30** Hej hej sommar **16.31** Fåret Shaun **16.40** Hej hej sommar **16.55** Unge greve Dracula **17.30** Rapport **18.00** Tre kärlekar **18.55** Radiohjälpen: Världens barn - handel med barn Moldavien **19.00** Torpedo **20.30** Friidrott: SM utomhus, Eskilstuna 2007 **20.45** Rapport **20.55** John Legend på Royal Albert Hall **22.30** Full Frontal **0.10** Sändningar från SVT24



*Kveðja,*
Bjarni Gunnar Kristinsson

*Veislan er hafin að nýju*
*Grillið opnar eftir sumarfrí*

PIPAR • SÍA • 71472



*Bjarni Gunnar yfirkokkur hlakkar til að taka á móti þér og sýna þér nýjan og spennandi matseðil.*

Hringdu í síma 525 9960 og pantaðu borð.

*Grillið*

Grillið / Radisson SAS Hótel Saga / sími: 525 9960 / **www.grillid.is**

## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Það er voðalega „out“ að þekkja ekki landið, maður verður að hafa komið á alla staði á landinu.“*

Heiðar Jónsson snyrtir í Pressunni 1992.

„Fólk á mínum aldri á að geta sagst hafa séð landið, frekar en að monta sig af brúnku frá Spáni. Svo er ég viss um að margir virkjanamótmælendur hafa ekki séð helminginn af landinu en eru samt að dingla sér með mótmælaskilti úti um allt,“ segir Heiðar nú.



**LÁRÉTT 2.** sót **6.** borðaði **8.** of lítið **9.** fugl **11.** átt **12.** nasl **14.** húrra **16.** skóli **17.** tilvist **18.** fugl **20.** sjó **21.** tangi.

**LÓÐRÉTT 1.** elds **3.** átt **4.** glettnislegur **5.** líða vel **7.** segulband **10.** sjór **13.** frostskemmd **15.** ómögulegur **16.** skammst. **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ösku, **6.** át, **8.** van, **9.** lóm, **11.** na, **12.** snakk, **14.** bravó, **16.** ma, **17.** líf, **18.** önd, **20.** sæ, **21.** oddi.

**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** sv, **4.** kankvís, **5.** una, **7.** tónband, **10.** mar, **13.** kal, **15.** ófær, **16.** möo, **19.** dd.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Á Dalvík
2. 200 skífur
3. Fimm leikmenn

Auglýsingasími 512 50 50 - Mest lesið

# Ómar Ragnarsson aftur í Gay Pride

„Ég verð þarna, fremstur í göngunni,“ segir sjónvarpsmaðurinn og stjórnmálamaðurinn Ómar Ragnarsson en hann hyggst aftur taka þátt í Gleðigöngunni á laugardaginn. Að þessu sinni er tvöföld ástæða fyrir veru Ómars og gula bílsins Mikla athygli vakti þegar Ómar mætti í gönguna í fyrra á litla Fíatnum sínum með dragdrottningu upp úr bílnum og segir Ómar að ekki hafi neitt annað komið til greina en að taka þátt aftur í ár. „Ég er reyndar með fína hálsfesti utan um baksýnisgluggann sem dragdrottningin í fyrra skildi eftir en ég veit ekki hver verður með mér í bílnum núna,“ segir Ómar sem var þá nýbúinn að tala við göngustjórann og fá nánari upplýsingar um hlutverk sitt.

Ómar segir ofureinfalda ástæðu fyrir því af hverju hann sýni stuðning sinn í verki við réttindabaráttu samkynhneigðra. „Þegar ég var að alast upp var einn strákur sem var farinn að leika sér með dúkkur í götunni okkar. Sá maður hefur lifað við stanslausar kvalir síðan þá og hann einn nægir mér þótt ég viti um allar hinar þúsundirnar sem líður á sama hátt,“ útskýrir Ómar.

Og sjónvarpsmaðurinn mun mæta tímanlega að þessu sinni en töluverður asi var á honum í fyrra. „Þá var Fíatinn læstur inni í umboði og frídagur þannig að þetta var knappur tími. Nú bíður hann bara úti á plani eftir laugardeginum.“



**ÓMAR OG DRAGDROTTNINGIN** Sjónvarps- og stjórnmálamaðurinn Ómar Ragnarsson verður á sínum stað í Gay Pride-göngunni á laugardaginn.

OTTÓ GEIR BORG: GAURAGANGUR Á HVÍTA TJALDIÐ

# Mynd fyrir týndu kynslóðina í íslenskri bíómenningu

„Bæði bókin og leikverkið eru algjör snilld,“ segir handritshöfundurinn Ottó Geir Borg sem í félagi við leikstjórann Gunnar Björn Guðmundsson hefur fengið styrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands til að gera kvikmyndahandrit eftir unglingabók Ólafs Hauks Símonarsonar, Gauragangi. Þeir félagar eru því orðnir ansi stórtækir í íslenskri kvikmyndagerð enda verður kvikmyndin Astrópía í leikstjórn Gunnars Björns, sem gerð er eftir handriti þeirra, frumsýnd um miðjan þennan mánuð en hún skartar Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur í aðalhlutverki.

Myndin verður væntanlega unnin undir merkjum kvikmyndafyrirtækisins ZikZak en ekki hefur verið ákveðið hvenær verður ráðist í gerð hennar. Á borðinu liggja fyrir tvö drög að handriti og ætla þeir Gunnar og Ottó að sækja um styrk fyrir þriðju útgáfunni. Að sögn Ottós eru þeir báðir miklir aðdáendur Gauragangs og þá ekki síst leikritsins sem sýnt var á fjölum Þjóðleikhússins, en þar fór Ingvar E. Sigurðsson á kostum í hlutverki Orms Óðinssonar undir tónlist Ný danskrar. Ólíklegt verður þó að teljast að Ingvar endurtaki leikinn í kvikmyndagerðinni.

Aðspurður segir Ottó að Gunnar Björn hafi gengið með þessa hugmynd í maganum í þó nokkur ár. „Það hefur verið draumur hjá honum að leikstýra mynd eftir þessari bók.“

Þeir félagar voru varla búnir að segja skilið við Astrópíu en farið var að ræða um næsta verkefni. „Við vildum gera kvikmynd handa týndu kynslóðinni í íslenskri bíómenningu, unglingunum. Og Gauragangur var því eiginlega rökrétt framhald af þeirri ákvörðun,“ segir Ottó en þeir hafa ráðfært sig við Ólaf Hauk vegna handritsgerðarinnar. „Hann er mjög spenntur fyrir þessu og hafði á sínum tíma gert smá tilraun til að skrifa kvikmyndahandrit eftir bókinni,“ segir Ottó en tekur fram að þeir muni ekki nýta sér það við gerð handritsins. „Nei, við vildum fá ferska nálgun á viðfangsefnið.“

Gauragangur er annað verkefni Ottós á örskömmum tíma en hann gaf lítið fyrir þá fullyrðingu að vera næsta vonarstirnið í íslenskri kvikmyndagerð. „Nei, langt því frá. Ég nýt þess bara að vinna með fólki og lít bara á mig sem einn af iðnaðarmönnunum í þessu fagi.“

freyrgigja@frettabladid.is



**OTTÓ GEIR BORG** Skrifaði handritið að Astrópíu og undirbýr nú gerð handrits eftir unglingabók Ólafs Hauks, Gauragangi. Ottó vinnur með leikstjóranum Gunnari Birni Guðmundssyni að handritinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ÓLAFUR HAUKUR** Hafði sjálfur gert smá tilraun til að gera kvikmyndahandrit eftir bókinni og er spenntur fyrir hugmyndum Gunnars og Ottós.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Mikið var um dýrðir í Loftkastalanum í fyrrakvöld þegar helstu dragdrottningar og -kóngar landsins komu saman og kepptu í draggkeppni Íslands sem haldin var í tíunda sinn. Talið er að hátt í 500 manns hafi komið til að horfa á herlegheitin og mátti sjá nokkur kunnugleg andlit úti í sal, svo sem söngkonurnar **Svölu Björgvinsdóttur** og **Lay Low.** Miðað við brosið á þeim stöllum má leiða líkur að því að þær hafi skemmt sér konunglega yfir skeggjuðu stúlkunum og glimmerhúðuðu piltunum.



Fjórir stuttir myndbútar úr þáttaröðinni **Næturvaktin,** sem sýnd verður á Stöð 2, hafa lekið út á netið og er hægt að berja þá augum á YouTube. Óhætt er að fullyrða að myndskeiðin lofi góðu fyrir það sem koma skal og ekki ber á öðru en að **Pétur Jóhann Sigfússon** og **Jón Gnarr** nái vel saman í aðalhlutverkunum. Í einu atriðinu má sjá þann síðarnefnda úthýsa ónefndum innflytjanda með svipuðum hætti og hann gerði í eftirminnilegu áramótaskaupinu á sínum tíma, við litla hrifningu sumra. Allt er þetta þó í gríni gert og svo virðist sem innanbúðarmenn á Stöð 2 hafi tröllatrú á slíkum húmor, enda er önnur þáttaröð af Næturvaktinni sögð í burðarliðnum. - vig



HVAÐ ER SÍMINN?

# Leikstjóri Star Trek til Íslands

Miklar líkur eru á því að næsta Star Trek-mynd verði tekin hér á landi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins berjast Saga Film og Pegasus enn um að fá umsjón með tökunum hér á landi. Fyrirtækin hafa nú fengið send drög að kostnaðaráætlun og hefur verið gefinn frestur til koma með athugasemdir við hana. Heimildir Fréttablaðsins herma að báðir aðilar séu mjög bjartsýnir á að samningar takist og að meiri líkur en minni séu á að myndin verði að hluta til tekin upp hér á landi. Hins vegar geti brugðið til beggja vona í þessum bransa og því halda fyrirtækin að sér höndum þar til samningar hafa verið undirritaðir.

Ef af yrði væri þetta mikill happafengur fyrir íslenska kvikmyndagerð því ef marka má fréttir á vefmiðlum þar vestra verður þessi mynd ein sú allra stærsta og dýrasta í sögu Star Trek-bálksins. Hvorki Snorri Þórisson hjá Pegasus né Jón Bjarni Guðmundsson hjá Saga Film vildu þó tjá sig um málið þegar Fréttablaðið leitaði eftir því en gríðarleg leynd hvílir yfir verkefninu.



**J.J. ABRAMS** Er væntanlegur til landsins á næstunni og ætlar að skoða aðstæður fyrir tökur á næstu Star Trek-mynd. Með honum á myndinni er leikarinn Tom Cruise.

Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum voru fulltrúar Paramount-fyrirtækisins staddir hér á landi fyrr á þessu ári til að skoða aðstæður og leist þeim vel á það sem fyrir augu bar. Upphaflega stóð til að Saga Film kæmi ein að þessu en svo bættist Pegasus í hópinn og bítast framleiðslufyrirtækin nú um stóra vinninginn.

Heimildir Fréttablaðsins herma að áætlað sé að tökur hefjist næsta vor enda komi snjór lítið við sögu úti í geimnum. Og því gæti enn liðið nokkur tími þar til að endanleg ákvörðun verður tekin. Hins vegar er von á leikstjóra myndarinnar, J.J. Abrams, hingað til lands á næstunni, en hann hefur verið kallaður næsti gullkálfur Hollywood enda höfundur sjónvarpsþáttanna Lost auk þess sem hann leikstýrði síðustu Mission: Impossible-mynd Toms Cruise.


STÓRTÓNLEIKAR
LANDSBANKANS & RÁSAR 2
MIKLATÚN
Á MENNINGARNÓTT
NÓTT I KL. 20 - 22:30
MANNAKORN
MEGAS & SENUÞJÓFARNIR
Á MÓTI SÓL
EIVÖR
SPRENGJUHÖLLIN
DAGUR I KL. 16 - 18
MÍNUS
PÉTUR BEN
AMPOP
LJÓTU HÁLFVITARNIR
VONBRIGÐI
Landsbankinn

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

DAGANA 8.–26. ÁGÚST
SPARI DAGAR
..og þú gerir frábær kaup!
ORMSSON
TÓLF VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



BAKÞANKAR

BERGSTEINS SIGURÐSSONAR

## Duglegur

Ein lífseigasta mýtan um Íslendinga (sem enginn heldur reyndar fram nema við sjálf) er sú að þeir séu allra þjóða duglegastir. Rökin eru yfirleitt á þá leið að augljóst sé að aðeins harðgert úrvalsfólk hafi getað tórt á þessu harðbýla landi öldum saman og af þeim harðjöxlum séum við komin. Strit hljómar betur en hokur og vinnuharkan hefur lengi verið tignuð sem hálfguð. Nýjasta birtingarmynd hennar eru „útrásarvíkingarnir“; sómi okkar, sverð og skjöldur á 21. öldinni. Í sumum kreðsum þykir meira að segja dæmi um eftirsóknarverða skaphöfn að vera „öflugur bloggari“. Það gæti jafnvel orðið vinsæl grafskrift þegar gæðabloggararnir fara að bera beinin.

**ÞETTA ER** sköruleg sjálfsmynd en sem betur fer ekki alls kostar sönn. Stundum er sagt að eyjarnar á Breiðafirði, hólarnir í Vatnsdal og vötnin á Arnarvatnsheiði verði ekki talin. Sem er auðvitað þvæla. Það hefur bara enginn nennt því af augljósum ástæðum.

**ÞEGAR** öllu er á botninn hvolft eru Íslendingar ekkert sérstaklega duglegir, til dæmis sýna kannanir að þótt við vinnum lengi er framlegðin lítil. Íslendingar dá hins vegar strit og hampa hinum framúrskarandi duglegu því við erum það fæst. Við dáumst að þeim eiginleikum í fari annarra sem við búum ekki yfir sjálf; flinkur gítarleikari og frábær kokkur vekur meiri hrifningu en öruggur og sparsamur bílstjóri. Þess vegna er dugnaðurinn orðinn gullfótur gildismats okkar og fagurfræði; eina ástæðan fyrir því að okkur þykir Hallgrímskirkja falleg er að við vitum að það var erfitt að byggja hana.

**EKKI** er þó svo að skilja að ég telji að letihaugar og iðjuleysingjar séu salt jarðar en leiðinlegasta manngerð sem fyrirfinnst er þó tvímælalaust dugnaðarforkurinn. Hver hefur ekki búið (eða heyrt af einhverjum sem býr) í sambýli við nágranna sem þarf alltaf að vera að dytta að einhverju – vinnualka sem notar allar sínar frístundir til að stússast í garðinum, dytta að þakinu, niðurfallinu, múrhúðinni, grindverkinu eða innkeyrslunni? Manneskju sem horfir á mann ásakandi augum þegar hún sér að okkar hluti garðsins hefur ekki verið sleginn í tæpan mánuð og fer í fýlu ef við viljum nota sumarfríið til að fara til útlanda frekar en að mála húsið að utan? Einu skiptin sem maður fær hvíld frá möglinu er þegar forkurinn fer í Grímsnes að lakka sumarbústaðinn.

**REYNI** nágranninn að hneppa mann í þrældóm í garðinum á laugardegi er farsælt að leita í brunn klassískú spekinganna. Hómer heitir einn mesti hugsuður fyrr og síðar (Simpson það er að segja) og hafði svör á reiðum höndum þegar átti að skikka hann til að reyta arfa: „En enginn myndi reyta hann ef hann héti álfagras.“

